

Þjállireglur
í þágu atvinnulífs og almennings
Áfangaskýrsla um verkefnið Einfaldara Ísland

Afhent forsætisráðherra
október 2008

Hinn 17. október 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun um Einfeldara Ísland sem nær yfir þriggja ára tímabil. Samráðshópur um Einfeldara Ísland hefur skilað forsætisráðherra áfangaskýrslu um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	5
2. Verkefnið í hnotskurn	5
3. Nánar um framkvæmd aðgerðaáætlunar	6
3.1. Gátlisti með stjórnarfrumvörpum	6
3.2. Ítarlegri upplýsingar um áformuð þingmál	6
3.3. Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa	7
3.4. Leiðbeiningar um útgáfu reglugerða	7
3.5. Einföldunaráætlanir	7
4. Einstaka lönd og alþjóðastofnanir	10
4.1. Bretland	10
4.2. Danmörk	12
4.3. Þýskaland	13
4.4. ESB	14
4.5. OECD	16
5. Ýmsar ábendingar um framhaldið	16
5.1. Mat á áhrifum	16
5.2. Mat á kostnaði	18
5.3. Ýmis önnur verkefni	18
6. Áherslur á síðari hluta tímabils aðgerðaáætlunar	19
Viðauki I. Aðgerðaáætlun 2006-2009	21
Viðauki II. Leiðbeiningar til stjórnvalda um einföldun opinbers regluverks og stjórnsýslu	23
Viðauki III. Einföldunaráætlanir ráðuneytanna 2007-2009	27
Forsætisráðuneytið	27
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	30
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	33
Fjármálaráðuneytið	36
Heilbrigðisráðuneytið	40
Iðnaðarráðuneytið	43
Sjávarútvegsráðuneytið (nú sameinað landbúnaðarráðuneyti)	59
Landbúnaðarráðuneytið (nú sameinað sjávarútvegsráðuneyti)	61
Menntamálaráðuneytið	80
Umhverfissráðuneytið	84
Utanríkisráðuneytið	86
Viðskiptaráðuneytið	90
Samgönguráðuneytið	123

Viðauki IV. Framkvæmd áætlana	135
Forsætisráðuneytið	135
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	137
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	138
Fjármálaráðuneytið	140
Heilbrigðisráðuneytið	142
Iðnaðarráðuneytið	143
Sjávarútvegsráðuneytið (nú sameinað landbúnaðarráðuneyti)	147
Landbúnaðarráðuneytið (nú sameinað sjávarútvegsráðuneyti)	148
Menntamálaráðuneytið	151
Umhverfissráðuneytið	153
Utanríkisráðuneytið	154
Viðskiptaráðuneytið	156
Samgönguráðuneytið	160

1. Inngangur

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 17. október 2006 aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland (sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/einfaldaraisland/adgerdaaaetlun-.pdf> og viðauka við skýrsluna). Í kjölfarið var skipaður samráðshópur ráðuneyta, skrifstofu Alþingis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins sem er forsætisráðherra til aðstoðar við að framfylgja áætluninni. Í samráðshópnum eiga nú sæti: Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneytinu, formaður, Ingvar Þór Sigurðsson, forstöðumaður þingfundaskrifstofu Alþingis, Ragna Árnadóttir, settur ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytinu, Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur iðnaðarráðuneytinu, Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytinu, Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur fjármálaráðuneytinu, Hólmfríður Grímsdóttir, lögfræðingur heilbrigðisráðuneytinu, Sigríður Auður Arnadóttir, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytinu, Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Arnór Snæbjörnsson, lögfræðingur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Hreinn Pálsson, stjórn málafræðingur utanríkisráðuneytinu, Unnur Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri samgönguráðuneytinu, Magnús M. Norðdahl, deildarstjóri Alþýðusambandi Íslands, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Aðgerðaáætluninni hefur verið markaður tímarammi frá 2006-2009 og er samráðshópnum ætlað að starfa á því tímabili. Samráðshópurinn hefur haldið sex fullskipaða fundi til þessa en þar að auki störfuðu tímabundið fjórir vinnuhópar er fjölluðu um afmarkaða þætti verkefnisins.

Hér á eftir verður gefið yfirlit yfir stöðu verkefnisins og settar fram ábendingar um framhaldið. Farið verður yfir stöðuna á erlendri grund, m.a. í Bretlandi, Danmörku, hjá Evrópusambandinu og OECD. Að síðustu má finna yfirlit yfir einföldunaráætlanir ráðuneytanna.

2. Verkefnið í hnotskurn

Aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland er ætlað að að stuðla með markvissum hætti að einföldu og skilvirku opinberu regluverki. Er meginmarkmið áætlunarinnar að létta svokallaða reglubyrði almennings og atvinnulífs, m.a. með því að fækka reglum og gera þær markvissari, gera framkvæmd reglna sem minnst íþyngjandi, samnýta upplýsingar í fórum hins opinbera auk þess að samþætta opinbera þjónustu og eftirlit. Þá er mikilvægt að opinberir aðilar veiti sem gleggstar upplýsingar um gildandi reglur. Er með þessum hætti kappkostað að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka lífsgæði almennings.

Til þess að markmiðunum sé náð þarf annars vegar að beina sjónum að *lagasetningu* og undirbúningi hennar. Sérstök áhersla er lögð á að aukið samráð verði við hagsmunaaðila áður en lög og reglur eru settar auk þess sem lagt er til að í auknum mæli verði metin fyrirfram möguleg áhrif lagafrumvarpa og annarra tillagna á atvinnulífið, sveitarfélögin, stjórnsýsluna og borgarana. Hingað til hefur aðaláherslan verið á að meta kostnað ríkissjóðs af samþykkt frumvarpa en mikilvægt er að einnig verði litið til annarra þátta í þessu samhengi, s.s. að fram fari mat á fyrirsjáanlegum kostnaði fyrirtækja og alls almennings.

Hins vegar þurfa ráðuneytin að fara *skipulega yfir gildandi lög og stjórnsýslu* með það fyrir augum að fella óþarfa reglur úr gildi, sníða þær betur að markmiðum sínum eða nota kosti rafrænnar stjórnsýslu til þess að auðvelda samskipti við fyrirtæki og borgara. Er með þessu móti stefnt að einfaldara regluverki þar sem reynt er að stemma stigu við flóknum reglum, löngum afgreiðslutíma og öðrum hindrunum fyrir borgara í samskiptum við stjórnvöld.

Meginábyrgð á því að aðgerðaáætluninni sé fylgt eftir hvílir á hverju ráðuneyti. Forsætisráðherra hefur þar samræmingarhlutverki að gegna og nýtur við það aðstoðar sérstaks samráðshóps um Einfaldara Ísland. Þá tengist verkefnið náið störfum ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999, og upplýsinga- og þjónustugáttinni Ísland.is.

3. Nánar um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar

Verkefnið Einfaldara Ísland felur það m.a. í sér að sjónum verði beint að lagasetningu og undirbúningi lagafrumvarpa. Mikilvægt er að vanda vinnubrögð innan ráðuneytanna þegar kemur að undirbúningi stjórnarfrumvarpa.

3.1. Gátlisti með stjórnarfrumvörpum

Í samræmi við lið 1.1. í aðgerðaáætluninni var 1. janúar 2007 tekinn í notkun gátlisti sem fylgja á stjórnarfrumvörpum þar sem minnt er á tiltekin lyklatríði sem hafa þarf í huga við undirbúning þeirra. Má þar nefna athugun á því hvort samráð við hagsmunaaðila hafi átt sér stað við undirbúning stjórnarfrumvarps og hvort fram hafi farið mat á mögulegum áhrifum frumvarps á tiltekna þætti. Í ljósi reynslunnar á fyrri hluta árs 2007 var gefinn út endurskoðaður gátlisti 2. nóvember 2007 (sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/einfaldaraisland/gatlisti.doc>).

Enn vantar nokkuð upp á að gátlistinn fylgi öllum frumvörpum þegar þau eru lögð fram í ríkisstjórn. Sum ráðuneyti hafa þó fellt notkun hans inn í verklag sitt með traustum hætti. Til dæmis hefur fjármálaráðuneytið búið svo um hnúta að ríkt er gengið eftir því innanhúss, áður en frumvörp eru lögð fram í ríkisstjórn af hálfu þess, að gátlistinn sé fylltur út.

Þegar upplýsingar í framlögðum gátlistum eru skoðaðar kemur fram að á tímabilinu 25. maí 2007 – 27. maí 2008 hefur í 82 tilvikum af 139 verið haft samráð við aðila utan ráðuneytanna við gerð frumvarpa og í 15 tilfellum hefur farið fram mat á áhrifum á samþykkt frumvarps á aðra þætti en kostnað ríkissjóðs. Í 4 tilfellum var lagt mat á viðkomandi frumvarp á grundvelli laga um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999. Er mikilvægt að herða á þessum atriðum og láta fara fram mat og samráð í samræmi við leiðbeiningar í Handbókinni um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, sem gefin var út haustið 2007.

3.2. Ítarlegri upplýsingar um áformuð þingmál

Í samræmi við lið 1.2. í áætluninni var þingmálaskráin sem fylgdi stefnuræðu forsætisráðherra ítarlegri haustin 2006, 2007 og 2008 heldur en verið hefur. Markmiðið er að gefa þingmönnum sem gleggstar upplýsingar um væntanleg þingmál. Almennt tóku ráðuneytin vel í að gefa með þessum hætti ítarlegri upplýsingar um áformuð þingmál heldur en hingað til. Að mati

samráðshópsins mætti nýta þingmálaskrána enn betur sem nokkurs konar verkáætlun ríkisstjórnarinnar. Áformað er að forsætisráðuneytið taki reglulega saman upplýsingar um hversu áreiðanleg þingmálaskráin hefur reynst.

3.3. Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa

Í samræmi við lið 1.3. í áætluninni beitti samráðshópurinn sér fyrir útgáfu leiðbeininga um samningu stjórnarfrumvarpa. Forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið auk skrifstofu Alþingis unnu saman að þessu verkefni og varð úr að gefin yrði út handbók sem fjallaði um frumvarpasmíð almennt. Kom handbókin út í nóvember 2007 og er hún m.a. aðengileg á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Í handbókinni má finna helstu viðmið sem hafa ber í huga við undirbúning lagasetningar og samningu og frágang frumvarpa. Einnig hefur handbókin að geyma leiðbeiningar við mat á áhrifum nýrra reglna. Lögð er áhersla á að ekki sé einvörðungu metinn kostnaður ríkissjóðs af frumvörpum sem lögð eru fram, heldur einnig kostnaður annarra sem frumvarp snertir. Þá eru gefnar leiðbeiningar um málfarsnotkun, framsetningu og stíl. Handbókinni er fyrst og fremst ætlað að tryggja að þau frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi séu vel undirbúin þannig að stuðlað sé að vandaðri löggjöf. Til þess að fylgja handbókinni úr hlaði var haldið námskeið í öllum ráðuneytum um notkun handbókarinnar í ársbyrjun 2008.

Stefnt er að því á næstunni að gera úttekt á notkun handbókarinnar. Kemur þar til greina að fá aðila í háskólum landsins til þess að meta hversu vel handbókin er nýtt til leiðbeiningar við frumvarpgerð. Yrði sjónum aðallega beint að undirbúningi frumvarpa, s.s. hvort fram hafi farið mat á áhrifum fyrir hagsmunaaðila og almenning, auk þess sem athugað yrði hvort fram fari samráð við undirbúning að gerð frumvarpa. Úttekt á notkun handbókarinnar myndi gera kleift að meta hversu mikil áhrif hún hefur haft og hjálpa til við að greina hvar megi bæta vinnubrögðin enn frekar. Þá væri markmið hennar enn fremur að draga fram dæmi um vönduð vinnubrögð sem nýta mætti við endurskoðun handbókarinnar.

Því hefur einnig verið hreyft að nauðsynlegt sé að halda regluleg námskeið um handbókina og notkun hennar. Í ljósi tíðra breytinga á starfsmannahaldi innan ráðuneytanna er brýnt að kynna markmiðin með handbókinni reglulega og stuðla þannig að auknu aðhaldi innan hvers ráðuneytis fyrir sig. Slíkt námskeið var haldið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands þann 17. september 2008 og voru þátttakendur 21 úr ráðuneytum og ríkisstofnunum.

3.4. Leiðbeiningar um útgáfu reglugerða

Í samræmi við lið 1.4. í áætluninni hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið unnið að leiðbeiningum um útgáfu reglugerða. Er æskilegt að stuðlað sé að vandaðri reglusetningu þegar settar eru reglugerðir rétt eins og lög frá Alþingi. Drög að leiðbeiningunum hafa verið til skoðunar á vettvangi ráðuneytanna og er áformað að gefa þær út á næstu vikum.

3.5. Einföldunaráætlanir

Hvert ráðuneyti hefur í samræmi við lið 3.1. í aðgerðaáætluninni gert einföldunaráætlun fyrir sitt leyti. Að tillögu samráðshópsins hafa verið gefnar út leiðbeiningar um slíkar áætlanir (sjá viðauka II og heimasíðu forsætisráðuneytis). Þessar áætlanir er að finna í viðauka við skýrsluna ásamt yfirliti yfir stöðu mála ári eftir að þær voru gefnar út.

Þegar má sjá góðan árangur af því einföldunarstarfi sem unnið hefur verið undanfarin misseri. Hvert ráðuneyti hefur í samræmi við einföldunaráætlun sína innleitt breytingar á lagaumhverfinu eða stofnanakerfinu, almenningi, atvinnulífinu og stjórnsýslunni til hagsbóta. Allar eiga breytingarnar það sammerkt að koma á raunverulegum umbótum í stjórnsýslunni og stuðla að einfaldara og skilvirkara opinberu regluverki.

Meðfylgjandi eru nokkur dæmi um slíkar breytingar:

- Viðskiptaráðuneytið beitti sér fyrir breytingu á 17. gr. samkeppnislaga þannig að tilkynningar fyrirtækja vegna samruna væru einfaldaðar. Voru breytingarnar samþykktar á Alþingi vorið 2008.
- Í samræmi við einföldunaráætlun viðskiptaráðuneytis hefur Fjármálaeftirlitið tekið upp rafræn gagnaskil með tilheyrandi sparnaði fyrir fjármálafyrirtæki.
- Forsætisráðuneytið áformaði að bæta enn frekar aðgengi almennings að upplýsingum um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins. Í þessu skyni var gefin út handbók um upplýsingalögin fyrir almenning í árslok 2007. Í handbókinni er að finna útlistun á helstu reglum um upplýsingarétt almennings og helstu takmarkanir sem um hann gilda. Er handbókin aðgengileg á heimasíðu forsætisráðuneytisins og þá hafa eintök verið send á ýmsar opinberar stofnanir og sveitarfélög með það fyrir augum að þau liggi frammi í afgreiðslu viðkomandi.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setti sér það markmið að sameina afgreiðslu á nafnabreytingum hjá Þjóðskrá. Óljós verkaskipting ráðuneytisins og Þjóðskrár í mannanafnalögum nr. 45/1996 olli því að oft lék vafi á því hvar ætti að afgreiða málin auk þess sem sumar breytingar varð að afgreiða á báðum stöðum. Í samræmi við einföldunaráætlun ráðuneytisins hefur Þjóðskrá nú tekið við öllum verkefnum á grundvelli mannanafnalaga.
- Í einföldunaráætlun félags- og tryggingamálaráðuneytisins var gert ráð fyrir að stofnanakerfi ráðuneytisins yrði einfaldað. Farið hefur verið yfir málaflokka ráðuneytisins með það að markmiði að einfalda stofnanakerfið og tekið hefur gildi nýtt skipurit með hliðsjón af breyttri verkaskiptingu ráðuneyta. Með nýju skipuriti er lögð áhersla á að samræma og samþætta vinnu í skyldum málaflokkum og einfalda samskipti milli ráðuneytisins og stofnana þess sem og við hagsmunasamtök og almenning.
- Fjármálaráðuneytið einsetti sér að setja á stofn sérstaka skrifstofu sem færi með málefni stærstu og flóknustu fyrirtækjanna, þ.e. álagningu og eftirlit, þjónustu og upplýsingagjöf. Markmiðið var að auka þjónustu við stærstu fyrirtækin og gera þeim auðveldara að leita til skattyfirvalda með fyrirsögnir um álitamál sín. Nýlega samþykkti Alþingi frumvarp fjármálaráðherra um skattumsýslu stórfyrirtækja. Í lögunum felst að skattumsýsla og þjónusta við fyrirtæki sem falla undir þá skilgreiningu að teljast stórfyrirtæki fer einungis fram í einu skattumdæmi í stað nú, n.t.t. í Reykjavíkurdæmi, í sérhæfðri stjórnsýslueiningu, og mun hún taka til starfa um næstu áramót.

- Iðnaðarráðuneytið áformaði að fara yfir verkferla við lánveitingar Byggðastofnunar, m.a. með því að nýta betur möguleika rafrænnar stjórnsýslu. Tekið hefur verið í notkun nýtt vefsetur stofnunarinnar sem ásamt nýju skjalastjórnnarkerfi býður upp á að samskipti við viðskiptavinum, hvort sem varðar umsóknir um nýjar lánveitingar eða þjónustu vegna eldri lána, fari fram með rafrænum hætti á vefsetri hennar.
- Utanríkisráðuneytið hefur í samræmi við einföldunarátætlun sína undirbúið skráningarkerfi vegna ferðalaga Íslendinga erlendis. Mun það auðvelda Íslendingum að tilkynna yfirvöldum um ferðir sínar erlendis og skapa þannig betri forsendur til að tryggja öryggi þeirra ef hætta steðjar að.
- Samgönguráðuneytið stefndi að því að setja upp gagnagrunn þar sem haldið er utan um lögskráningar og atvinnuréttindi skipverja. Ráðuneytið hefur nú tekið í notkun rafrænt lögskráningarkerfi þar sem upplýsingar um atvinnuréttindi sjómanna og lögskráningar eru m.a. vistaðar auk sjóferðarbókar o.s.frv.
- Heilbrigðisráðuneytið stefndi að því að útgáfa starfsleyfa heilbrigðisstétta og vottorða þeim tengd yrði færð frá ráðuneytinu til landlæknisembættisins og leyfisveitingar vegna lyfsöluleyfa, heilðsöluleyfa og framleiðsluleyfa yrðu færð frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar. Með þessu fyrirkomulagi skapast kæruleið til ráðuneytisins og umsækjandi um framangreind leyfi getur því fengið ákvörðun lægra setts stjórnvalds endurskoðaða á æðra stjórnsýslustigi. Slíkt fyrirkomulag er ákjósanlegt út frá sjónarmiðum um réttaröryggi. Starfsleyfi heilbrigðisstétta og vottorðauitgáfa voru flutt til frá ráðuneytinu til landlæknis með lögum nr. 12/2008 um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis og tóku þau gildi 1. apríl sl. Lyfsöluleyfi, heilðsöluleyfi og framleiðsluleyfi voru flutt frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar með lögum nr. 97/2008 um breytingu á lyfjalögum og tóku þessar breytingar gildi 1. okt. sl.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur efnt til sérstakts átak tengt rafrænum afladagbókum. Dregið hefur verið úr fyrirhöfn og kostnaði við að safna þeim upplýsingum sem færðar eru í afladagbækur. Þá hafa reglur um afladagbækur til að kveða á um skyldu skipstjóra og útgerða til að færa og senda rafrænar afladagbækur verið endurskoðaðar.
- Menntamálaráðuneytið hefur tekið á tímafrestum í afgreiðslum ráðuneytisins og verklagi við meðferð erinda. Ráðuneytið gaf út málshraðareglur 12. júní 2007 og eru þær birtar í gæðahandbók ráðuneytisins og á ytri vef.
- Umhverfissráðuneytið hefur ráðist í einföldun í stjórnsýslu skipulagsmála og endurskoðað skipulagshluta skipulags- og byggingarlaga. Lögð verða fram frumvörp til skipulagslaga og laga um mannvirki á haustþingi 2008.

4. Einstaka lönd og alþjóðastofnanir

4.1. Bretland

Aðgerðaáætlun

Í Bretlandi var aðgerðaáætlun til þess að bæta lagasetningarferlið og draga úr reglubyrði hrint úr vör árið 2005. Sett var á fót sérstök ráðgefandi nefnd, *Better Regulation Commission* (BRC), sem ætlað var að leiðbeina ríkisstjórn landsins um aðgerðir til þess að draga úr lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum í regluverki landsins og fylgjast með eftirfylgni yfirvalda í aðgerðum til að einfalda regluverk Bretlands. Verkefni téðrar nefndar voru færð undir *Department for Business, Enterprise and Regulatory Reform* (BERR) á síðasta ári og hefur ráðuneytið nú yfirumsjón með einföldun laga og reglna. Heldur ráðuneytið utan um aðgerðaáætlun Bretlands, sem felur það í sér að lög og reglugerðir landsins séu skýrari og gagnsærri, auk þess sem stefnt er að því að draga úr mótsögnum og óþarfa lykkjum í stjórnkerfinu til þess að einfalda samskipti almennings við stjórnvöld. Samsvarar markmiðið aðgerðaáætluninni „*Einfaldara Ísland*” hér á landi.

BERR er ætlað að hafa hvetjandi hlutverki að gegna gagnvart stjórnvöldum og ráðuneytum landsins við að tryggja að lagalegt umhverfi samrýmist sérstökum meginreglum um vandað regluverk. Er þar m.a. lögð áhersla á stöðugleika og gagnsæi í regluverkinu, auk þess sem reglur skulu vera þannig úr garði gerðar að fyrirliggjandi markmiði, sem að er stefnt með setningu þeirra, sé fylgt án þess að regluverkið sé of flókið.

Einföldunaráætlanir

Eitt verkefna *Department for Business, Enterprise and Regulatory Reform* er að rannsaka áætlanir sem einstaka ráðuneyti og stjórnvöld setja sér um einföldun. Ráðuneytið grandskoðar m.a. framvindu áætlana sem stefna að því að draga úr lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum og rannsakar einstaka reglur og stefnumál. Þá á BERR að vinna með fyrirtækjum í atvinnurekstri innan Evrópusambandsins með það fyrir augum stuðla að bættu regluverki í Evrópu yfirhöfuð. Allt er þetta til þess fallið að einfalda lög og reglur landsins, gera framkvæmdina minna íþyngjandi og flýta afgreiðslu mála í stjórnsýslunni. Frá árinu 2005 hafa Bretar í þessu augnamiði gert tæplega 300 breytingar á reglum á sviði starfsmannamála, öryggismála, skipulags- og byggingarmála, umhverfismála og samkeppnismála svo eitthvað sé nefnt. Er markmiðið að minnka reglubyrðina umtalsvert fyrir árið 2010.

Eitt af því sem einföldunarátakið beinist að er kröfur til fyrirtækja um upplýsingagjöf í samskipum þeirra við hið opinbera, m.a. vegna leyfisumsóknna og annars sem felur í sér mikinn skriffinnskukostnað. Gerðar hafa verið ítarlegar athuganir á þessu efni og þykir kostnaður fyrirtækja af upplýsingamiðluninni of mikill. Hafa því verið sett markmið um 25% sparnað fyrir atvinnulífið með einföldun til þriggja ára.

Gæði lagasetningar

Í Bretlandi hefur um langt árabíl verið starfrækt sérstök nefnd, *Law Commission*, sem ætlað er að tryggja að lög hvers tíma séu einföld og skilvirk. Law Commission framkvæmir rannsóknir með það fyrir augum að laga gildandi reglur að nútímakröfum og í kjölfarið eru lagðar fram tillögur að umbótum til þjóðþingsins. Er nefndinni ætlað að aðstoða þingið við að endurbæta lagaumhverfi landsins með því að fylgjast með gildandi lögum og leggja fram tillögur um endurbætur.

Undirbúningur stjórnarfrumvarpa

Í Bretlandi fer samning stjórnarfrumvarpa fram hjá einni miðlægri skrifstofu innan stjórnarráðsins, The Parliamentary Counsel (PCO). Þar starfa ríflega 60 lögfræðingar sem taka við verkbeidnum frá ráðuneytunum og semja frumvörp sem ráðuneytin hyggjast leggja fram á þingi. Ráðuneytin láta í té helstu upplýsingar um inntak viðkomandi frumvarps, en þau koma hins vegar ekkert að frekari samningu frumvarpsins. Er þetta talið tryggja meira samræmi í þeim stjórnarfrumvörpum sem lögð eru fram. Eftir samningu frumvarpa hjá PCO eru þau send viðkomandi ráðuneyti til skoðunar, en þau geta þá farið fram á lagfæringar.

Áður en ráðuneytin senda PCO beiðni um ákveðið frumvarp afla þau sér gjarnan ráðgjafar innan stjórnarráðsins eða utan ráðuneyta. Nefnd á vegum Department for Business, Enterprise and Regulatory Reform, *Better Regulation Executive (BRE)*, er ráðuneytunum m.a. innan handar áður en lagt er í frumvarpsgerð.

Mat á áhrifum

Mat á áhrifum (Regulatory Impact Assessments) er notað í stefnumörkun um atvinnulífið í Bretlandi og er ætlunin að það fylgi að minnsta kosti þeim stjórnarfrumvörpum er snerta viðskipta- og atvinnulífið. Þar eru metnir kostir, gallar og áhættuþættir reglusetningar fyrir alla þá sem reglurnar snerta og þannig séð hvort regluvæðing á viðkomandi sviði réttlæti þann kostnað sem reglusetningunni fylgir.

Department for Business, Enterprise and Regulatory Reform (BERR) er ætlað að skapa sem best skilyrði fyrir samkeppnishæfan og sveigjanlegan markað. Hluti ráðuneytisins, *Employment Market Analysis and Research*, stýrir í þessu samhengi verkefni sem tryggja á einfaldari og betri reglusetningu á vinnumarkaði, en þar er m.a. haldið utan um áður nefndar RIA-greinagerðir með stjórnarfrumvörpum. Í greinargerðunum eru grandskoðaðir sérstakir þættir er lúta að reglusetningu á vinnumarkaði og metin fyrir sjáanleg áhrif laga og reglna á starfsmenn, atvinnurekendur, neytendur og stjórnsýsluna. Tekið er mið af mismunandi áhrifum eftir stærð fyrirtækja og möguleikar í stöðunni metnir út frá markaðsstöðu, samkeppnishæfni og ávinningi yfirhöfuð. Á hverju ári er svo gefin út skýrsla með nákvæmri útlistun á hverju málefni fyrir sig, en þar má finna alla kostnaðarliði sem fylgja viðkomandi reglum, auk þess sem tekið er fram hvernig samráði við aðila innan og utan ráðuneytanna var hagað. Í kjölfarið eru svo teknir saman möguleikarnir í stöðunni hverju sinni með hliðsjón af öllum ofangreindum þáttum.

Samráð

Við undirbúning stjórnarfrumvarpa fer fram samráð innan og utan ráðuneyta í Bretlandi. Leitað er ráðgjafar sérfræðinga innan ráðuneytanna en einnig er falast eftir ábendingum aðila í atvinnurekstri og annarra hagsmunaaðila. Iðulega gefa ráðuneytin út svokallaðar grænbækur (Green Paper) þar sem fram koma í grófum dráttum tillögur þeirra áður en farið er í frekari samningu frumvarpa. Í þeim eru raktar ólíkar útfærslur fyrirhugaðrar lagasetningar og farið fram á ábendingar og upplýsingar frá utanaðkomandi aðilum. Eftir að samráð hefur farið fram eru gjarnan búnar til svokallaðar hvítbækur (White Paper), en í þeim eru tillögunum gerð skýrari skil áður en þær eru lagðar fram í endanlegum búningi.

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að drög að frumvörpum séu gerð opinber áður en þau eru lögð fram á þingi. Með þessu móti er tryggt að lagatillögur ríkisstjórnarinnar fái gaumgæfilega

athugun allra hlutaðeigandi. Er þannig stuðlað að því að frumvörp séu ekki lögð fram til skjótvirkar afgreiðslu þingsins án þess að fyrirhugaðar reglur hafi verið kynntar.

Tillögur frá almenningi

Til þess að stuðla enn frekar umbótum í réttarkerfinu var í maí 2007 sett á laggirnar sérstök vefsíða þar sem almenningi og aðilum í atvinnurekstri er boðið að leggja sitt af mörkum með athugasemdum. Á vefsíðunni, www.betterregulation.gov.uk, gefst fólki tækifæri á að senda inn hugmyndir um einfaldara og betra regluverk og eru gefin fyrirheit um að öllum erindum verði svarað innan ákveðins tíma. Á vefsíðunni getur almenningur einnig komið með athugasemdir við fyrirliggjandi frumvörp.

4.2. Danmörk

Frá árinu 2002 hafa yfirvöld í Danmörku fylgt eftir stefnumótun sem lýtur að bættri reglusetningu, mati á áhrifum lagafrumvarpa og minni reglubyrði. Helstu markmið áætlunar um bætt reglusetningu í Danmörku snúa að fyrirfram mati á áhrifum lagasetningar, auknu samráði innan og utan stjórnarráðsins, bættu aðgengi að regluverki landsins og einföldun í víðtækum skilningi.

25% niðurskurður á reglum um upplýsingagjöf

Helsta metnaðarmál Dana á þessu sviði síðustu misserin hefur verið að draga úr reglubyrði sem felst í því að dönskum fyrirtækjum sé gert að veita hinu opinbera upplýsingar. Hafa verið sett fram markmið um 25% sparnað fyrir atvinnulífið til ársins 2010 þar að lútandi án þess þó að niðurskurðurinn komi niður á hinu opinbera eftirliti. Nú þegar hefur kostnaður í kringum upplýsingagjöf fyrirtækja lækkað um 9,7% og er stefnt að enn frekari lækkun á helstu sviðum sem snerta atvinnulífið. Árlega eru gerðar yfirgrípsmiklar úttektir á slíkum kvöðum í lögum og reglum auk þess sem skoðað er hversu íþyngjandi það er fyrir dönsk fyrirtæki að taka saman upplýsingar fyrir stjórnvöld, m.a. í kostnaðarlegu tilliti. Lögð er áhersla á að fyrirtæki láti í té eingöngu nauðsynlegar upplýsingar auk þess sem reynt er að nýta þær upplýsingar sem þegar eru til hjá stjórnvöldum í stað þess að kalla eftir þeim frá fyrirtækjum. Sjónum er aðallega beint að þeim ráðuneytum sem hafa með viðskipti og atvinnumál að gera og er gerð krafa um að þau meti kostnað af gildandi reglum á hverju ári. Ráðuneytin sem átt er við eru ráðuneyti efnahags- og viðskiptamála, skattamála, fjölskyldu- og neytendamála, starfsmannamála, umhverfismála, sjávarútvegs- og matvælamála sem og mannréttindamála.

Einföldunaráætlanir hafa verið gerðar til ársins 2010 innan þessara helstu málaflokka en auk þess hefur hvert ráðuneyti sína eigin einföldunaráætlun til styttri tíma. Á hverju ári er farið í breytingar á gildandi reglum innan téðra ráðuneyta með það fyrir augum að draga úr kostnaði fyrirtækja sem hlýst af upplýsingagjöf til hins opinbera.

Haustið 2008 stendur til að efla áðursett markmið um bætt lagaumhverfi og minni reglubyrði. Ákveðin deild innan stjórnarráðsins, *Center for Kvalitet i Erhvervsregulering*, hefur lagt fram áætlun sem miðar að því að samræma reglur og bæta samskipti viðskiptaaðila og hins opinbera með t.d. rafrænni stjórnsýslu og einfaldari reglum. Center for Kvalitet i Erhvervsregulering ber einnig ábyrgð á því að fylgja einföldunaráætlunum eftir og styrkja hið lagalega umhverfi yfirhöfuð.

Mat á áhrifum (RIA-greinargerðir)

Stjórnarfrumvörpum í Danmörku eiga að fylgja greinargerðir um mat á áhrifum lagasetningar. Þar á að meta fjárhagsleg áhrif löggjafarinnar á ríki og sveitarfélög, efnahagsleg og fjárhagsleg áhrif á fyrirtæki og aðila á vinnumarkaði, áhrif laga og reglna á borgara sem og umhverfisleg áhrif. Greinargerðunum er ætlað að fylgja frumvörpum sem lögð eru fram á þingi, en þannig kappkosta Danir að greina hvort frumvarp hafi hugsanlega óæskilegar afleiðingar. Mælt er einnig til þess að ráðuneytin geri bráðabirgðamat á áhrifum frumvarps við undirbúning þingmálaskrár hvers löggjafarþings hafi þau tök á. Þá eru ráðuneytin hvött til að vinna að mati á áhrifum strax frá frumstigum frumvarps og hafa niðurstöður matsins að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Þetta er þó ekki skylt.

Í tengslum við nýlegar umbætur á danska sveitarstjórnarstiginu hefur verið mótuð aðferðarfræði til að meta áhrif reglusetningar ríkisins á stjórnarsýslu sveitarfélaga og sjálfsstjórn þeirra (Vurdering af Administrative konsekvenser for Kommunerne ved ny Statslig regulering – VAKKS). Einföldun reglna er einnig hluti af aðferðarfræðinni.

Rafræn stjórnarsýsla

Ríkisstjórn Danmerkur áformar að gera flestöll samskipti milli viðskiptalífsins og hins opinbera rafræn fyrir árið 2012. Með þessu er stefnt að því að lækka kostnað fyrirtækja, auka málshraða og skilvirkni innan stjórnarsýslunnar og gera umsóknir og önnur skjöl aðgengilegri. Þannig verður einnig hægt að fylgjast betur með afgreiðslu mála innan stjórnarsýslunnar.

Handbók um lagasetningarferlið

Í Danmörku hefur verið gefin út handbók þar sem finna má helstu viðmið um bættu lagasetningu. Handbókina má finna á vef dómsmálaráðuneytisins (<http://jm.schultzboghandel.dk/publikationer/publikationsdetaljer.aspx?Pid=a9e0219b-967e-467b-ac3c-c4a685a6106c>). Þar er farið í saumana á frumvarpsgerð og þeim þáttum sem mestu skipta þegar ráðist er í undirbúning nýrrar löggjafar.

4.3. Þýskaland

Aðalmarkmiðin í aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Þýskalands til að draga úr reglubyrði og bæta lagasetningu snúa að samráði og mati á áhrifum lagasetningar. Stefnt er að því að draga úr skrifinnnskukostnaði atvinnulífsins um 25% fram til ársins 2011. Til þess að vinna að því markmiði var með lögum mælt fyrir um að ríkisstjórnin hefði reglulega samráð við sérstakt reglueftirlitsráð (*Normenkontrollrat*) sem ráðleggur ríkisstjórninni varðandi lagafrumvörp og gildandi reglur.

Normenkontrollrat var sett á fót með lögum og hóf störf í september 2006. Í ráðinu sitja átta manns. Störfum nefndarinnar er þannig hátað að hún fær til umsagnar öll lagafrumvörp frá ráðuneytinum sem fela í sér skrifinnnskukostnað fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Nánar tiltekið er um að ræða kostnað við að safna saman og veita opinberum aðilum eða þriðju aðilum upplýsingar eða hafa þær tiltækar. Er hann metinn á grundvelli alþjóðlegs kerfis, svokallaðs Standard Cost Model. Nefndin gefur álit á því hvort draga megi úr skrifinnnskukostnaði án þess að stofna meginmarkmiðum viðkomandi löggjafar í hættu.

Samkvæmt ársskýrslu ráðsins frá júní 2008 hefur náðst góður árangur við að draga úr kostnaði af fyrirhuguðum reglum. Hins vegar gengur hægar að leggja mat á skrifinnskukostnað er gildandi reglur hafa í för með sér. Slíkt mat er forsenda þess að hægt sé að átta sig á hvort ríkisstjórninni muni takast að ná markmiði sínu um 25% sparnað fyrir atvinnulífið fram til ársins 2011.

4.4. ESB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur frá árinu 2005 unnið markvisst að bættu lagaumhverfi í aðildarríkjunum sambandsins með því að auka gæði lagasetningar, draga úr reglubyrði og uppfæra gildandi lagareglur. Markmiðið er að tryggja að löggjöf Evrópusambandsins sé skýr og að hún standist tímans tönn með hliðsjón af tækniframförum og annarri þróun í aðildarríkjunum. Er m.a. lögð áhersla á að aðildarríkin meti fyrirfram áhrif lagasetningar á atvinnulífið, stjórnsýsluna og borgarana ásamt því að einfalda löggjöf ESB í sparnaðar- og hagræðingarskygni. Er aðildarríkjunum eftirlátið að innleiða breytingar á löggjöf frá ESB í sínu ríki og setja sér einföldunaráætlanir þar að lútandi.

Þegar hafa verið gerðar yfir 300 breytingar á gildandi regluverki sambandsins í samræmi við þá áætlun sem ýtt var úr vör árið 2005 og enn er unnið að frekari breytingum með því að afnema gildandi reglur, samræma reglurnar enn frekar og gera endurbætur á löggjöfinni. Verkefnið felur meðal annars í sér eftirfarandi aðgerðir:

Fækka á fyrirliggjandi lagatillögum til að minnka regluflóð sambandsins

78 lagatillögur hafa verið dregnar til baka frá árinu 2005 og búist er við að 30 verði dregnar til baka á árinu 2008. Er ætlunin að stemma stigu við yfirgripsmiklu og flóknu regluverki með því að draga úr regluflóðinu (þ.e. fækka nýjum reglum) en gera um leið þær reglur sem fyrir eru vandaðri.

Einföldun gildandi reglna

Framkvæmdastjórnin hefur komið á einföldunaráætlun sem miðar að því að einfalda gildandi lagareglur. Þannig á að yfirfara rúmlega 220 lagabálka og koma þeim í nútímalegri horf, m.a. með því að gera ákvæðin skýrari og skilvirkari. Í þessu samhengi stendur m.a. til að afnema óþarfa reglur og lagfæra gildandi reglur ásamt smávægilegum breytingum á niðurröðun reglna innan lagabálka til þess að gera niðurröðun kerfisbundnari og aðgengilegri. Þá verða kostir rafrænnar stjórnsýslu nýttir betur. Nú þegar hefur stjórnin gert 91 breytingu til einföldunar og er lagt upp með að 44 breytingar eigi sér stað árið 2008.

Kostnaður fyrirtækja af upplýsingagjöf

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt áherslu á að meta þurfi kostnað fyrirtækja af gildandi reglum og þá einkum kostnað vegna upplýsingagjafar til hins opinbera. Er hér m.a. átt við kvaðir sem á fyrirtækjum liggja í sambandi við leyfisveitingar og aðrar umsóknir. Telur framkvæmdastjórnin að fækka megi lagalegum skyldum sem hvíla á herðum fyrirtækja um upplýsingar í samskiptum sínum við stjórnvöld, enda séu sumar þeirra ónauðsynlegar og í ósamræmi við það markmið sem að er stefnt með upplýsingaöflun yfirhöfuð. Ljóst sé að ónauðsynlegar og íþyngjandi reglur um upplýsingagjöf geti hindrað vöxt og viðgang fyrirtækja, sem komi að endingu niður á framleiðni og samkeppni á markaði. Framkvæmdastjórnin setti því fram áætlun árið 2007 um 25% niðurskurð á þeirri reglubyrði sem leiðir af lögum og reglum sambandsins á þessu sviði. Er stefnt að þessu markmiði fyrir árið 2010. (Sjá Action Programme for Reducing Administrative Burdens

in the European Union, COM(2007) 23 final). Hins vegar er minnt á að kröfur um upplýsingagjöf séu oft nauðsynlegar, t.d. á sviði neytendamála og umhverfisverndar, og því megi ekki draga um of úr þeim. Er því lögð áhersla á eðlilegt jafnvægi þar sem kröfur um upplýsingar eru í réttu hlutfalli við ávinninginn.

ESB beinir sjónum sínum einkum að kostnaði við upplýsingaskyldu fyrirtækja á eftirtöldum sviðum: Á sviði landbúnaðar og niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum, ársreikninga- og fyrirtækjalöggjafar, byggðastefnu, umhverfismála, fjármálaþjónustu, fiskveiða, matvælalöggjafar, löggjafar um lyfjaframleiðslu, opinberra útboða, tölfræði, skattalöggjafar, samgöngumálefna og vinnueftirlits- og starfsmannamála. Þá hefur því verið beint til aðildarríkjanna að setja sér sambærileg markmið ekki síðar en árið 2008 að teknu tilliti til mismunandi aðstöðu í hverju landi fyrir sig (sjá EU Presidency Conclusions, Council meeting in Brussels, 8-9 March 2007). Aðgerðir þessar eiga að stuðla að aukinni samkeppnishæfni ríkja sambandsins í samræmi við þau markmið sem sett voru árið 2000 og kennd eru við Lissabon.

Mat á áhrifum og samráð

Rík áhersla er lögð á greiningu á áhrifum nýrra laga sem og aukið samráð við hagsmunaaðila, sérfræðinga og almenning þegar gerð eru drög að nýrri löggjöf. Er kappkostað að meta hvort ný löggjöf hafi jákvæð áhrif á viðskiptalíf í Evrópu eða hvort reglurnar leggi stein í götu hins frjálsa markaðar.

Framkvæmdastjórnin hefur gefið út leiðarvísi um mat á áhrifum (Commission Guidelines for Impact Assessment), en þar er m.a. útlistað hvers vegna matið er nauðsynlegt og hvaða þætti sé nauðsynlegt að taka fyrir þegar mat fer fram. Er því hvatt til þess að umfang hvers máls sé útlistað áður en hafist er handa við lagasetningu og að skilgreint sé nákvæmlega hvaða hóp málið snertir. Að síðustu eru afleiðingarnar metnar fyrir alla hlutaðeigandi. Telur framkvæmdastjórnin mikilvægt að ekki sé hafist handa um viðamiklar lagabreytingar eða nýja lagasetningu án undangengis mats á áhrifum.

Samráð við utanaðkomandi aðila er ekki síður mikilvægur þáttur í stefnumótun. Eru gæði reglusetningar betur tryggð með slíku móti auk þess sem almenningur og aðilar í atvinnurekstri verða þannig meiri þátttakendur í reglusetningunni. ESB hefur mótað ákveðnar meginreglur sem tryggja eiga lágmarksviðmið í tengslum við samráð. Þar er lögð áhersla á aukið samráð við hagsmunaaðila, almenning og aðila í atvinnulífinu með ákveðinni rammaumgjörð sem auðveldar samráðsferlið. Þá er almenningi frjálst að ljá rödd sína (Your voice in Europe - http://ec.europa.eu/yourvoice/index_en.htm) og koma með ábendingar hverskonar. Þar er einnig hægt að fylgjast með öðrum tillögum og samráði sem farið hefur fram.

Grænbækur

Við undirbúning löggjafar styðst ESB við svokallaðar grænbækur (Green paper) og hvítbækur (White paper). Hið fyrnefnda er notað í því augnamiði að kynna tillögur framkvæmdastjórnarinnar um reglusetningu þar sem rakin er þörf lagasetningar á viðkomandi sviði ásamt megininntaki fyrirhugaðra tillagna. Grænbókin er lögð fram opinberlega og geta hagsmunaaðilar og almenningur tekið afstöðu til málsins. Þarna er því í raun um að ræða útlistun hugmynda framkvæmdastjórnarinnar á frumstigum sem stuðla á að því að ólíkir hagsmunahópar komi með álit sitt og upplýsingar.

Í kjölfarið á grænbókum koma stundum hvítbækur, en þar eru tillöggunni gerð nánari skil ásamt breytingum sem gerðar hafa verið frá útgáfu grænbókar. Næsta stig á eftir er svo framlagning tillögu í formi draga að tilskipun, svo dæmi sé tekið.

4.5. OECD

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) hefur lagt ríka áherslu á að aðildarríkin vinni markvisst að því að auka gæði lagasetningar og gera umbætur í lagaumhverfinu. Telur stofnunin nauðsynlegt að komið verði á aukinni skilvirkni og hagkvæmni í löggjöf ríkjanna með það fyrir augum að fækka lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum fyrir borgara og aðila í atvinnurekstri. Er hvatt til þessa með það að leiðarljósi að efla opinn markað, nýsköpun og vöxt atvinnulífsins. Er áhersla lögð á að löggjöfin sé skilvirk og einföld þannig að hún þjóni mikilvægum þjóðfélagslegum markmiðum og reynt sé að auðvelda almenningi og fyrirtækjum samskipti við hið opinbera.

Telur stofnunin að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir tímafrekar aðgerðir fyrirtækja og borgara í tengslum við útfyllingar eyðublaða, leyfisumsóknir og annað er tengist upplýsingagjöf til hins opinbera. Því sé þarft að koma á skilvirkara kerfi í aðildarríkjunum sem miðar að því að auðvelda samskipti við stjórnvöld og gera stjórnsýsluna aðgengilegri yfirhöfuð. Bent er á að nýta megi betur rafræna stjórnsýslu auk þess sem heppilegt sé að setja alla þjónustu ákveðins afmarkaðs sviðs undir sama hatt. Þannig megi til dæmis sinna öllum erindum er lúta að sama efni á einum og sama staðnum. Þá er mikið horft til mats á áhrifum sem og samráðs. Útgangspunkturinn er sá gera eigi ferlið auðveldara, hnitmiðaðra og aðgengilegra borgurum og öðrum hlutaðeigandi.

OECD mælist til þess að aðildarríkin grípi til aðgerða með það fyrir augum að betrumbæta lög og reglur, vanda undirbúning nýrrar löggjafar og gera eftirlit með gildandi löggjöf skilvirkara. Þykja eftirtaldir þættir skipta þar mestu máli:

- Auka gæði laga og reglna
- Draga úr þungri reglubyrði
- Skera niður reglur sem mæla fyrir um tímafrekar aðgerðir fyrir borgara í samskiptum við stjórnvöld, s.s. yfirgripsmiklar upplýsingaskýrslur o.fl.
- Samræma hina ýmsu þætti stjórnsýslunnar
- Auka skilvirkni og málshraða

Innan OECD eru haldnir sérstakir sérfræðingafundir tvisvar sinnum á ári þar sem farið er yfir umbætur í lagasetningu aðildarríkjanna og skoðað hvað má betur fara í þessum efnum. (Public Governance Committee (PGC).)

5. Ýmsar ábendingar um framhaldið

5.1. Mat á áhrifum

Að mati samráðshópsins hafa mikilvæg skref verið stigin í átt að því að innleiða mat á áhrifum af nýrri lagasetningu til samræmis við það sem gerist víða erlendis. Hins vegar verður að fylgjast vel með því að farið sé eftir leiðbeiningunum í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa.

Í því sambandi hefur verið vitnað til þess að samkvæmt mati OECD á reynslu fjölmargra ríkja er tvennt sem ber að varast í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er ekki vænlegt til árangurs að eftirláta ráðuneytum alfarið að fylgja slíkum leiðbeiningum án utanaðkomandi eftirfylgni. Í öðru lagi er heldur ekki ákjósanlegt að láta mat á áhrifum alfarið í hendur á miðlægri stofnun. Skapast þá hættu á að um verði að ræða akademíska æfingu án nægilegra tengsla við ákvarðanatökuna sjálfa.

Benda má á nokkrar leiðir til að styðja við bakið á ráðuneytunum í þessu efni:

1. Þegar ráðuneyti hefur gert mat á áhrifum í tengslum við frumvarpsgerð verði matið sent öðru ráðuneyti til yfirferðar. Þar gæti verið um að ræða fjármálaráðuneytið sem þegar annast mat á kostnaði ríkissjóðs eða forsætisráðuneytið vegna samræmingarhlutverks síns. Einnig mætti hugsa sér að mat á áhrifum yrði sent öðrum ráðuneytum eða opinberum stofnunum til skoðunar eftir því hvers konar áhrif sé helst um að ræða (umhverfisáhrif færu þannig til skoðunar í umhverfisráðuneyti, samkeppnisáhrif til Samkeppniseftirlitsins, áhrif á réttindi borgaranna til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, áhrif á hag neytenda til Neytendastofu eða talsmanns neytenda o.s.frv.)
2. Mat á áhrifum yrði tengt samráði við hagsmunaaðila. Ráðuneyti myndu þannig birta drög að mati á áhrifum með tillögu um lagasetningu (ekki nauðsynlega fullbúin frumvarpsdrög). Þannig gæfist hagsmunaaðilum og öllum almenningi kostur á að gera athugasemdir við matið á áhrifum og benda til dæmis á dulinn kostnað sem farið hefði fram hjá tillöguhöfundum. Að sjálfsögðu yrði að gera ráð fyrir undantekningum þegar ekki gefst tími til samráðs vegna þess hve mál eru brýn.
3. Sjálfstæðri nefnd yrði falið að móta viðmið um mat á áhrifum, veita ráðuneytum leiðbeiningar og fara yfir mót þeirra. Í því sambandi kæmi til dæmis til greina að endurskoða hlutverk ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur sem starfar á grundvelli laga nr. 27/1999. Kæmi þar helst til álita að útvíkka gildissvið laganna þannig að þau tækju til allra laga og reglna en ekki einungis eftirlitsreglna, mælt yrði fyrir um að mat á grundvelli þeirra yrði gert opinbert og betur yrði tryggt að farið væri eftir lögnum.

Ofangreindar þrjár meginleiðir útiloka ekki hver aðra heldur gætu þær að einhverju leyti farið saman.

Í öllu falli verður að gera ráð fyrir því að auknar kröfur um vandaðan undirbúning lagafrumvarpa kalli á aukinn mannafla í ráðuneytum. Jafnframt verður að ætla þessari vinnu hæfilegan tíma og skipuleggja hana með góðum fyrirvara. Iðulega hafa menn staldrað við það í starfi samráðshópsins að tíminn sem ætlaður er til að vinna frumvörp er oft það skammur að ekki gefst færi á að vanda eins til verka og æskilegt væri. Að mati samráðshópsins er helsta leiðin til að bæta úr þessu að ráðuneytin geri í vaxandi mæli langtímaáætlanir um lagasetningu. Auknar kröfur til þingmálaskrárinnar eru vísir að þessu. Vissulega geta komið upp mál sem þola enga bið en þá er mikilvægt að tiltekna lágmarkskröfur um frágang frumvarpa séu engu að síður virtar.

5.2. Mat á kostnaði

Vert er að benda á að víða í nágrannalöndum er nú rætt um að meta þurfi kostnað af gildandi reglum áður en farið er af stað með áttak til einföldunar. Er þá einkum um að ræða kostnað fyrirtækja af því að safna saman upplýsingum og miðla þeim að kröfu hins opinbera (s.k. Standard Cost Model, sjá www.administrative-burdens.com). Þar er talið að víða megi spara, t.d. með því að draga úr tíðni slíkrar upplýsingamiðlunar. Þannig hafa Danmörk, Bretland, Þýskaland og Holland gert ítarlegar athuganir á því hvar í löggjöf sé að finna kröfur um upplýsingar og hve mikið það kosti fyrirtækin að fara eftir þeim. Hafa verið sett markmið um allt að 25% sparnað fyrir atvinnulífið á nokkurra ára tímabili.

Eins og áður segir hefur framkvæmdastjórn ESB gert þessa aðferðarfræði að sinni og sett fram áætlun um 25% niðurskurð til ársins 2012. Hefur því verið beint til aðildarríkjanna að setja sér sambærileg markmið ekki síðar en árið 2008 að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju landi fyrir sig (sjá EU Presidency Conclusions, Council meeting in Brussels, 8-9 March 2007). Aðgerðir þessar eiga að stuðla að aukinni samkeppnishæfni ríkja sambandsins í samræmi við þau markmið sem sett voru árið 2000 og kennd eru við Lissabon.

Samráðshópurinn vill í ljósi ofangreinds varpa því fram til umræðu hvort ráðast eigi í sambærilega athugun hér á landi á kostnaði fyrirtækja af opinberri reglubyrði. Til greina kæmi að skoða til að byrja með kostnað af tilteknum lagabálkum sem fyrirfram má ætla að geymi svigrúm til hagræðingar.

5.3. Ýmis önnur verkefni

Ýmis önnur verkefni hafa verið nefnd á vettvangi starfshópsins sem gætu komið til álita við endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

- Viðmið við reglusetningu.

Hér á landi vantar í raun viðmið um það hvað sé vönduð reglusetning. Hægt væri að taka saman meginreglur sem fylgja ber við reglusetningu. Má hér benda á að ýmis önnur lönd halda í heiðri sérstakar meginreglur sem stuðla eiga að betra regluverki, hvort sem um lög þjóðþingsins er að ræða eða lægra sett stjórnslufyrirmæli.

- Samræmt tölvukerfi fyrir undirbúning lagafrumvarpa.

Sú spurning hefur vaknað hvort hægt væri að koma á samræmdu tölvukerfi sem héldi utan um frumvarpsgerð frá upphafi til enda þegar lög eru samþykkt á Alþingi. Í slíku forriti gæti verið að finna innbyggðar leiðbeiningar um helstu atriði sem taka þarf tillit til. Eins mætti tengja slíkt forrit lagasafninu þannig að við meðferð frumvarpa hægt væri að prenta út gildandi lög með fyrirhuguðum breytingum.

- Aðgengi að reglugerðum.

Með tilkomu lagasafnsins á Netinu sem uppfært er reglulega, má fullyrða að aðgengi að settum lögum frá Alþingi sé mjög gott. Hins vegar er ekki haldið með sambærilegum hætti utan um reglugerðir. Rétt er að skoða hvort hægt sé að koma slíku kerfi á þótt ljóst sé að kostnaður er verulegur.

6. Áherslur á síðari hluta tímabils aðgerðaáætlunar

- Innleiðing þjónustutilskipunarinnar

Ljóst er að tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum muni leiða til sérstaks átaks hér á landi varðandi aðgengi þjónustuveitenda að upplýsingum og reglur um leyfisveitingar til þeirra. Ráðuneytin vinna nú að innleiðingu tilskipunarinnar en gert er ráð fyrir einföldun reglna er lúta að leyfisveitingu, eftirliti og öðru er við kemur þjónustustarfsemi. Þannig er gert ráð fyrir að rutt verði úr vegi lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum fyrir frjálsri þjónustustarfsemi innri markaðarins og áhersla lögð á einfaldari samskipti milli stjórnvalda og þjónustuveitenda. Er markmiðið að auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að bjóða fram þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum en sínu eigin heimaríki. Ef þjónustuveitandi þarf á annað borð að eiga í samskiptum við stjórnvöld til þess að geta boðið fram þjónustu sína í aðildarríki skulu slík samskipti fara í gegnum einn tengilið og jafnframt skal vera kleift að eiga slík samskipti með rafrænum hætti. Er ennfremur gert ráð fyrir að aðildarríkjum megi ekki setja nánar tilgreind skilyrði fyrir þjónustustarfsemi í löggjöf sína. Þá er lagt upp með að sett verði á laggirnar þjónustumiðstöð þar sem afgreiðsla leyfa, kennitala, virðisaukaskattsnúmera o.s.frv. fari fram á einum stað, innlendum og erlendum þjónustuveitendum til hagsbóta. Eiga þjónustuveitendur að geta afgreitt mál sín á einum stað auk þess að geta fylgst vel með því hvar umsóknin/málið er staðsett í ferlinu og e.a. ástæður þess að erindinu er hafnað. Kerfi sem þetta getur einnig nýst sem gott eftirlitstæki fyrir stjórnsýsluna, enda auðvelt að fylgjast með hraða málsmeðferðar og öðru sem snýr að afgreiðslu málsins.

Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar í maí 2008 var viðskiptaráðuneytinu falið að annast undirbúning rammalöggjafar um þjónustuviðskipti og Íslandi.is falið að undirbúa uppsetningu upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar.

Frá sjónarhóli samráðshópsins er innleiðing þjónustutilskipunarinnar sérstakt forgangsmál enda fellur hún að miklu leyti saman við aðgerðaáætlunina um Einfaldara Ísland.

- Þingmálaskráin

Undanfarin haust hafa þingmálaskrár ríkisstjórnarinnar verið ítarlegri en áður í samræmi við stefnumörkun aðgerðaáætlunarinnar. Tilgangurinn er að stuðla að auknu gagnsæi og skipulagi í lagasetningarferlinu. Auka þyrfti jafnframt enn frekar samráð milli ráðuneyta annars vegar og milli ráðuneyta og þingnefnda hins vegar til þess að tryggja að þeim takmarkaða tíma sem Alþingi hefur til ráðstöfunar sé sem best varið. Fundir ráðherra og þingnefnda í upphafi hvers þings, sbr. 3. mgr. 18. gr. þingskapalaga nr. 55/1991 er skref í rétta átt.

- Rannsóknarverkefni um mat á áhrifum ESB löggjafar á sveitarfélög.

Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa ákveðið að taka þátt í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem snýr að mati á áhrifum ESB-löggjafar á sveitarfélög hér á landi. Í þessu sambandi eru sérstaklega skoðaðar tilskipanir ESB um opinber innkaup (18/2004/EC) og um urðun úrgangs (1999/31/EC). Standa vonir til þess að draga megi lærdóm af þessu verkefni um hvernig best sé að standa að mati á áhrifum af nýrri ESB-löggjöf.

- Einföldunaráætlanir á síðum ráðuneyta.

Æskilegt væri að öll ráðuneyti gerðu reka að því að bæta aðgengi almennings að áætlunum og gera þær meira áberandi á heimasíðum. Vel hefur verið tekið í þá hugmynd að búa til „logo“ fyrir verkefnið sem birtist á heimasíðu hvers ráðuneytis.

- Bæklingur um Einfaldara Ísland.

Stefnt er að því að útbúa fjórblöðung þar sem stiklað er á stóru um helstu atriði verkefnisins. Um væri að ræða handhægan bækling sem aðgengilegur væri innan opinberra stofnana og á heimasíðu forsætisráðuneytisins.

- Úttekt á tilteknum atriðum í handbók um lagafrumvörp

Eins og fyrr var nefnt er áformað að fylgjast grannt með því að farið sé eftir leiðbeiningum í handbókinni, sérstaklega varðandi samráð og mat á áhrifum. Til greina kemur að leita samstarfs við aðila í háskólum landsins um úttekt á þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin leggur fram á tilteknu tímabili. Þannig mætti draga fram dæmi um fyrirmyndarvinnubrögð í þessu samhengi, sem myndu nýtast við endurskoðun handbókarinnar.

VIÐAUKI I

Aðgerðaáætlun 2006-2009

1. Samráð og gagnsæi við undirbúning nýrrar löggjafar

1.1. Lagt er til að ekki síðar en *1. janúar 2007* fylgi útfylltur gátlisti (sjá fylgiskjal) hverju stjórnarfrumvarpi (að undanskildu fjárlagafrumvarpi og frumvarpi til fjárukalaga) þegar það er lagt fram í ríkisstjórn sem sýni að gætt hafi verið að ákveðnum lykilatriðum við undirbúning frumvarpa. Gátlistinn verði síðan prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þegar það er lagt fram á Alþingi. Gátlistinn verði endurskoðaður reglulega í ljósi reynslunnar.

1.2. Lagt er til að frá og með *hausti 2006* geymi stjórnarfrumvarpalisti sá sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra, eftir því sem við á, stutta lýsingu á efni væntanlegra frumvarpa (m.a. komi fram markmið og tilefni lagasetningar) og tímaáætlun framlagningar.

1.3. Lagt er til að forsætisráðherra eigi frumkvæði að því að *á árinu 2007* verði gefnar út leiðbeiningar um samningu lagafrumvarpa að höfðu samráði við ráðuneytin og skrifstofu Alþingis. Þar verði meðal annars fjallað um form og uppsetningu lagafrumvarpa, hvernig æskilegt sé að haga samráði við gerð frumvarpa og hvernig eigi að haga mati á áhrifum lagasetningar á atvinnulíf, almenning, sveitarfélög og önnur stjórnvöld.

1.4. Þá er lagt til að *fyrir árslok 2006* og að höfðu samráði við önnur ráðuneyti gefi dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leiðbeiningar um samningu og útgáfu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem birtast eiga í B-deild Stjórnartíðinda.

2. Áætlanir verði gerðar um einföldun á tilteknum sviðum

2.1. Lagt er til að hvert og eitt ráðuneyti geri langtímaáætlun fyrir árin 2007-2009 um það hvernig staðið verði að einföldunarstarfi varðandi þá málaflokka sem undir þau heyra. Það getur falist í því að uppfæra og einfalda lög og reglur, samræma reglur um hliðstæð efni eða einfalda og samræma stjórnýslu með þarfir borgaranna í huga. Slíkar áætlanir tilgreini forgangsmálaflokka þar sem þörf er á einföldun og samræmingu og setji raunhæf og mælanleg markmið. Lagt er til að hvert ráðuneyti sendi forsætisráðherra áætlun sína ekki síðar en *1. september 2007*.

2.2. Stuðlað verði að því að sérþekking varðandi laga- og reglusetningu verði aukin innan ráðuneytanna en einnig verði þeim tryggð fjármögnun til að mæta kostnaði við nauðsynlega sérfræðiaðstoð vegna mats á áhrifum lagasetningar.

3. Kallað verði eftir hugmyndum almennings

Lagt er til að í tengslum við vefinn Ísland.is verði opnað sérstakt vefsvæði, helgað einföldun opinbers regluverks, þar sem almenningur geti til dæmis fengið yfirlit yfir drög að frumvörpum og reglugerðum sem eru til almennrar umsagnar en einnig komið á framfæri ábendingum um leiðir til að einfalda opinbert regluverk og stjórnýslu.

4. Verkefnisstjórn

Lagt er til að meginábyrgð á því að markmiðum um einföldun laga og reglna sé fylgt eftir hvíli á hverju og einu ráðuneyti. Til þess að tryggja eftirfylgni og gæta samræmis er lagt til að skipuð

verði verkefnisstjórn og henni verði falið að þróa áfram viðmið um einfaldari og betri reglusetningu, til dæmis varðandi mat á áhrifum lagasetningar, og fylgja því eftir að ofangreindum tillögum verði hrundið í framkvæmd. Verkefnisstjórnin skili árlegri skýrslu til forsætisráðherra um framgang verkefnisins. Öðrum nefndum og samráðshópum verði komið á fót eftir þörfum. Sérstaklega verði gætt að samráði við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem starfar á grundvelli laga nr. 27/1999.

VIÐAUKI II

Leiðbeiningar til stjórnvalda um einföldun opinbers regluverks og stjórnsýslu.

Gefnar út af forsætisráðherra í apríl árið 2007. Endurskoðaðar í ágúst 2008.

1. Hvað er einföldun?

Í þessum leiðbeiningum verður fjallað um helstu leiðir til einföldunar opinbers regluverks, efni og undirbúning einföldunaráætlunar ráðuneytis sem mælt er fyrir um í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar, bent sérstaklega á kosti rafrænnar stjórnsýslu og að lokum á fylgiskjali gefið sýnishorn af því hvernig setja megi einföldunaráætlun fram.

Eitt meginmarkmið einföldunar opinbers regluverks og stjórnsýslu er að létta svokallaða reglubyrði almennings og atvinnulífs. Sú byrði lýsir sér meðal annars í þeim tíma sem það tekur að átta sig á réttarstöðu sinni og sækja nauðsynlega opinbera þjónustu og kostnaði við að safna saman og miðla upplýsingum um starfsemi fyrirtækis að kröfu hins opinbera. Ýmsar leiðir eru færar til að draga úr reglubyrðinni. Hægt er að fækka reglum og gera þær markvissari, gera framkvæmd reglna sem minnst íþyngjandi, samnýta upplýsingar og samþætta opinbera þjónustu og eftirlit, nýta sem best kosti rafrænnar stjórnsýslu og veita góðar upplýsingar um gildandi reglur.

Leiðir til að einfalda	Nánari útfærsla
1. Fækka reglum og gera þær markvissari	<ul style="list-style-type: none">• Úreltar og óþarfar reglur eru afnumdar• Fundnar eru aðrar lausnir en opinberar reglur, t.d. sjálfseftirlit tiltekinna geira atvinnulífs• Afnumdar eru tímafrekar kvaðir á einstaklinga og lögaðila um að láta upplýsingar í té• Ákveðnir hópar eru undanþegnir upplýsingaskyldu, t.d. smáfyrirtæki• Hliðstæðar reglur á skyldum sviðum samræmdar eða sameinaðar í einn almennan bálk• Kæruleiðir einfaldaðar• Flóknar reglur settar fram á skýrara og skiljanlegra máli• Lagalegar hindranir fyrir rafrænum samskiptum við stjórnvöld afnumdar (skoða sérstaklega áskilnað um frumrit/afrit, undirritun, skrifleg gögn, skjal, vottorð, skírteini o.s.frv.)

<p>2. Gera framkvæmd reglna sem minnst íþyngjandi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Óþarfa eyðublöð, eftirlit og upplýsingagjöf afnumin • Eyðublöð eru einfölduð til að spara tíma • Eftirlit er straumlínulagað, t.d. fækkað skoðunum hjá þeim sem hafa staðið sig vel í gegnum tíðina • Dregið er úr tíðni upplýsingagjafar • Beiðni um upplýsingar er samræmd öðrum kvöðum um upplýsingar sem hvíla á aðilum • Komið er betra skipulagi á afgreiðslu erinda frá fyrirtækjum og einstaklingum (skráning mála, tímafrestir, tilkynningar til aðila um framvindu máls o.s.frv.)
<p>3. Samnýta upplýsingar og samþætta opinbera þjónustu og eftirlit</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsinga er aflað frá öðrum stjórnvöldum frekar en aðilum sjálfum • Gefinn er kostur á að upplýsingar séu sendar sjálfvirkt úr tölvukerfum aðila • Aðilum er gert kleift að sækja mismunandi opinbera þjónustu á einum stað • Opinbert eftirlit einfaldað með sameiningu stofnana
<p>4. Nýta sem best kosti rafrænnar stjórnsýslu</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Eyðublöð sett á Netið og gert kleift að fylla þau út og skila rafrænt • Innri verkferlar endurskoðaðir til að greiða fyrir rafrænni stjórnsýslu
<p>5. Veita sem bestar upplýsingar um gildandi reglur</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gildandi reglur uppfærðar jafnóðum á Netinu • Nýjar reglur þýddar jafnóðum á önnur tungumál (einkum ensku) • Gefnar út notendavænar leiðbeiningar og handbækur

2. Hvað er góð einföldunaráætlun?

Það sem einkennir góða einföldunaráætlun er að hún sé trúverðug, metnaðarfull og að unnt sé að leggja mat á hvort við hana verði staðið.

Með trúverðugleika er vísað til þess að áætlunin sé raunhæf en svari um leið þeim kröfum sem eru uppi hjá almenningi og þeim sem hagsmuna eiga að gæta um einfaldari reglur og skilvirka stjórnsýslu. Besta leiðin til að ganga úr skugga um slíkt er að efna til samráðs við undirbúning áætlunar. Þá þarf að marka áætluninni hæfilegan tímaramma, t.d. 2-3 ár. Æskilegt er að endurskoða áætlun reglulega á gildistíma hennar.

Þá er mikilvægt að áætlun sé metnaðarfull, þ.e. að framkvæmd hennar hafi raunveruleg áhrif á málasvið ráðuneytisins. Mikilvægt er í því sambandi að ráðast ekki einungis á garðinn þar sem hann er lægstur heldur freista þess að einfalda reglur þar sem von er á miklum sparnaði fyrir atvinnulífið, einstaklinga eða hið opinbera.

Loks verður að vera hægt að leggja mat á hvort farið sé eftir áætlun. Það þarf því að setja fram skýr og mælanleg markmið um umbætur eftir því sem kostur er.

3. Hvernig er best að undirbúa einföldunaráætlun?

Undirbúningur einföldunaráætlunar hefst með því að farið er skipulega yfir gildandi regluverk og stjórnsýsluframkvæmd á málasviði viðkomandi ráðuneytis. Æskilegt er að setja á fót starfshóp innan ráðuneytis til þess að annast undirbúninginn. Eftir þörfum má gera ráð fyrir að ráðuneyti leiti sér sérfræðiaðstoðar við undirbúning og framkvæmd áætlunar.

Mikilvægt er að hafa samráð við stofnanir ráðuneytis, sveitarfélög, atvinnulífið, notendur opinberrar þjónustu og aðra sem reglur snerta við undirbúning áætlunar. Hjá þessum aðilum liggur oft þekkingin á því hvar skórinn kreppir og sjálfsagt er að virkja sem flesta til þess að benda á leiðir til einföldunar.

Eftir því sem kostur er, er æskilegt að leggja mat á kostnað atvinnulífs, almennings og opinberra aðila af þeim reglum sem valdar eru til einföldunar. Þannig skapast betri grundvöllur til að mæla árangur af einföldunarstarfi.

Áður en gengið er frá áætlun eru markmið og leiðir lagaðar að almennri stefnumörkun viðkomandi ráðherra. Heppilegt kann að vera að flétta skyldar umbótatillögur inn í hina almennu einföldunaráætlun.

Ráðuneytum stendur til boða ráðgjöf forsætisráðuneytisins og samráðshóps um Einfaldara Ísland á öllum stigum undirbúnings einföldunaráætlunar. Lokagerð skal senda til forsætisráðuneytis og rétt er að bíða með að gefa út og birta áætlun þangað til forsætisráðuneytið hefur farið yfir hana þannig að gætt sé samræmis milli ráðuneyta.

4. Hvernig á að framfylgja einföldunaráætlun?

Birting einföldunaráætlunar er einungis fyrsta skrefið. Mikilvægast er auðvitað að eftir henni sé farið og að hún skili raunverulegum úrbótum. Sjálfsagt er að áætlanir sæti reglulegri endurskoðun, t.d. á árs fresti, til þess að þær endurspegli sem best raunhæf áform viðkomandi ráðuneytis á hverjum tíma.

Nauðsynlegt er að gera reglulega úttekt á því hvernig til hefur tekist, meðal annars til þess að læra megi af reynslunni.

Yfirferð yfir gildandi reglur líkt og hér hefur verið fjallað um verður að sjálfsögðu að haldast í hendur við strangt mat á nauðsyn nýrra reglna.

5. Nánar um möguleika rafrænnar stjórnsýslu

Með rafrænni stjórnsýslu er átt við að upplýsingatæknin sé nýtt til að bæta aðgengi að stjórnsýslunni og þjónustu hennar, til að lækka kostnað við að sækja og veita þjónustuna og til að auka gæði hennar. Til þess að innleiða rafræn samskipti þarf að skoða lög sem gilda um viðkomandi starfsemi, þjónustustig og innri kerfi og verkferla.

5.1. Lög.

Við innleiðingu rafrænna samskipta þarf að tryggja að lög hindri ekki þá málsmeðferð.

Árið 2003 voru gerðar breytingar á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 til að greiða fyrir rafrænni stjórnsýslu, sbr. IX. kafla stjórnsýslulaga. Þannig er í kaflanum mælt fyrir um svokallaða jafngildisreglu vegna áskilnaðar settra laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða venju um skrifleg gögn, frumrit skjals og undirritun.

Þrátt fyrir framangreinda lagabreytingu ber að hafa í huga að jafnvel þótt gildandi lög séu því ekki til fyrirstöðu að rafræn upplýsingatækni sé notuð í meira mæli en nú er getur óvissa og óöryggi starfsmanna stjórnsýslunnar um þetta atriði leitt til þess að tæknin sé í raun minna notuð en efni standa til. Því er skynsamlegt að stjórnvöld fari yfir þær réttarreglur sem undir þau heyra og athugi hvort rétt sé að gera á þeim breytingar. Í því sambandi hlýtur athugun á lagalegum álitaeftum rafrænnar stjórnsýslu að beinast að þrennu:

1. Að koma auga á reglur sem með einhverjum hætti hindra að rafræn miðlun upplýsinga sé notuð við meðferð stjórnsýslumála.
2. Að greina rökin að baki þessum reglum eða þær þarfir sem þeim er ætlað að mæta.
3. Að kanna hvort rafræn upplýsingamiðlun geti mætt þessum þörfum og þá að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Í þessu sambandi þarf að hugleiða sérstaklega áskilnað um:

- frumrit og afrit
- undirritun
- skrifleg gögn
- skjal
- vottorð
- skírteini

VIÐAUKI III. Einföldunaráætlanir ráðuneytanna

Einföldunaráætlun forsætisráðuneytisins

1. Mat á áhrifum nýrra laga og reglna

<i>Úrlausnarefni</i>	Nú er komin allnokkur reynsla af lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. Við framkvæmd laganna hafa komið fram atriði sem vert er að endurskoða, t.d. að í lögunum er ekki kveðið á um birtingu þess mats sem á sér stað á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Þá er vert að endurskoða gildissvið laganna, en þau taka nú einungis til svokallaðra opinberra eftirlitsreglna og koma þannig fyrst og fremst fyrirtækjum til góða.
<i>Markmið</i>	Þessi verði gætt að ný lög og reglur leggi ekki óþarfa byrðar á atvinnulíf og almenning.
<i>Aðgerð</i>	Lög um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 verði endurskoðuð í ljósi reynslu innanlands og erlendis af því hvernig megi sem best ganga úr skugga um að ný lög og reglur leggi ekki óþarfa byrðar á atvinnulíf og almenning.
<i>Tímaáætlun</i>	Lagafrumvarp lagt fyrir Alþingi haustið 2008.

2. Lög um fána og ríkisskjaldarmerki

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. 1. nr. 34/1944, sbr. 1. nr. 67/1998, er heimilt “með leyfi forsætisráðuneytisins að nota þjóðfánann í vörumerki eða á söluvörning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð”. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett og því er í raun óheimilt að nota þjóðfánann með ofangreindum hætti.
<i>Markmið</i>	Uppfæra lagareglur um þjóðfánann og notkun hans með það fyrir augum að heimiluh séu afmörkuð not hans í viðskiptalegum tilgangi án þess að fánanum sé þó óvirðing gerð.
<i>Aðgerð</i>	Gefin verði út reglugerð um skilyrði fyrir vísun til þjóðfánans í viðskiptalegum tilgangi.
<i>Tímaáætlun</i>	Reglugerð gefin út ekki síðar en 1. september 2008.

3. Gagnsæi og ábyrgð í störfum stofnana og embætta sem heyra undir ráðuneytið

<i>Úrlausnarefni</i>	Ekki er fullt samræmi í því að hvaða marki stofnunum og embættum sem heyra undir forsætisráðuneytið er skylt að taka reglulega saman skýrslur um starfsemi sína.
<i>Markmið</i>	Settar verði skýrari reglur um reglulega upplýsingagjöf stofnana og embætta sem heyra undir ráðuneytið gagnvart stjórnvöldum, Alþingi og almenningi. Þannig má stuðla að betri vitneskju um og skilningi á störfum viðkomandi.
<i>Aðgerð</i>	Farið verði yfir reglur sem gilda um stofnanir og embætti og nefndir með það fyrir augum að bæta upplýsingagjöf til ráðuneytisins og almennings um árangur af starfi.
<i>Tímaáætlun</i>	Endurskoðaðar reglur gefnar út ekki síðar en 1. september 2008

4. Verklag við meðferð erinda frá almenningi

<i>Úrlausnarefni</i>	Ekki hafa verið mótaðar sérstakir verkferlar við skráningu og meðferð erinda sem einstaklingar og lögaðilar senda ráðuneytinu. Umboðsmaður Alþingis hefur hvatt til að settar séu verklagsreglur um þetta efni til fyllingar ákvæðum stjórnsýslulaga.
<i>Markmið</i>	Betur sé haldið utan um erindi sem berast ráðuneytinu frá einstaklingum og stofnunum með það fyrir augum að svör séu gefin innan hæfilegs tíma.
<i>Aðgerð</i>	Settar verði verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast.
<i>Tímaáætlun</i>	Verklagsreglur settar ekki síðar en 1. mars 2008.

5. Aðgengi almennings að upplýsingum um lög og reglur

<i>Úrlausnarefni</i>	Bæta má enn frekar aðgengi almennings að upplýsingum um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins. Á það bæði við um lagatexta og rit sem eru til skýringar.
<i>Markmið</i>	Stuðla að aukinni vitund almennings um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins.
<i>Aðgerð</i>	Farið verði yfir upplýsingar á vef forsætisráðuneytisins um gildandi lög og reglur með það fyrir augum að þær séu sem réttastar, aukið verði við þýðingar á lögum og reglum. Gefin verði út handbók um upplýsingalögin

fyrir almenning. Haldnir verði opnir kynningarfundir í kjölfar gildistöku nýrra laga.

Tímaáætlun Handbók um upplýsingalögin verði gefin út fyrir árslok 2007.

6. Rafræn stjórnýsla – notkun eyðublaða

Úrlausnarefni Ekki eru öll eyðublöð á vegum forsætisráðuneytisins, stofnana, embætta eða nefnda sem undir það heyrja aðgengileg á netinu.

Markmið Samskipti almennings við ráðuneytið og stofnanir og embætti á þess vegum verði sem greiðust.

Aðgerð Öll eyðublöð á vegum forsætisráðuneytisins, stofnana, embætta eða nefnda sem undir það heyrja verði gerð aðgengileg á netinu. Gert verði kleift að fylla þau út á netinu og skila þeim rafrænt.

Tímaáætlun Endurskoðun eyðublaða ljúki fyrir mitt ár 2009.

7. Gagnsæi í störfum úrskurðarnefnda

Úrlausnarefni Misjafnt er að hvaða marki úrskurðarnefndir í stjórnýslunni birta úrskurði sína opinberlega á netinu.

Markmið Úrskurðir úrskurðarnefnda í stjórnýslunni séu birtir reglulega á netinu að teknu tilliti til sjónarmiða um persónuvernd.

Aðgerð Forsætisráðuneytið mun vekja athygli viðkomandi ráðuneyta á því að ekki sé að finna á netinu upplýsingar um úrskurði úrskurðarnefnda á málefnasviði þeirra.

Tímaáætlun Bréf verði sent til ráðuneyta fyrir árslok 2007 og að nýju um mitt ár 2008 þar sem óskað verði eftir upplýsingum um efndir.

Einföldunaráætlun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins

1. Einföldun eyðublaða og rafræðing móttöku

<i>Úrlausnarefni</i>	Eyðublöð óþarflega flókin, ekki mögulegt að fylla þau út rafrænt né að skila þeim inn rafrænt.
<i>Aðgerð</i>	Farið verður í gegnum öll eyðublöð DKM og þau einfölduð eftir því sem unnt er. Gefinn verður kostur á að fylla þau út rafrænt. Bætt verður inn leiðbeiningum við reiti sem birtast þegar reitur er valinn. Þegar möguleiki á auðkenningu og greiðslu og auðkenningu með rafrænum skilríkjum kemur til sögunnar verður opnað fyrir rafræna móttöku erinda.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Einstaklingar
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Einstaklingar spara umstang. Óveruleg áhrif á rekstur ráðuneytis og stofnana. Stofnkostnaður við rafræna móttöku hefur ekki verið áætlaður en leggst væntanlega á stjórnarráðið í heild sinni að verulegu leyti. Kostnaður við að koma einstökum eyðublöðum í þetta form er óverulegur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt að því að rafræn móttaka umsókna hefjist í vetur en það veltur á rafrænu þjónustulagi fyrir auðkenningu og greiðslu.

2. Tímastærir í afgreiðslum ráðuneytisins

<i>Úrlausnarefni</i>	Tímastærir í afgreiðslum ráðuneytisins eru lítt skilgreindir. Afgreiðslutími mála of ófyrirsjáanlegur.
<i>Aðgerð</i>	Skilgreina verkferla með afgreiðslutímum. Breyta og nýta málaskrá til eftirfylgni.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Lítill.
<i>Tímaáætlun</i>	Verkferlar skilgreindir fyrir 1. desember 2007. Breyting á málaskrá veltur á rekstrarfélagi Stjórnarráðsbygginga. Stefnt að því að hún verði tilbúin á sama tíma.

3. Krafa um framlagningu sakavottorða frá ríkissaksóknara hjá opinberum stofnunum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Nokkuð er um að gerður sé áskilnaður um framlagningu sakavottorða við afgreiðslur mála hjá hinu opinbera.
<i>Aðgerð</i>	Samþykki fyrir öflun sakavottorðs sé almennt gefið við umsókn. Viðkomandi stofnun sendi rafræna beiðni um sakavottorð og fái rafrænt vottorð til baka. Gjaldtaka færist þá frá saksóknara og bætist við gjald fyrir viðkomandi afgreiðslu en tekjur færist til baka í gegnum fjárlög.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Einstaklingar í erindisrekstri
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Einstaklingar spara umstang. Miðað er við að kostnaður verði óverulegur eftir að búið er að koma upp samræmdu tæknilegu umhverfi fyrir uppflettingar. Stefnt að því að kostnaðarleg áhrif í rekstri stofnana verði óveruleg. Breytingar á tekjum stofnana taki gildi um áramót 2008/2009.
<i>Tímaáætlun</i>	Veltur á framgangi við uppbyggingu tæknilegs umhverfis fyrir upplýsingaskipti af þessu tagi.

4. Krafa um framlagningu vottorða frá Þjóðskrá hjá opinberum stofnunum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Nokkuð er um að gerður sé áskilnaður um framlagningu vottorða um hjúskaparstöðu, fæðingarvottorða o.fl. vottorða frá Þjóðskrá við afgreiðslur mála hjá hinu opinbera
<i>Aðgerð</i>	Farið verði í gegn um verklag hjá stofnunum. Miðað við að uppflettingar komi að mestu í stað vottorða en samþykki sé gefið við umsókn. Þegar vottorða er þörf sendi viðkomandi stofnun rafræna beiðni um vottorð og fái rafrænt vottorð til baka. Gjaldtaka færist þá frá Þjóðskrá og bætist við gjald fyrir viðkomandi afgreiðslu en tekjur færist til baka í gegn um fjárlög.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Einstaklingar í erindisrekstri
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Einstaklingar spara umstang. Nauðsynlegt er af ýmsum ástæðum að endurnýja tölvukerfi Þjóðskrár, en þessi virkni veldur ekki viðbótarkostnaði. Stefnt að því að kostnaðarleg áhrif í rekstri stofnana verði óveruleg.
<i>Tímaáætlun</i>	Tímasetning ræðst af því hvenær þjóðskrá verður færð í nýtt tæknilegt umhverfi. Vinna við það er þegar hafin.

5. Rafræn móttaka á tilkynningum til Þjóðskrár.

<i>Úrlausnarefni</i>	Óþarft umstang við að tilkynna Þjóðskrá um flutninga o.fl. atriði. Almennigur, sveitarfélög og opinberar stofnanir skila upplýsingum skriflega til afgreiðslu Þjóðskrár, sem síðan slær þær inn.
<i>Aðgerð</i>	Breytingar slegnar inn í gegn um netið. Þjóðskrá “sigtar” breytingar inn á skrána.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almennigur, sveitarfélög og opinberar stofnanir.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Einstaklingar og sveitarfélög spara umstang. Þjóðskrá sparar. Breytingin tengist nauðsynlegri endurnýjun á tölvukerfi Þjóðskrár. Töluvert mikill stofnkostnaður.
<i>Tímaáætlun</i>	Veltur á nýjum upplýsingakerfum Þjóðskrár og á útbreiðslu rafrænna skilríkja og rafrænu þjónustulagi fyrir auðkenningu. Stefnt að uppstokkun vorið 2008.

6. Sameining afgreiðslna á nafnbreytingum hjá Þjóðskrá

<i>Úrlausnarefni</i>	Flókin og óljós verkaskipting DKM og Þjóðskrár í mannanafnalögum nr. 45/1996 veldur því að oft verður vafi á því hvar á að afgreiða mál auk þess sem sumar breytingar verður að afgreiða á báðum stöðum. Óljós ábyrgð á málaflokknum í heild sinni, t.d. varðandi upplýsingagjöf.
<i>Aðgerð</i>	Nú þegar Þjóðskrá er orðin sjálfstæð eining innan DKM standa lagaheimildir ekki í vegi fyrir því að þetta verði sameinað á einum stað.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almennigur
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Engin
<i>Tímaáætlun</i>	Breyting kemur til framkvæmda 1. október 2007.

Einföldunaráætlun félags- og tryggingamálaráðuneytisins

1. Einföldun á stofnanakerfi ráðuneytisins.

<i>Úrlausnarefni</i>	Stofnanir félagsmálaráðuneytisins eru 13. Sumar þeirra vinna að samskonar verkefnum eða tengdum.
<i>Markmið</i>	Framkvæmd verkefna og ábyrgð á þeim verði einfölduð.
<i>Aðgerð</i>	Farið verði markvisst yfir málaflokka ráðuneytisins með það að markmiði að kanna leiðir til að einfalda stofnanakerfið. Kemur meðal annars til skoðunar einföldun á sviði málefna fatlaðra og eftirlit á vinnumarkaði.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur og fyrirtæki
<i>Kostnaðarleg áhrif fyrir ríkissjóð</i>	Liggur ekki fyrir.
<i>Tímaáætlun</i>	Heildarendurskoðun verði lokið fyrir árslok 2009.

2. Verklag við meðferð erinda frá almenningi

<i>Úrlausnarefni</i>	Umboðsmaður Alþingis hefur hvatt til að settar séu verklagsreglur um skráningu og meðferð erinda sem einstaklingar og lögaðilar senda ráðuneytinu til fyllingar ákvæðum stjórnsýslulaga.
<i>Markmið</i>	Betur sé haldið utan um erindi sem berast ráðuneytinu frá einstaklingum og stofnunum með það fyrir augum að svör séu gefin innan hæfilegs tíma.
<i>Aðgerð</i>	Settar verði verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur og fyrirtæki
<i>Kostnaður</i>	Óverulegur
<i>Tímaáætlun</i>	Verklagsreglur settar ekki síðar en 1. nóvember 2007

3. Rafræn stjórnsýsla – notkun eyðublaða

<i>Úrlausnarefni</i>	Ekki eru öll eyðublöð á vegum félagsmálaráðuneytisins, stofnana eða
----------------------	---

nefnda sem undir það heyra aðgengileg á netinu.

<i>Markmið</i>	Samskipti almennings við ráðuneytið, stofnanir og nefndir á þess vegum verði sem greiðust.
<i>Aðgerð</i>	Öll eyðublöð á vegum félagsmálaráðuneytisins, stofnana og nefnda sem undir það heyra verði gerð aðgengileg á netinu þar sem það á við. Gert verði kleift að fylla þau út á netinu og skila þeim rafrænt.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur og fyrirtæki
<i>Kostnaður</i>	Óverulegur
<i>Tímaáætlun</i>	Endurskoðun eyðublaða ljúki fyrir mitt ár 2009.

4. Einfaldari reglugerðir og reglur.

<i>Úrlausnarefni</i>	Dæmi eru um að efni reglugerða og reglna feli í sér endurtekningu á efni löggjafar á sama sviði, ýmist orðrétt eða ekki.
<i>Markmið</i>	Reglugerðir settar af ráðuneytinu verði einfaldaðar eftir því sem kostur er.
<i>Aðgerð</i>	Farið verði yfir reglugerðir á málefnasviði ráðuneytisins með það fyrir augum að í þeim verði eftirleiðis eingöngu efni sem er til fyllingar lagaákvæðum en sem allra minnst efnislegar endurtekningar. Jafnframt verði birtar handbækur þar sem sett verði saman í eitt skjal reglur í viðkomandi málaflokki byggðar á birtum laga- og reglugerðatexta.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur og fyrirtæki
<i>Kostnaður</i>	Einkum birtingakostnaður í Stjórnartíðindum auk vinnuframlags starfsmanna í viðkomandi málaflokkum ráðuneytisins.
<i>Tímaáætlun</i>	Yfirferð verði lokið yfir allar reglugerðir á verksviði ráðuneytisins fyrir árslok 2009.

5. Aðgengi almennings að upplýsingum um lög og reglur

<i>Úrlausnarefni</i>	Bæta má aðgengi almennings að upplýsingum um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins. Á það einkum við um lagatexta, reglugerðir og reglur.
<i>Markmið</i>	Stuðla að aukinni vitund almennings um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins.

<i>Aðgerð</i>	Farið verði yfir upplýsingar á vef félagsmálaráðuneytisins um gildandi lög og reglur með það fyrir augum að þær séu sem réttastar. Þar sem þörf er á verði lög og reglugerðir birtar með áorðnum breytingum og skýringum í formi handbókar.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur og fyrirtæki
<i>Kostnaður</i>	Óverulegur
<i>Tímaáætlun</i>	Regluleg yfirferð upplýsinga á vef. Lög og reglugerðir með áorðnum breytingum (handbækur) birt á heimasíðunni eigi síðar en 1. mars 2008.

6. Löggjöf um almannatryggingar.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí sl. og í ljósi þess að málefni aldraðra og almannatryggingar munu flytjast frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins 1. janúar 2008 hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hefja nú þegar vinnu við endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni.
<i>Markmið</i>	Vinna skal heildstæðar tillögur um eðlilegar fyrstu aðgerðir, langtíma stefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi.
<i>Aðgerð</i>	Skipuð fimm manna verkefnisstjórn sem vinna skal heildstæðar tillögur um eðlilegar fyrstu aðgerðir, langtíma stefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi. Verkefnisstjórninni til ráðgjafar mun starfa fimm manna ráðgjafarnefnd skipuð fulltrúum hagsmunaaðila.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur
<i>Kostnaðarleg áhrif fyrir ríkissjóð</i>	Liggur ekki fyrir.
<i>Tímaáætlun</i>	Tillögum verði skilað annars vegar fyrir 1. desember 2007 varðandi eðlilegar fyrstu aðgerðir og hins vegar fyrir 1. nóvember 2008 varðandi þá heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar sem framundan er.

Einföldunaráætlun fjármálaráðuneytisins

1. Samræmd upplýsingagjöf og þjónusta við skattborgara (Borgarþjónusta)

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi þurfa skattgreiðendur að snúa sér til nokkurra stofnana til þess að fá upplýsingar um skattamál sín t.d. ríkisskattstjóra, viðkomandi skattstjóra og síðan eftir atvikum innheimtumanns ríkissjóðs. Markmiðið er að borgarinn þurfi aðeins að fara á einn stað þar sem hann getur fengið allar upplýsingar um stöðu sinna mála gagnvart skattyfirvöldum.
<i>Markmið</i>	Komið verði á sameiginlegri upplýsingagjöf og þjónustu um álagningu og innheimtu skatta og gjalda þar sem borgarinn geti fengið allar upplýsingar sem tengjast álagningu og innheimtu skatta.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Kostnaður takmarkaður þar sem að upplýsingagjöfin fer samkvæmt gildandi fyrirkomulagi fram á skattstofum, hjá ríkisskattstjóra og innheimtumönnum. Dregur úr álagi vegna upplýsingaþjónustu hjá þessum embættum.
<i>Tímaáætlun</i>	Reglugerð 1. janúar 2009
<i>Umsjón</i>	Embætti ríkisskattstjóra

2. Skattaleg umsýsla og þjónusta við stórfyrirtæki

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt gildandi lögum er álagning og eftirlit með lögaðilum í 8 skattumdæmum. Íslensk fyrirtæki hafa breyst mikið á undanförunum árum. Þau hafa stækkað, viðskiptaumhverfi þeirra er flóknara en áður var, viðskipti þeirra fara yfir landamæri o.s.frv. Breytt umhverfi kallar á aukna og sérhæfða þjónustu við stærstu og flóknustu fyrirtækin.
<i>Markmið</i>	Gert er ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök skrifstofa sem fer með málefni stærstu og flóknustu fyrirtækjanna þ.e. álagningu og eftirlit, þjónustu og upplýsingagjöf. Markmiðið er að auka þjónustu við stærstu fyrirtækin og gera þeim auðveldara að leita til skattyfirvalda með fyrirspurnir um álitamál sín, upplýsingar um túlkun laga og reglna.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Fyrirtæki

<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Gert er ráð fyrir aukinni þjónustu sem kallar á aukinn kostnað. Hins vegar dregur úr þjónustu annarra skattembættu sem hafa haft það hlutverk hingað til að annast skattalega umsýslu og þjónustu við stórfyrirtæki. Breyttu fyrirkomulagi fylgir aukin þjónusta og hagræðing til lengri tíma lítið.
<i>Tímaáætlun</i>	1. júní 2008
<i>Umsjón</i>	Fjármálaráðuneytið

3. Almenn útbreiðsla rafrænna skilríkja á Íslandi

<i>Úrlausnarefni</i>	Eitt af mikilvægustu verkefnum stjórnvalda í Evrópu er að einfalda stjórnsýslu svo minni tími fari í að sinna erindum gagnvart hinu opinbera. Nýting upplýsingatækninnar er lykilatriði hvað þetta varðar þar sem rafræn stjórnsýsla getur einfaldað samskipti. Ein hindrun fyrir frekari framþróun rafrænnar stjórnsýslu lýtur að öruggri auðkenningu á Netinu auk kröfu um rafræna undirritun.
<i>Markmið</i>	Hefja almenna útbreiðslu rafrænna skilríkja fyrir almenning og fyrirtæki þannig að aðilar geti auðkennt sig með auðveldum og öruggum hætti ásamt því að skrifa rafrænt undir skjöl og skuldbindingar.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur, fyrirtæki og opinberir aðilar
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Stofnkostnaður vegna verkefnisins er töluverður meðan verið er að innleiða rafræn skilríki. Samstarfsaðili ríkisins er Auðkenni ehf. f.h. íslenskra banka. Kostnaður við innleiðingu verkefnisins skiptist milli fjármálaráðuneytisins og Auðkennis ehf. samkvæmt sérstökum samningi milli aðila. Erfitt er að meta beina arðsemi af rafrænum skilríkjum. Búist er við töluverðri lækkun á umsýslukostnaði, gífurlegum tímasparnaði með tilheyrandi fjárhagslegum sparnaði og einföldun við að reka erindi og afgreiða þau.
<i>Tímaáætlun</i>	Útbreiðsla rafrænna skilríkja hefst 2007 og er stefnt að almennri útbreiðslu fyrir árslok 2008.
<i>Umsjón</i>	Fjármálaráðuneytið

4. Einföldun framtalsskila einstaklinga

<i>Úrlausnarefni</i>	Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að á næstu þremur árum verði unnið að einföldun framtalsskila einstaklinga utan atvinnurekstrar. Í þágu þessa verkefnis skiptir miklu máli að rafræn skil upplýsinga launagreiðenda eflist og vinnsla upplýsinga verði með þeim hætti að unnt verði að árita
----------------------	---

fyrirliggjandi fjárhagsupplýsingar um laun, skuldir, eignir og fleira á rafrænt fyrirframgert framtal. Ef hlutaðeigandi framteljendur hafa áður samþykkt í gegnum heimabanka sína flutning bankaupplýsinga rafrænt inn á framtal þarf hlutaðeigandi gjaldandi ekki að aðhafast frekar og er laus undan framtalsskyldu.

<i>Markmið</i>	Einföldun framtalsskila einstaklinga utan atvinnurekstrar með þeim hætti að framteljendur þurfa annað hvort aðeins að staðfesta framtal sitt eða ekkert að aðhafast.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur, skattfyrvöld og vissir opinberir aðilar
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Með einföldun framtalsskila er framteljendum auðveldað mjög verulega samskipti við skattfyrvöld og framtalsgerð. Vinnutap vegna umstangs við framtalsskil ætti að hverfa hjá þeim sem njóta munu hagræðisins. Framtalsskil munu batna og tekjur hins opinbera ættu að aukast. Kostnaður við að koma þessu fyrirkomulagi á verður nokkur í upphafi en mun minnka verulega á næstu árum eftir það.
<i>Tímaáætlun</i>	Tilraun verður gerð með þetta fyrirkomulag hjá u.þ.b. 20.000 framteljendum í tveimur skattumdæmum á árinu 2009. Verkefninu hrint í fulla notkun árið 2010 ef ekki koma upp teljandi hnökrar. Munu þá framteljendur á landinu öllu njóta sama hagræðis frá og með árinu 2010.
<i>Umsjón</i>	Embætti ríkisskattstjóra

5. Samræmt verklag ríkis og sveitarfélaga í útboðum. Rafvæðing útboðsferilsins.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í dag er útboðsferlið að hluta rafrænt og að hluta á pappírformi. Ríkiskaup ákváðu í byrjun árs 2006 að setja öll útboðsgögn á eigin heimasíðu þar sem væntanlegir bjóðendur gætu hlaðið þeim niður hjá sér með lítilli fyrirhöfn. Þeir bjóðendur sem hafa verið inntir eftir hvort þessi þjónusta sé til bóta hafa allir verið mjög ánægðir. Minnkar þetta verulega fyrirhöfn þeirra sem hafa hug á að sækja sér útboðsgögn. Bæði kaupendur og bjóðendur telja mikilvægt að hægt sé að halda áfram að vinna með gögn til að lækka umsýslukostnað sem allra mest.
<i>Markmið</i>	Komið verði á fót sameiginlegu rafrænu útboðskerfi fyrir öll opinber útboð.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Bjóðendur, ríkið og atvinnulífið í heild
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Verkefnið eykur möguleika á enn betri tilboðum þegar útboðsaðilar sjá öll útboð sem bjóðast hjá hinu opinbera á einum stað. Lítið er til af

upplýsingum um ávinning af þeim útboðum sem hafa verið framkvæmd í gegnum árin. Útgjöld vegna innkaupa hjá ríkinu eru um 90 milljarðar á ári og hvert prósent sem sparast af þeirri tölu getur gefið sparnað upp á allt að 900 milljónir.

Tímaáætlun

Árslok 2009

Umsjón

Ríkiskaup

Einföldunaráætlun heilbrigðisráðuneytisins

1. Almennatryggingar.

1.1. Sjúkratryggingar.

<i>Úrlausnarefni</i>	Mismunandi reglur gilda um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í heilbrigðisþjónustu og niðurgreiðslu ríkisins (styrki) á heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslan, sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og Tryggingastofnun ríkisins annast innheimtu á gjöldum hjá sjúkratryggðum fyrir heilbrigðisþjónustu. Einnig innheimta sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir, rannsóknarstofur og fyrirtæki gjöld hjá sjúkratryggðum í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið um heilbrigðisþjónustu. Tryggingastofnun ríkisins annast útgáfu ýmiss konar afsláttarkorta vegna sjúkratrygginga og einnig útgáfu evrópsks sjúkratryggingakorts.
<i>Markmið</i>	Markmið er að einfalda reglur um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra, niðurgreiðslu ríkisins á heilbrigðisþjónustu og afsláttarkort.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoða þarf lög, reglugerðir, gjaldskrár o.fl. með það að markmiði að einfalda framkvæmdina og taka upp rafræna þjónustu.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Af þessu yrði mikið hagræði fyrir sjúkratryggða og jafnframt ætti framkvæmdin hjá þjónustuveitendum og Tryggingastofnun ríkisins að verða auðveldari.
<i>Kostnaður</i>	Kostnaður gæti verið nokkur við að taka upp rafræna þjónustu. Einnig gæti þetta tekið nokkurn tíma.

1.2. Tryggingar útsendra starfsmanna.

<i>Úrlausnarefni</i>	Ákvörðun um það hvort einstaklingur sé tryggður hér á landi heyrir undir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almennatryggingar. Þegar um EES-samninginn er að ræða þá túlkar stofnunin ákvæði samningsins og tekur ákvörðun um það hvar einstaklingur telst tryggður. Það er meginregla að starfsmaður sé tryggður í almennatryggingakerfi starfslandsins. Hægt er að gera undanþágur frá þeirri meginreglu. Annars vegar getur Tryggingastofnun veitt undanþágu þegar um tímabundið starf er að ræða í öðru ríki ef starfstímabilið er ekki lengra en eitt ár. Hins vegar getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gert undanþágu á grundvelli 17. gr. ESB-reglugerðar nr. 1408/71 um almennatryggingar þegar um tímabundið starf í öðru ríki er að ræða sem er lengra en eitt ár en þó ekki lengra en fimm ár.
----------------------	--

Markmið Markmiðið er að flytja umsýslu ráðuneytisins vegna svokallaðra 17. gr. samninga til Tryggingastofnunar ríkisins.

Aðgerð Ekki er talið að þurfi að breyta lögum vegna flutnings á umsýslunni en gæti þurft ákvæði í reglugerð.

Með flutningi umsýslunnar verður meira samræmi í því hvenær undanþágur frá meginreglunni um að starfsmaður sé tryggður í starfslandi eru veittar og jafnframt einfaldar það stjórnarsýsluna að hafa eina stofnun sem starfsmenn og fyrirtæki leita til varðandi almannatryggingar héraðs og erlendis. Þá má reikna með að afgreiðslutími umsókna um 17. gr. samninga styttest þar sem ráðuneytið leitar ávallt umsagnar Tryggingastofnunar áður en samningar eru gerðir.

Svokallaðir 17. gr. samningar sem ráðuneytið gerir eru innan við 150 á ári. Tryggingastofnun hefur eins og að framan segir veitt umsagnir um umsóknir og annast útgáfu eyðublaða sem byggja á samningunum. Af þeim sökum er talið að kostnaðarauki hjá Tryggingastofnun verði óverulegur.

2. Lyfjalög.

Úrlausnarefni Heildarendurskoðun lyfjalaga fer nú fram. Í þeirri endurskoðun er leitast við að gera efnisákvæði laganna skýrari og einfalda stjórnarsýslu eins og hægt er.

Markmið Stefnt er að því að leyfisveitingar vegna lyfsöluleyfa, heilösluleyfa, framleiðsluleyfa og leyfa vegna ávana- og fíkniefna verði færð frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar. Slíkt fyrirkomulag er ákjósanlegt út frá sjónarmiðum um réttaröryggi því við þessa breytingu skapast kæruleið til ráðuneytisins. Umsækjendur gætu því borið ákvörðun Lyfjastofnunar undir ráðuneytið og þannig yrði fjallað um mál þeirra á tveimur stjórnarsýslustigum. Hvað varðar flutning leyfa vegna ávana- og fíkniefna þyrfti að breyta lögum um ávana- og fíkniefni.

Þá má einnig gera ráð fyrir að þetta stytta afgreiðslutíma því ávallt er aflað umsagnar Lyfjastofnunar áður en ráðuneytið veitir lyfsölu-, heilöslu- og framleiðsluleyfi.

3. Lög um heilbrigðisstéttir.

Markmið Fella öll lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttir sem nú eru í gildi í einn heildarlagabálk um heilbrigðisstéttir. Það eitt og sér hefði í för með sér

einföldun því nú eru í gildi lög eða reglugerð um hverja einstaka heilbrigðisstétt sem nánast öll byggja á læknaögunum og vísa í þau.

Stefnt er að því að útgáfa starfsleyfa og vottorða þeim tengd verði færð frá ráðuneytinu til landlæknisembættisins. Slíkt fyrirkomulag er ákjósanlegt út frá sjónarmiðum um réttaröryggi því við þessa breytingu skapast kæruleið til ráðuneytisins. Umsækjandi gæti því borið ákvörðun landlæknisembættisins undir ráðuneytið og þannig yrði fjallað um mál hans á tveimur stjórnsýslustigum.

4. Niðurfelling óþarfra/úreltra reglna.

4.1. Endurskoðun laga nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra með tilliti til hugsanlega óþarfra ákvæða eða ákvæða sem eiga betur heima annars staðar.

4.2. Endurskoðun laga nr. 14/1942 um lækna ráð með tilliti til hugsanlega óþarfra ákvæða eða ákvæða sem eiga betur heima annars staðar.

5. Erlendar þýðingar laga- og reglugerða.

<i>Úrlausnarefni</i>	Almennt á það við um öll málefnasvið ráðuneytisins að huga þarf að þýðingu laga- og reglugerða þannig að þau séu aðgengileg á ensku á heimasíðu ráðuneytisins.
<i>Markmið</i>	Að sem flestir geti lesið lög og reglugerðir á málefnasviði ráðuneytisins.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Allir.
<i>Kostnaður</i>	Lítill.

Stefnt er að því að ofangreindum breytingum sem lýst er í liðum 1-5 verði náð á tveimur árum og einföldunaráætlunin miðast því við 1. október 2007 – 1. október 2009. Tímarammann er hægt að endurskoða eftir því sem þurfa þyki.

Einföldunaráætlun iðnaðarráðuneytisins

1. Byggðamál

Ráðuneytið fer með mál er varða svæða- og byggðamál, svæða- og byggðarannsóknir, atvinnuþróun og atvinnuþróunarfélög. Þannig heyrir Byggðastofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra auk þess sem það er í verkahring hans að vinna stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára í senn sem lögð er fyrir Alþingi. Um starfsemi Byggðastofnunar gilda lög nr. 106/1999.

Tillögur til einföldunar

1.1. Verkferlar við lánveitingar Byggðastofnunar.

Úrlausnarefni Að fara yfir verkferla við lánveitingar stofnunarinnar, samskipti við viðskiptavini og leiðbeiningar stofnunarinnar með einföldun í huga. Hugað verði að því að nýta betur þá möguleika sem felast í rafrænni stjórnsýslu. Vefsetur stofnunarinnar hefur verið endurnýjað, og í lok þessa árs verður tekið í notkun nýtt kerfi sem býður upp á að samskipti við viðskiptavini, hvort sem varðar umsóknir um nýjar lánveitingar, eða þjónustu vegna eldri lána, fari fram með rafrænum hætti á vefsetri hennar.

Lög eða reglur sem málið varðar Verkefnið krefst ekki breytinga á lögum.

Markmið Að einfalda umsóknaferli og leiðbeiningar um lánveitingar.

Aðgerð Verkferlar og leiðbeiningar yfirfarin með einföldun í huga.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Umsækjendur um lán hjá Byggðastofnun.

Tímaáætlun Áætlað er að verkinu ljúki í lok árs 2007.

2. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar

Ráðuneytið fer með málefni er varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, m.a. einkaleyfi, vörumerki og hönnun. Á þessu sviði gilda lög nr. 17/1991, um einkaleyfi, lög nr. 45/1997, um vörumerki, lög nr. 46/2001, um hönnun, lög nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna, lög nr. 155/2002 um félagamerki og lög nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Einkaleyfastofa (ELS) fer með framkvæmd laga þessara.

Þessi málaflokkur fluttist í heild sinni til viðskiptaráðuneytisins um síðustu áramót. Iðnaðarráðuneytið mun því ekki framkvæma einföldunartillögur.

3. Iðnaðarmál og starfsréttindi.

Ráðuneytið fer með mál sem varða iðnað og starfsréttindi í iðnaði. Á þessu sviði gilda iðnaðarlög, nr. 42/1978, lög um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, lög nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum og lög nr. 109/2000, um starfsréttindi tannsmíða.

Tillögur til einföldunar

3.1. Einföldun við skráningu starfsheita

Úrlausnarefni Að meta hvort ástæða er til að fjölga þeim sérfræðingum í tækni- og hönnunargreinum sem ekki þurfa sérstakt leyfi ráðherra til að nota starfsheiti, sbr. lög nr. 8/1996.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

Markmið Einföldun og minni umsýsla fyrir þá sem lokið hafa prófi í tækni- og hönnunargreinum.

Aðgerð Viðræður við menntamálaráðuneyti og hagsmunaaðila. Verði niðurstaðan úr þeim viðræðum sú að ástæða sé til að fjölga þessum aðilum þarf að gera breytingar á lögum nr. 8/1996.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Þeir sem ljúka prófum í tækni- og hönnunargreinum ár hvert.

Tímaáætlun Áætlað er að verkinu ljúki á árinu 2008.

4. Kvikmyndaiðnaður

Ráðuneytið fer með mál er varða endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og markaðssetningu Íslands sem vettvangs kvikmyndagerðar. Um þetta gilda lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Um er að ræða tímabundin lög sem gilda til ársloka 2011 og eru allar efnisbreytingar á þeim háðar samþykki ESA.

Tillögur til einföldunar

4.1. Reglugerð um endurgreiðslur einfölduð

<i>Úrlausnarefni</i>	Í gildi er reglugerð nr. 131/2001 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Þessi reglugerð hefur sætt nokkrum breytingum og í kjölfar laga nr. 159/2006, um breyting á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, er þörf á að gera frekari breytingar á reglugerðinni. Til einföldunar er lagt til að ný heildarreglugerð verði gefin út.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Reglugerð nr. 131/2001 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.
<i>Markmið</i>	Einföldun fyrir þá sem eru að afla sér upplýsinga um endurgreiðslurnar.
<i>Aðgerð</i>	Samning nýrrar reglugerðar og birting.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Umsækjendur um endurgreiðslur.
<i>Tímaáætlun</i>	Áætlað er að verkinu ljúki haustið 2007.

5. Nýsköpun

Ráðuneytið fer með mál er varða nýsköpun og tækniþróun. Á þessu sviði gilda lög um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 72/2007, lög nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973. Lögin um Nýsköpunarmiðstöð eru ný og lögin um Nýsköpunarsjóð sættu talsverðum breytingum á árinu 2007.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem tók til starfa þann 1. ágúst 2007, heyrir einnig undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Á hennar vegum er rekin starfsstöð á Akureyri og í undirbúningi er önnur starfsstöð á Ísafirði.

Tillögur til einföldunar

5.1. Brottfall úreltra laga.

<i>Úrlausnarefni</i>	Að fella úr gildi lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973. Sjóðurinn hefur ekki starfað um nokkurra ára skeið og starfsemi hans hefur verið sameinuð NICE (Nordisk Innovation Center)
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973.
<i>Markmið</i>	Lagahreinsun.

<i>Aðgerð</i>	Að fella lög nr. 54/1973 úr gildi.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur.
<i>Tímaáætlun</i>	Áætlað er að verkinu ljúki á árinu 2008.

6. Orkufrekur iðnaður

Ráðuneytið fer með mál er varða starfsskilyrði í almennum og orkufrekum iðnaði. Iðnaður telst vera orkufrekur ef hann notar 70 GWst eða meira á ári, sem samsvarar t.d. 10 MW afli í 7.000 klst. eða meira árlega.

Á þessu sviði gilda lög nr. 76/1996, um lagagildi sammings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu í Straumsvík, lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, lög nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og lög nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Öll eru þessi lög sértæk að því leyti að þau gilda um starfsemi eins fyrirtækis. Ekki er því ástæða til einföldunar í þessum tilvikum.

7. Auðlindir á hafsbotni

Undir málaflokk þennan fellur löggjöf er varðar leit, rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbotni sem eru á forræði ríkisins, þ.e. frá netlögum út að efnahagslögsögu Íslands. Málaflokkur þessi sækir fyrirmyndir að miklu leyti í Evrópurétt og byggist þar af leiðandi mikið til á innleiðingu ESB-gerða sem eru hluti EES-sammingsins. Málaflokkurinn er í reglulegri endurskoðun innan ráðuneytisins og því í takt við þær áherslur og breytingar sem orðið hafa á lagaumhverfi hans. Sem dæmi má nefna að lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, var breytt með lögum nr. 49/2007 sem tóku gildi 3. apríl 2007.

Tillögur til einföldunar

7.1. Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Úrlausnarefni Setning reglugerðar um rannsóknir og vinnslu kolvetnis og gerð staðlaðs rannsóknar- og nýtingarleyfis.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Markmið Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis voru endurskoðuð árið 2007 þar sem m.a. stjórnarsýsla var einfölduð og löggjöf samræmd löggjöf ESB. Einnig er verið að vinna að reglugerð um rannsóknir og vinnslu kolvetnis

sem vísað er til í lögnum sem og að leggja lokahönd á staðlað rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Aðgerð Ljúka vinnu við staðlað leyfi og reglugerð.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Stjórnvöld og leyfishafar.

Tímaáætlun Áætlað að vinnu ljúki vorið 2008.

7.2. Reglur um veitingu leyfa til leitar að kolvetni, nr. 553/2001.

Úrlausnarefni Endurskoðun reglna nr. 553/2001, um veitingu leyfa til leitar að kolvetni.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.
Reglur um veitingu leyfa til leitar að kolvetni, nr. 553/2001.

Markmið Unnið er að endurskoðun reglna nr. 553/2001, um veitingu leyfa til leitar að kolvetni, þar sem uppfæra þarf reglurnar til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Að sama skapi er nauðsynlegt að birta reglurnar að nýju á heimasíðu Stjórnartíðinda til að auðvelda aðgengi að þeim.

Aðgerð Endurskoðun á reglum nr. 553/2001 með það að markmiði að heimfæra þær breytingar sem urðu á lögum nr. 13/2001.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Stjórnvöld og leyfishafar.

Tímaáætlun Stefnt er að því að birta reglurnar vorið 2008.

7.3. Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990

Úrlausnarefni Setning reglugerðar á grundvelli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.

Markmið Að gefa út reglugerð þá sem vísað er til í 5. gr. laganna. Bráðabirgðaákvæði laganna má fella á brott úr lögnum.

Aðgerð Á vegum iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar er unnið að því að semja umrædda reglugerð.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Leyfishafar, leyfisumsækjendur og eftirlitsaðilar.

Tímaáætlun Stefnt er að því birta reglugerðina fyrir árslok 2007.

8. Jarðrænar auðlindir

Að undanfögnu hefur verið unnið að endurskoðun á auðlindalöggjöf, m.a. í samræmi við tillögur auðlindanefndar, sem skilaði af sér skýrslu til ráðherra í október á síðastliðnu ári. Frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2007 náði ekki fram að ganga en stefnt er að því að leggja frumvarpið fram að nýju á komandi haustþingi. Meðal þeirra breytinga sem fram koma í frumvarpinu er einföldun á allri stjórnslu þar sem lagt verður til að Orkustofnun verði falið leyfisveitingarvald. Nái frumvarpið fram að ganga mun slíkt framsal leyfisveitingar til Orkustofnunar hafa í för með sér að almennur hefur samskipti við sama stjórnvald í gegnum leyfisveitingarferlið. Þess ber að geta að núgildandi auðlindalöggjöf er frá árinu 1998 og voru gerðar breytingar á henni árið 2006.

Tillögur til einföldunar

8.1. Einföldun leyfisveitinga á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu

Úrlausnarefni Einföldun leyfisveitinga á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Markmið Að einfalda leyfisveitingarferli samkvæmt lögnum. Stefnt er að því að leyfisveitingar verði færðar frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar. Með slíkum breytingum er stefnt að því að einfalda stjórnslu, þ.m.t. samskipti umsækjanda við stjórnvöld og umsóknarferli. Að sama skapi er leyfisveiting og eftirlit á sömu hendi, þ.e. hjá Orkustofnun, og sæta ákvarðanir stofnunarinnar kærur til iðnaðarráðherra.

Aðgerð Unnið hefur verið að frumvarpi að auðlindalögum á vegum ráðuneytisins.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Stjórnvöld, leyfishafar og leyfisumsækjendur.

Tímaáætlun Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2007.

8.2. Lagastoð reglugerðar um vinnslu og nýtingu vikurs

<i>Úrlausnarefni</i>	Breyting á tilgreiningu fyrir lagastoð í reglugerð.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs, nr. 514/1995. Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.
<i>Markmið</i>	Reglugerð þessi var sett á grundvelli 1. mgr. 2. gr. námulaga, nr. 24/1973. Námulög voru felld brott með lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og er því nauðsynlegt að heimfæra tilvísun reglugerðarinnar um lagastoð til þeirra laga.
<i>Aðgerð</i>	Heimfæra tilvísun til laga nr. 57/1998 í stað laga nr. 24/1973.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Stjórnvöld og almenningur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

9. Stjórnsýsla orkumála.

Yfirstjórn orkumála á Íslandi er í höndum iðnaðarráðherra. Undir yfirstjórn ráðherra á sviði orkumála heyra tvær ríkisstofnanir, þ.e. Orkustofnun og Íslenskar Orkurannsóknir. Íslenskum orkurannsóknnum var komið á fót með lögum nr. 86/2003 þar sem rannsóknarhluti Orkustofnunar var færður út úr stofnuninni. Ekki þykir að svo stöddu ástæða til að endurskoða löggjöf um stofnanir þessar.

Tillögur til einföldunar

9.1. Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um Orkustofnun.

<i>Úrlausnarefni</i>	Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um Orkustofnun.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um Orkustofnun, nr. 87/2003.
<i>Markmið</i>	Fella má bráðabirgðaákvæði laganna á brott úr lögnum.
<i>Aðgerð</i>	Taka þarf ákvörðun um brottfall bráðabirgðaákvæðisins.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

10. Raforka.

Með gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003, varð mikil breyting á umhverfi raforkumála á Íslandi. Samhliða urðu miklar breytingar á rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja og ekki er enn séð fyrir endann á þessum breytingum. Aðild Íslands að EES-samningnum kallaði á nauðsyn þess að endurskoða raforkumarkaðinn hér á landi og eiga raforkulögin sér stoð í tilskipun 96/92/EB, þ.e. fyrri raforkutilskipuninni. Nú þegar hefur seinni raforkutilskipunin, tilskipun 2003/54/ESB, verið tekin upp í EES-samninginn, en enn er ekki ljóst hvaða breytingar á raforkulögum sú tilskipun mun kalla á. Með stoð í raforkulögum hafa einnig verið settar ýmsar reglugerðir sem endurskoðaðar eru reglulega. Núgildandi raforkulöggjöf er því nokkuð ung að árum og ekki hefur komið til þess að reglur hafi orðið úreltar eða óþarfar eða að ósamræmis gæti milli framkvæmdar og löggjafar, enda er löggjöfin hér á landi í sífelldri endurskoðun sökum tengsla raforkulöggjafar við Evrópurétt. Með gildistöku raforkulaga varð einnig sú breyting á stjórnslu að iðnaðarráðherra er heimilt að gefa út virkjanaleyfi í stað Alþingis. Þessi breyting kallar á að endurskoða þarf sérlög um einstaka virkjanaframkvæmdir í ljósi þess hvort slík löggjöf er óþörf. Að lokum er rétt að vekja athygli á að frá og með 1. janúar 2007 færðist eignarhald ríkisins í orkufyrirtækjum frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra.

Tillögur til einföldunar

10.1. Endurútgáfa reglugerða um raforkumál.

<i>Úrlausnarefni</i>	Endurútgáfa tveggja reglugerða um raforkumál.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi, nr. 1048/2004. Reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar, nr. 1050/2004.
<i>Markmið</i>	Að sameina þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðinni í eina gerð og gefa hana út að nýju.
<i>Aðgerð</i>	Gefa reglugerðina út í heild sinni.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Stjórnvöld og almenningur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.
<i>Staðan í dag</i>	Ekki búið að framkvæma

10.2. Einföldun á ákvörðun viðmiðunarmarka laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

<i>Úrlausnarefni</i>	Einföldun á ákvörðun viðmiðunarmarka sem vísað er til í lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.
----------------------	--

*Lög eða reglur
sem málið varðar*

Lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004.

Markmið

Orkustofnun hefur vakið athygli á því að hugsanlega sé unnt að einfalda ákvörðun viðmiðunarmarkna sem vísað er til í lögnum. Hins vegar er eingöngu um að ræða einföldun á verkferli ráðuneytis og Orkustofnunar en breytingin varðar ekki almenning eða atvinnulíf.

Aðgerð

Athugun á tillögum Orkustofnunar um einföldun á ákvörðun viðmiðunarmarkna.

*Hverjir hafa hag
af aðgerðunum*

Stjórnvöld.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

10.3.

Einföldun á útreikningi viðmiðunarmarkna reglugerðar um viðmiðunarmörk vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli.

Úrlausnarefni

Einföldun á útreikningi viðmiðunarmarkna vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli.

*Lög eða reglur
sem málið varðar*

Reglugerð um viðmiðunarmörk vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli, nr. 773/2005.

Markmið

Á vegum iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar er verið að fara yfir hvort einfalda megi útreikning viðmiðunarmarkna skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Einnig þarf að laga ósamræmi sem fram kom eftir birtingu reglugerðar nr. 88/2007, sem breytti reglugerð nr. 773/2005.

Aðgerð

Endurskoða þarf reikniaðferð og eyða ósamræmi í reglugerð.

*Hverjir hafa hag
af aðgerðunum*

Stjórnvöld, Rarik, Orkubú Vestfjarða og gjaldendur þeirra.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka framangreindri vinnu fyrir árslok 2007.

10.4.

Niðurfelling reglugerðar fyrir Landsvirkjun.

Úrlausnarefni

Niðurfelling reglugerðar fyrir Landsvirkjun.

*Lög eða reglur
sem málið varðar*

Reglugerð fyrir Landsvirkjun, nr. 585/1993.

Markmið Með lögum nr. 154/2006 var heimild til setningar reglugerða á grundvelli laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, felld brott. Þess í stað er vísað til starfsreglna stjórnar Landsvirkjunar.

Aðgerð Fella reglugerðina brott.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Stjórnvöld og almenningur.

Tímaáætlun Stefnt er að því að fella reglugerðina brott fyrir árslok 2007.

10.5. Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um stofnun sameignarfélags um Orkuveitu Reykjavíkur.

Úrlausnarefni Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um stofnun sameignarfélags um Orkuveitu Reykjavíkur.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um stofnun sameignarfélags um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001.

Markmið Fella má bráðabirgðaákvæði laganna á brott úr lögnum.

Aðgerð Taka þarf ákvörðun um brottfall bráðabirgðaákvæðisins.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur.

Tímaáætlun Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

10.6. Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Úrlausnarefni Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, nr. 25/2006.

Markmið Fella má bráðabirgðaákvæði laganna á brott úr lögnum.

Aðgerð Taka þarf ákvörðun um brottfall bráðabirgðaákvæðisins.

Hverjir hafa hag Almennigur.

af aðgerðunum

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

10.7.

Birting nokkurra lagabálka á vef Alþingis.

Úrlausnarefni

Birting nokkura lagabálka á vef Alþingis.

*Lög eða reglur
sem málið varðar*

Lög um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, nr. 13/2005.
Lög um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001.
Lög um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001.
Lög um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159/2002.

Markmið

Birtingu laganna á vef Alþingis er ábótavant þar sem vísað er til Stjórnartíðinda í stað þess að birta lögin.

Aðgerð

Taka þarf ákvörðun um endurskoðaðan birtingarhátt laganna.

*Hverjir hafa hag
af aðgerðunum*

Almenningur.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka vinnu við verkið fyrir árslok 2007.

10.8.

Endurskoðun laga um raforkuver.

Úrlausnarefni

Endurskoðun laga um raforkuver.

*Lög eða reglur
sem málið varðar*

Lög um raforkuver, nr. 60/1981.

Markmið

Einstaka ákvæði laganna eru úrelt og að auki hafa ákvæði verið felld úr lögunum. Nauðsynlegt er að endurskoða lögin með það í huga að fella út heimildarákvæði þeirra raforkuvera sem nú þegar hafa verið reist og eru komin til framkvæmda.

Aðgerð

Endurskoða þarf lög um raforkuver.

*Hverjir hafa hag
af aðgerðunum*

Almenningur.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

10.9.

Hugsanleg niðurfelling laga.

<i>Úrlausnarefni</i>	Hugsanleg niðurfelling lagabálka sem heimila virkjunarframkvæmdir.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um virkjun Lagarfoss, nr. 111/1970. Lög um virkjun Fljótaár, nr. 98/1935. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Píngeyjarsýslu, nr. 102/1985. Lög um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótssdal og stækkun Kröfluvirkjunar, nr. 38/2002.
<i>Markmið</i>	Í ljósi breytts umhverfis raforkumála og á grundvelli þess að samkvæmt raforkulögum er iðnaðarráðherra heimilt að gefa út virkjunarleyfi þarf að skoða hvort fella megi út sérlög er heimila virkjanaframkvæmdir.
<i>Aðgerð</i>	Taka þarf ákvörðun um niðurfellingu laganna.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir árslok 2008.

11. Orkunýtniörfur.

Í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum hafa verið sett tvö lög er varða orkunýtni og orkunýtniörfur, þ.e. lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja, nr. 72/1994, og svo lög um orkunýtniörfur, nr. 51/2000. Á grundvelli umræddra laga hafa síðan verið settar einstaka reglugerðir um tiltekna vörur eða tæki.

Tillögur til einföldunar

11.1. Endurútgáfa reglugerðar um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafknúinna kælisþápa til heimilisnota.

<i>Úrlausnarefni</i>	Endurútgáfa reglugerðar um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafknúinna kælisþápa til heimilisnota.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Reglugerð um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafknúinna kælisþápa til heimilisnota, nr. 69/1996.
<i>Markmið</i>	Að fella inn í reglugerðina breytingar sem gerðar hafa verið frá birtingu hennar árið 1996.
<i>Aðgerð</i>	Birta reglugerðina á ný með innfelldum breytingum.
<i>Hverjir hafa hag</i>	Stjórnvöld og almenningur.

af aðgerðunum

Tímaáætlun Stefnt er að því að reglugerðin verði birt fyrir árslok 2007.

11.2. Endurútgáfa reglugerðar um upplýsingaskyldu seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.

Úrlausnarefni Endurútgáfa reglugerðar um upplýsingaskyldu seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.

Lög eða reglur sem málið varðar Reglugerð um upplýsingaskyldu seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs, nr. 260/2003.

Markmið Að fella inn í reglugerðina breytingar sem gerðar hafa verið frá birtingu hennar árið 2003.

Aðgerð Birta reglugerðina á ný með innfelldum breytingum.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Stjórnvöld og almenningur.

Tímaáætlun Stefnt er að því að reglugerðin verði birt fyrir árslok 2007.

12. Hitaveitur.

Helstu lagaákvæði varðandi almennt skipulag orkumála var áður að finna í orkulögum, nr. 58/1967. Með þeim lögum var steipt saman í einn lagabálk ákvæðum sem fjölluðu almennt um nýtingu innlendra orkulinda. Undanfarna áratugi hafa orkulög gengið í gegnum endurskoðun sem hefur haft í för með sér að lögin hafa nú einvörðungu að geyma lagaákvæði um hitaveitur auk almennra ákvæða. Á vegum ráðuneytisins hefur undanfarið verið unnið að frumvarpi til laga um hitaveitur og er stefnt að því að leggja frumvarpið fram á haustþingi 2007. Verði sérlög um hitaveitur samþykkt á Alþingi mun það einfalda alla stjórnsýslu til muna. Sem dæmi má nefna að í stað þess að birta sérstakar reglugerðir um einstakar hitaveitur verður með stoð í lögum heimilt að birta eina almenna reglugerð um hitaveitur. Mun slíkt fyrirkomulag vera bæði stjórnvöldum, hitaveitum og almenningi til bóta. Að óbreyttu kalla einstakar reglugerðir um tilteknar hitaveitur á endurskoðun. Í fyrsta lagi endurskoðun í samræmi við breytt eignarhald hitaveitna. Frá birtingu reglugerða fyrir einstakar hitaveitur hafa sumar hverjar sameinast eða verið seldar orkufyrirtækjum, þ.á m. fyrirtækjum eins og Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. Þetta breytta eignarhald eða breytt rekstarform hefur ekki skilað sér inn í viðkomandi reglugerðir. Í annan stað hefur landslag sveitarstjórna breyst í gegnum tíðina þar sem m.a. sveitarfélög hafa sameinast. Við sameiningu sveitarfélaga hafa þjónustuvæði hitaveitna stækkað og enn og aftur endurspeglar reglugerðir ekki þessa þenslu þjónustuvæða. Í þriðja lagi hafa einstök orkufyrirtæki skilið á milli reksturs hitaveitu og rafveitu, t.a.m. hafa veitufyrirtæki selt út úr veitunni raforkustarfsemi sína, en reglugerðir fyrirtækjanna hafa samt sem áður að geyma ákvæði um rekstur og skyldur rafkerfis.

Tillögur til einföldunar

12.1. Endurskoðun ákvæða orkulaga um hitaveitur.

Úrlausnarefni Endurskoðun ákvæða orkulaga um hitaveitur.

Lög eða reglur sem málið varðar Orkulög, nr. 58/1967.

Markmið Endurskoðun ákvæða orkulaga, nr. 58/1967, um hitaveitur. Á undanförunum árum hafa flestir aðrir þættir löggjafar um orkumál verið endurskoðaðir og hafa orkulög nú einvörðungu að geyma ákvæði um hitaveitur sem hafa að efni til staðið óbreytt frá 1940. Í frumvarpinu er fjallað um starfsleyfi, gjaldskrármál, neytendavernd o.fl. Verði frumvarp um nýja hitaveitulöggjöf samþykkt munu orkulög frá 1967 falla úr gildi. Einnig er í lögunum tilvísun til vatnalaga nr. 15/1923 en að óbreyttu munu ný vatnalög nr. 20/2006 taka gildi 1. nóvember 2007 og þarf að breyta tilvísun til þeirra laga.

Aðgerð Endurskoðun á löggjöf um hitaveitur.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Stjórnvöld, hitaveitur og almenningur.

Tímaáætlun Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2007.

12.2. Endurskoðun reglugerða um einstaka hitaveitur.

Úrlausnarefni Endurskoðun reglugerða um einstakar hitaveitur.

Lög eða reglur sem málið varðar Reglugerð um Hitaveitu Seltjarnarneshrepps, nr. 183/1971.
Reglugerð um hitaveitu og hitalagnir í Hríseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, nr. 323/1973.
Reglugerð fyrir Orkubú Vestfjarða, nr. 192/1978.
Reglugerð um Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi, nr. 76/1979.
Reglugerð um Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 459/1979.
Reglugerð um Hitaveitu Eyra, nr. 559/1981.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Rangæinga, nr. 632/1982.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum, nr. 207/1985.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 432/1985.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 58/1989.
Reglugerð um Hitaveitu Akureyrar, nr. 186/1989.
Reglugerð um Hitaveitu Blönduóss, nr. 582/1989.
Reglugerð um Selfossveitur, nr. 504/1990.

Reglugerð fyrir Orkuveitu Húsavíkur, nr. 647/1995.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Borgarness, nr. 672/1995.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Suðurnesja, nr. 214/1997.
Reglugerð um Hitaveitu Dalvíkur, nr. 893/1999.
Reglugerð um Hitaveitu Dalabyggðar, nr. 897/2000.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Grímsness- og Grafningshrepps, nr. 251/2001.
Reglugerð um Hitaveitu Drangsness, nr. 301/2001.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra, nr. 645/2002.
Reglugerð um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 754/2002.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, nr. 261/2003.
Reglugerð um Hitaveitu Flúða, nr. 729/2003.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar, nr. 202/2005.
Reglugerð fyrir Hitaveitu Fjarðarbyggðar, nr. 908/2005.
Reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 297/2006.

Markmið

Markmið endurskoðunar á einstökum reglugerðum hitaveitna er þrens konar. Í fyrsta lagi endurskoðun í samræmi við breytt eignarhald hitaveitna. Frá birtingu reglugerða fyrir einstakar hitaveitur hafa sumar hverjar sameinast eða verið seldar orkufyrirtækjum, þ.á m. fyrirtækjum eins og Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. Þetta breytta eignarhald eða breytt rekstarform hefur ekki skilað sér inn í viðkomandi reglugerðir. Í annan stað hefur landslag sveitarstjórna breyst í gegnum tíðina þar sem m.a. sveitarfélög hafa sameinast. Við sameiningu sveitarfélaga hafa þjónustusvæði hitaveitna stækkað og enn og aftur endurspeglar reglugerðir ekki þessa þenslu þjónustusvæða. Hvað varðar fyrsta og annan lið er hugsanlegt að einstaka reglugerðir verði felldar úr gildi. Í þriðja lagi hafa einstök orkufyrirtæki skilið á milli reksturs hitaveitu og rafveitu, t.a.m. hafa veitufyrirtæki selt út úr veitunni raforkustarfsemi sína, en reglugerðir fyrirtækjanna hafa samt sem áður að geyma ákvæði um rekstur og skyldur rafkerfis. Loks skal bent á að í iðnaðarráðuneyti er unnið að frumvarpsgerð að sérlögum um hitaveitur. Nái frumvarpið fram að ganga og verði samþykkt á Alþingi mun það einfalda allt regluverk hvað varðar reglugerðir fyrir hitaveitur. Í stað þess að settar séu reglugerðir um hverja tiltekna hitaveitu verður sett almenn reglugerð fyrir hitaveitur og eldri reglugerðir felldar úr gildi.

Aðgerð

Endurskoða þarf einstakar reglugerðir fyrir hitaveitur í ljósi breytts eignarhalds, breytinga á þjónustusvæðum og aðskilnaði rekstarþátta. Ljúka þarf vinnu við frumvarpsdrög að sérlögum um hitaveitur.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Stjórnvöld, hitaveitur og almenningur.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fram á Alþingi fyrir árslok 2007. Í kjölfarið verður unnið að heildarendurskoðun á reglugerðum einstakra hitaveitna.

Staðan í dag

Ekki búið að framkvæma einföldunaráætlun. Í kjölfar nýrra hitaveitulaga verða reglugerðirnar felldar brott.

Einföldunaráætlun sjávarútvegsráðuneytisins

1. Málefni Rafrænar afladagbækur

<i>Úrlausnarefni</i>	Framkvæmdin við söfnun afladagbóka (varða afla, veiðarfæri, veiðislóð o.fl. og ber skipstjórum allra fiskiskipa og báta að skila þeim mánaðarlega) hefur verið þannig að Fiskistofa hefur gefið út eyðublaðabækur og sent útgerðunum. Skipstjórnarnir hafa fyllt eyðublöðin út og sent þau til Fiskistofu. Eyðublöðin hafa síða verið send til Hafrannsóknastofnunarinnar sem hefur fært upplýsingar af þeim inn í sérstakan gagnagrunn. Framkvæmd þessi er fyrirhafnar- og kostnaðarsöm fyrir skipstjóra, útgerðir og hlutaðeigandi stjórnvöld og hefur í för með sér hættu á að mistök verði við skráningar.
<i>Markmið</i>	Að draga úr fyrirhöfn og kostnaði við að safna þeim upplýsingum sem færðar eru í afladagbækur og draga úr hættu á röngum skráningum.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun á reglum um afladagbækur til að kveða á um skyldu skipstjóra og útgerða til að færa og senda rafrænar afladagbækur. Dreifa afladagbókarforriti til útgerða og kynna notkun þess fyrir þeim og skipstjórum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Skipstjórar, útgerðir, stjórnvöld og almenningur (minni kostnaður).
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Áætlað er að töluvert fé sparist þar sem ekki þarf að prenta eyðublaðabækur. Þá sparast einnig fé þar sem auðveldara verður að safna bókunum og þær færast sjáfvirkt í gagnagrunn.
<i>Tímaætlun</i>	Ný reglugerð um afladagbækur sett (nr. 557/2007) þar sem kveðið er á um frá og með hvaða tíma skuli færa og senda afladagbækur rafrænt.

2. Málefni Rafrænn flutningur aflaheimilda milli fiskiskipa

<i>Úrlausnarefni</i>	Útgerðir fiskiskipa hafa þurft að sækja skriflega á þar til gerðu eyðublaði um staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflaheimilda milli fiskiskipa (geta þó flutt sjálfar rafrænt milli eigin skipa). Þetta hefur í för með sér fyrirhöfn og tilheyrandi kostnað fyrir hlutaðeigandi útgerðir og Fiskistofu.
<i>Markmið</i>	Að auðvelda framkvæmd við flutning á aflaheimildum milli fiskiskipa og draga úr kostnaði.

<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun á laga- og reglugerðarákvæðum sem gilda um flutning aflaheimilda milli fiskiskipa. Nauðsynlegar breytingar á tölvukerfi Fiskistofu. Hugsanlega nauðsynlegt að gera samninga við hlutaðeigandi útgerðir.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Útgerðir, Fiskistofa og almenningur (minni kostnaður).
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Áætlað er að töluvert fé sparist hjá hlutaðeigandi útgerðum og Fiskistofu.
<i>Tímaáætlun</i>	Unnið að forritun og prófunum og stefnt að því að leggja þann xx. xx. xxxx til við sjávarútvegsráðuneytið að það beiti sér fyrir nauðsynlegum laga- og reglugerðabreytingum sem taki gildi þann xx. xx. xxxx.

Einföldunaráætlun landbúnaðarráðuneytisins

Aðbúnaður búfjár og heilbrigði dýra.

1. Stjórnsýsla dýraverndar- og dýraheilbrigðismála.

Úrlausnarefni

Stjórnsýsluleg umgjörð dýraverndarmála (dýraheilbrigðis) er nokkuð flókin. Umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun fara með forræði dýraverndarlaga sem taka til allra dýra. Landbúnaðarráðuneytið og Landbúnaðarstofnun fara með forræði laga um búfjárhald o.fl. Síðarnefndu lögin ná einungis til búfjár og taka m.a. til viðbragða vegna illrar meðferðar á búfé, þ.e. eru að nokkru marki *dýraverndunarlæg fyrir búfé*.

Búfjárefartilitskerfi sveitarfélaga tekur til landsins alls á grundvelli laga um búfjárhald. Búfjárefartilitsmönnum, og raunar einnig öllum öðrum, er skylt að hafa samband við héraðsdýralækni greini þeir illa meðferð búfjár.

Landbúnaðarstofnun annast umsýslu vaktkerfis dýralækna um allt land, sem þýðir að allir dýraeigendur geta fengið til sín dýralækni innan 24 tíma ef á þarf að halda, t.d. vegna slysa eða dýra sem illa eru haldin eða líða kvalir sem þarf að linna. Þetta vaktkerfi byggir á lögum um dýralækna sem taka til allra dýra.

Sé um að ræða illa meðferð á dýrum sem ekki teljast búfé getur héraðsdýralæknir lent í erfiðleikum með að gera kröfur um úrbætur og gæta þess að þeim sé fylgt eftir. Í þeim tilvikum verður hann að fela Umhverfisstofnun á grundvelli dýraverndarlaga að fara með kröfur um úrbætur. Því hefur verið haldið fram að sú stofnun hafi takmarkaða möguleika á að fara með slík mál vegna skorts á starfsfólki með næga þekkingu.¹

Markmið

Að skýra valdmörk til að treysta eftirlit

Aðgerð

Endurskoða lög um búfjárhald og lög um dýravernd til að skýra valdmörk og mögulega fela eftirlit með dýravernd einni stofnun sem heyrir undir eitt ráðuneyti. Málið þarf að ræða á vettvangi ráðuneyta.

Hverjir hafa hag af aðgerðum

Málleysingjar.

¹ Sjá nánar: Ársskýrsla embættis yfirdýralæknis 2004, inngangur yfirdýralæknis, bls. 2-3. Einnig má vísa til svohljóðandi ályktunar Dýralæknafélags Íslands: „Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands haldinn í Reykjavík 17. mars 2007 skorar á ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd hið fyrsta, sem hafi það hlutverk að kanna ofan í kjölinn hvernig fyrirkomulagi dýraverndar er háttáð hér á landi og bera það saman við fyrirkomulag í helstu nágrannalöndum okkar. Nefndin hefði einnig það hlutverk að koma með tillögur til úrbóta, með það að markmiði að öll dýr á Íslandi njóti viðunandi verndar og stjórnskipulagi verði þannig háttáð að framkvæmd dýraverndar verði skilvirk.” Í greinargerð með ályktuninni segir m.a.: „Regluverk varðandi dýravernd á Íslandi er flókið. Gildissvið, hlutverk og virkni dýraverndarlaganna sem hornsteinn regluverks um dýravelferð er óskýr.” Loks má geta að dýraverndarráð hefur nýverið ályktað á sömu nótum.

Kostnaðarleg áhrif. Óviss

Tímaáætlun 2008-2009.

2. Eldri fyrirmæli með stoð í löggjöf um dýrasjúkdóma.

Úrlausnarefni Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim skyldu reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sem sett voru með heimild í eldri löggjöf um varnir gegn dýrasjúkdómum halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau stönguðust ekki á við hin nýju lög, þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hefðu öðlast gildi. Mörg hinna nýju fyrirmæla hafa kveðið á um brottfall eldri fyrirmæla. Enn hafa þó ekki verið felld úr gildi fyrirmæli sem álíta verður byggð á hæpnum lagagrundvelli, er ekki framfylgt og ganga jafnvel í bága við nýrri fyrirmæli. Hér má vísa til reglna um störf fulltrúa, varðstjóra og eftirlitsmanna sem starfa á vegum sauðfjárveikivarna nr. 76/1952, reglugerðar um bann við nautgripaflutningum, heyflutningum, sláturflutningum o.fl. nr. 135/1952, auglýsingar um notkun matarleifa til skepnufóðurs nr. 10/1964, reglugerðar um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum nr. 27/1970, reglugerðar um varnir gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma í Rangárvallasýslu nr. 423/1979, reglugerðar um varnir gegn hundaæði nr. 290/1980 og reglugerðar um varnir gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma við vinnslu og dreifingu fóðurs úr grasi, grænfóðri og heyi nr. 96/1987.

Markmið Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar. Með því verður réttaröryggi treyst, skrifinnnska minnkuð og stjórnsýslan gerð einfaldari og gagnsærri.

Aðgerð Fella brott framangreindar reglur, auglýsingar og reglugerðir.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennigur

Kostnaðarleg áhrif Óveruleg.

Tímaáætlun 2008 - 2009.

3. Búfjäreftirlit.

Úrlausnarefni Með heimild í lögum um búfjánhald og reglugerð um búfjäreftirlit annast sveitarfélög landsins búfjäreftirlit á 30 búfjäreftirlitssvæðum sem telja eitt eða fleiri sveitarfélög. Búfjäreftirlitsmenn líta til með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk þess að annast önnur verkefni sem þeim eru

falin. Búfjáreftirlitsmenn safna skýrslum frá bændum á haustin og sækja þá heim fyrir 15. apríl ár hvert. Sveitarfélögin bera ábyrgð á eftirlitinu og ráða búfjáreftirlitsmenn sem skulu vera a.m.k. búfræðimenntaðir og sækja námskeið hjá Bændasamtökum Íslands sem sjá um að samræma eftirlitið. Nokkur dæmi eru fyrir því að starfsmenn búnaðarsamtaka sinni búfjáreftirliti en það skapar hættu á hagsmunaárekstrum þar sem búnaðarsamtök annast ráðgjöf til bænda. Búfjáreftirlitið hefur verið gagnrýnt fyrir að samræming þess hafi ekki tekist sem skyldi og fyrir skort á yfirsýn og stjórnun.

Landbúnaðarstofnun annast eftirlit með meðferð búfjár og er vel í stakk búin til þess að bregðast við með flýti við ef grunsemdir vakna um að búfénaður búi við illan aðbúnað eða svelt en búfjáreftirlitsmönnum ber að tilkynna héraðsdýralækni Landbúnaðarstofnunar um slíkar grunsemdir. Verði eftirlitið fært til Landbúnaðarstofnunar yrði allt eftirlit með búfé á forræði stofnunarinnar. Starfsemi hennar á landsbyggðinni myndi eflast.

Landbúnaðarstofnun telur að með betri yfirsýn verði hægt að draga verulega úr kostnaði og bæta framkvæmd eftirlitsins með því að umbuna aðilum sem standa sig vel með minna eftirliti en auka á sama tíma eftirlit með þeim sem hafa orðið uppvísir að slæmri meðferð búfjár eða eru grunaðir um það af einhverjum ástæðum. Hér má nefna að mögulegt ætti að vera að nýta aðrar upplýsingar um búfé sem héraðsdýralæknar afla til að stýra búfjáreftirlitinu. Nefna skal að héraðsdýralæknar annast eftirlit með leyfisskyldri starfsemi t.d. heilbrigðisskoðun í sláturhúsum sem getur gefið haldgóðar vísbendingar um meðferð á búfé.

<i>Markmið</i>	Treysta réttaröryggi og gera stjórnsýslu einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Endurskipulagning búfjáreftirlits og búfjáreftirlitssvæða í samráði við hagsmunaaðila og sveitarfélög.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Málleysingjar og bændur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Taka verður afstöðu til þess hver skuli bera kostnað af eftirlitinu en nú standa sveitarfélög straum af kostnaði við búfjáreftirlit en þau hafa heimild til að innheimta gjald af búfjáreigendum vegna þess.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

4. Flutningur og slátrun búfjár.

Úrlausnarefni Í gildi eru reglugerð nr. 158, 23. september 1957 um slátrun búfjár o.fl. og reglugerð nr. 127, 6. september 1958 um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum. Talið er brýnt að endurskoða þessar reglugerðir.²

² Sjá t.d. ársskýrslu embættis yfirdýralæknis 2003, inngangur yfirdýralæknis, bls. 3.

Umhverfissráðherra í samráði við embætti yfirdýralæknis o.fl. hefur látið vinna drög að nýjum reglugerðum. Samkvæmt dýraverndunarlögum nr. 15/1994 setur umhverfissráðherra reglugerðir um flutninga á dýrum og aflífun. Valdmörk eru þó ekki nægilega skýr enda segir í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl. að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um slátrun á dýrum utan sláturhúsa í samráði við umhverfissráðherra auk þess að þar er kveðið á um flutning á dýrum í sláturhúsrétt.

Landbúnaðarstofnun er að mati landbúnaðarráðuneytisins best í stakk búin til að annast öflugt eftirlit með flutningum og slátrun búfjár ekki síst þar sem samþætta má það eftirlit við annað eftirlit stofnunarinnar í sláturhúsum og heima á búum.

<i>Markmið</i>	Að skýra valdmörk til að treysta eftirlit og endurnýja reglugerðir um málefnið.
<i>Aðgerð</i>	Landbúnaðarráðuneyti og umhverfissráðuneyti taki til sameiginlegrar endurskoðunar lög um dýravernd, búfjárhald og um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Málleysingjar, búfjáreigendur og flutningsaðilar.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óviss.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

5. Leyfi til mjólkur- og kjötframleiðslu.

Úrlausnarefni Samkvæmt reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra, skulu héraðsdýralæknar annast árlegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu allra mjólkurkúa, kálfa og annarra nautgripa hjá mjólkur- og kjötframleiðendum. Eftirlitið nær til húsakosts, mjaltakerfis, gæða vatns í mjólkurhúsi, mjaltaaðstöðu, hreinlætis, umgengni o.fl. Ef framleiðendur uppfylla öll skilyrði gefur héraðsdýralæknir út framleiðsluleyfi.

Í stærstu landbúnaðarhéruðunum er þetta stór þáttur í starfsemi héraðsdýralækna og í raun svo umfangsmikill að erfitt er að uppfylla þessar skyldur varðandi kjötframleiðslu nautgripabænda. Þá ber þess að geta að mjólkuriðnaður vinnur eftir ströngu gæðakerfi.

Athuga þarf hvort ekki eigi að taka betur tillit til nýrra sjónarmiða um áhættugreiningu og hætta árlegri skoðun í öllum fjósum landsins, en þess í stað að nota áhættugreiningu til að beina kröftum héraðsdýralækna að þeim fjósum þar sem mest eftirlits er þörf.

<i>Markmið</i>	Gera eftirlit með mjólkur- og kjötframleiðslu markvissara. Minnka skriffinnsku og gera stjórnsýslu einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Breyta reglugerð nr. 438/2002 með þeim hætti að framleiðsluleyfi verði gefin út til lengri tíma en eins árs.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Bændur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Mun lækka kostnað ríkissjóðs.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009

6. Sóttþreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt 8. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 60/2006 er skylt að sóttþreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið, enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati Landbúnaðarstofnunar, um að búnaðurinn hafi verið sóttþreinsaður erlendis. Ákvæði þessu hefur verið framfylgt með því að Landbúnaðarstofnun hefur gert samninga við einkafyrirtæki á Keflavíkurflugvelli sem annast hefur sóttþreinsun á veiðitækjum og öðrum búnaði sem berst inn í landið með erlendum veiðimönnum. Aukin umferð um aðra flugvelli landsins hefur gert eftirlitið erfiðara. Að mati Landbúnaðarstofnunar er nauðsynlegt að fram fari áhættumat á því hvort sú sóttþreinsun sem mælt er fyrir í 8. gr. laganna sé nauðsynleg út frá smitsjúkdómavörnum, en ljóst er að nágrannaþjóðir hafa fellt slíkt ákvæði úr sinni löggjöf og hætt eftirliti með veiðibúnaði sem kemur inn í viðkomandi lönd. Ábyrgðin og eftirlitið hefur verið fært til veiðiréttarhafa sem ákveða sjálfir hvort og hvernig sóttþreinsun skuli fara fram.
<i>Markmið</i>	Minnka opinbert eftirlit og kostnað af því. Stjórnsýsla verði gerð einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Áhættumat og ákvörðun í ljósi þess.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Stangveiðimenn og veiðiréttarhavar.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óveruleg.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

Varnir gegn búfjársjúkdómum.

7. Innflutningur dýra.

<i>Úrlausnarefni</i>	<p>Samkvæmt 2. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990 er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Landbúnaðarráðherra getur vikið frá þessu banni að fengnum „meðmælum” yfirdýralæknis hvað varðar landdýr og að fengnum umsögnum Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins, hvað varðar lagardýr. Samkvæmt 5. gr. laganna skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, erfðanefndar landbúnaðarins og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd sé sótt um innflutning á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir.</p> <p>Sú stjórnarsýsla að fela ráðherra að taka ákvörðun um innflutning að fengnum „meðmælum” undirstofnunar er afar virk eftirlitsaðferð sem hefur verið víkjandi í seinni tíð í uppbyggingu stjórnarsýslu á Norðurlöndunum en tíðkast einkum þar sem mikilvægar og/eða kostnaðarsamar, ákvarðanir eru teknar að staðaldri. Ætla verður að venjubundinn innflutningur algengra tegunda hunda og katta, svo algengustu dæmi séu nefnd, krefjist ekki slíkrar reglufestu.³ Öðru máli gegnir hins vegar um innflutning nýrra tegunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir eins og sjá má m.a. af fjölda umsagna sem afla verður um slíkt erindi. Ekki er ástæða til að draga úr reglufestu í þeim mikilvæga málaflokki.</p>
<i>Markmið</i>	<p>Einfalda málsmeðferð, skýra valdmörk, stofna kæruleið til ráðherra með því að fela Landbúnaðarstofnun fullnaðarvald til að veita innflutningsleyfi og stytta málsmeðferðartíma án þess að raska réttaröryggi.</p>
<i>Aðgerð</i>	<p>Endurskoðun á lögum um innflutning dýra og reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis.</p>
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	<p>Innflytjendur og eigendur dýra.</p>
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	<p>Óviss.</p>
<i>Tímaáætlun</i>	<p>2008 - 2009.</p>

³ Forvaltningsret, Bent Christensen, 1997, bls. 330.

8. Eftirlit og varnir gegn garnaveiki í búfé.

<i>Úrlausnarefni</i>	Illa hefur gengið að kveða endanlega niður garnaveiki í sauðfé, geitfé og nautgripum sem enn veldur vanhöldum. Til er bóluefni gegn garnaveiki og er skylt að bólusetja ásetningslömb á garnaveikisvæðum gegn veikinni. Samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 638/1997 er sýslumönnum falið í samráði við yfirdýralækni að skipa eftirlitsmenn með framkvæmd bólusetningar. Eftirlitsmenn útnefna bólusetningarmenn í samráði við sveitarstjórnir. Eftirlitsmenn safna skýrslum frá bólusetningarmönnum og senda yfirdýralækni. Framkvæmd eftirlits hefur ekki verið eins góð og kostur væri að mati ráðuneytisins og Landbúnaðarstofnunar. Nefnd hefur starfað nokkuð lengi við að gera tillögur að endurskipulagningu bólusetningar. Nefndin hefur m.a. til skoðunar að leggja til við ráðherra að Landbúnaðarstofnun verði falið eftirlitshlutverk og skipun bólusetningarmanna.
<i>Markmið</i>	Að skýrgreina valdmörk, minnka skrifinnsku og gera stjórnarsýslu einfaldari og gagnsærri með því að samræma eftirlit í landbúnaði.
<i>Aðgerð</i>	Setning reglugerðar.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Fjárbændur og málleysingjar.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Landbúnaðarstofnun kann að verða fyrir auknum kostnaði af hertu eftirliti með bólusetningu. Árlegur kostnaður ríkissjóðs af varnaraðgerðum gegn garnaveiki nam á tímabilinu 1998 - 2004 að meðaltali 11,3 milljónum króna. Ríkissjóður greiðir kostnað af sýnatöku og rannsóknum sýna, en mikill fjöldi sýna er tekinn á hverju ári. Sauðfjárbændur greiða hins vegar lungann af kostnaði við bólusetninguna sjálfa. Náist árangur við útrýmingu garnaveiki sparast hins vegar verulegir fjármunir. ⁴
<i>Tímaáætlun</i>	2007-2008.

9. Verkferlar í riðuveikimálum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Riðuveiki (Scrapie) í sauðfé er sjúkdómur sem valdið hefur bændum þungum búsisfjum um áratugaskeið. Með heimild í reglugerð nr. 651/2001 um varnir gegn riðuveiki o.fl. leitar Landbúnaðarstofnun eftir samningum við bændur á bæjum þar sem greinst hefur riðuveiki í fjárstofni og oft einnig á bæjum þar sem grunsemdir eru um samgang fjár við riðusjúkt fé (snertibæjum). Í samningum þessum er kveðið á um bótagreiðslur ríkisins gegn niðurskurði alls fjárstofns, nauðsynlegri sóttthreinsun húsa auk tímabundins fjárleysis. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli ríkisins, sveitarstjórna, og fjáreigenda við aðgerðir gegn riðuveiki enda er það ein
----------------------	--

⁴ Sjá nánar skýrslu Hagþjónustu landbúnaðarins um kostnað vegna riðu og garnaveiki, bls. 50. Skýrslan er birt í viðauka við skýrslu nefndar landbúnaðarráðherra um endurskoðun á vörnum gegn búfjárjúkdómum frá júlí 2006.

helsta forsenda árangurs af niðurskurði. Þar sem hér er um að ræða viðamiklar og oft flóknar aðgerðir er mikilvægt að verkferlar séu skýrir og jafnræðis gætt við allar úrlausnir.

<i>Markmið</i>	Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar. Með því verður réttaröryggi treyst, valdmörk skýrgreind, skriffinnska minnkuð og stjórnsýslan gerð einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Landbúnaðarstofnun vinnur verkferla í málum er lúta að niðurskurði og bótum vegna niðurskurðar sökum riðuveiki í samráði við Umhverfisstofnun, landbúnaðarráðuneytið og samtök bænda.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Fjárbændur, sveitarfélög og málleysingjar.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Engin sjáanleg.
<i>Tímaáætlun</i>	2007.

10. Leyfi til innflutnings á vörutegundum sem kunna að bera smitefni er valda dýrasjúkdómum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Á hverju ári er veittur nokkur fjöldi leyfa til innflutnings á vörutegundum sem kunna að bera smitefni er valda dýrasjúkdómum. Einkum er um að ræða notuð landbúnaðartæki og hestakerrur. Stjórnsýsla málaflokksins er nokkuð „þung í vöfum“ samkvæmt löggjöfinni þar sem ráðherra veitir undanþágu frá algeru banni við innflutningi með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim að fengnum „meðmælum“ yfirdýralæknis sem oft eru bundin tilteknum skilyrðum. Sú verkaskipting að fela ráðherra að staðfesta ákvarðanir undirstofnunar er afar virk eftirlitsaðferð sem hefur verið víkjandi á Norðurlöndunum en tíðkast einkum þar sem mikilvægar og/eða kostnaðarsamar, ákvarðanir eru teknar að staðaldri. Ætla verður að þessi mál krefjist ekki slíkrar reglufestu. ⁵
<i>Markmið</i>	Einfalda málsmeðferð, skýra valdmörk og stofna kæruleið til ráðherra með því að fela Landbúnaðarstofnun fullnaðarvald til að veita innflutningsleyfi. Með því má stytta málsmeðferðartíma án þess að raska réttaröryggi.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun á 2. mgr. 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins nr. 509/2004.
<i>Hverjir hafa hag</i>	Innflytjendur.

⁵ Forvaltningsret, *Bent Christensen*, 1997, bls. 330.

af aðgerðum

Kostnaðarleg
áhrif Óviss.

Tímaáætlun 2008 - 2009.

11. Gerð fjallskilasamþykktu og samþykktu um búfjárhald.

Úrlausnarefni Sveitarfélögum er heimilt að setja sér samþykktir um búfjárhald. Í samþykktum þessum er tekin afstaða til vörsluskyldu búfjár innan sveitarfélagsins, legu girðinga o.fl. Landbúnaðarráðherra er falið að staðfesta samþykktir þessar að fengnum umsögnum Bændasamtaka Íslands sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

Héraðsnefndir (áður sýslunefndir) hafa heimild til að setja héraði fjallskilasamþykkt. Í þeim samþykktum skal „kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.” sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Ráðherra er falið að gæta þess að samþykktir um búfjárhald og fjallskilasamþykktir gangi ekki í bága við lög. Því miður er nokkur misbrestur á því að drög að samþykktum þessum séu nægilega greinargóðar eða eigi sér fullnægjandi lagastoð og leiðir það oft til þess að langan tíma og mikla yfirlegu tekur að gera samþykktirnar eins vel úr garði og nauðsynlegt er.

Markmið Að auðvelda sveitarfélögum og héraðsnefndum vinnu við gerð haldgóðra samþykktu um búfjárhald og fjallskilasamþykktu.

Aðgerð Landbúnaðarráðherra gefi út leiðbeiningar um gerð samþykktu um búfjárhald og fjallskilasamþykktu í samráði við Bændasamtök Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í leiðbeiningum verður gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynlegt er að komi fram og reynt að skýra út helstu álitafni. Mögulega má semja fyrirmyndir að samþykktunum en til hliðsjónar má benda á fyrirmyndir að samþykktum veiðifélaga.

Hverjir hafa hag af aðgerðum. Sveitarfélög og héraðsnefndir auk búfjáreigenda

Kostnaðarleg áhrif Nokkur vinna hlýst af því að semja greinargóðar leiðbeiningar og gefa þær út. Á móti má ætla verulegan vinnusparnað heima í héraði með tilkomu þeirra. Ekki er ástæða til að ætla mikinn kostnað við útgáfu þar sem veita má aðgang að leiðbeiningum á vefsíðu ráðuneytisins.

Tímaáætlun 2008 - 2009.

12. Lega sóttvarnarsvæða (varnarhólfa) fyrir búfé

<i>Úrlausnarefni</i>	Landinu er skipt í 37 sóttvarnarsvæði fyrir búfé. Merkjum hólfa (varnarlínur) ráða varnarlínugirðingar auk vatnsfalla, sjós eða öræfa sem mynda farartálma eða fullkomna hindrun á fjársamgangi. Takmarkanir eru við samgangi milli og innan svæða með sauðfé, geitur og nautgripi til lífs og til slátrunar. Einnig eru takmarkanir við flutningi heyfengs og landbúnaðartækja. Skyld er að farga línubróttum gegn bótum úr ríkissjóði. Ríkissjóður greiðir viðhald varnarlínugirðinga sem eru áætlaðar um 561 km að lengd. Ástand þeirra er víða ekki svo gott sem skyldi sökum skorts á fjármunum og brýnt er að endurbæta eða endurnýja margar þeirra. Um nokkurt skeið hafa verið á lofti hugmyndir um breytta legu varnarhólfa og girðinga með það að markmiði að tryggja markvissari hagnýtingu fjármuna til málaflokksins enda er sjúkdómaástand víða orðið það stöðugt og gott á sóttvarnarsvæðum sem liggja saman að ekki eru sömu rök og fyrr til kostnaðarsams viðhalds langra girðinga milli svæðanna.
<i>Markmið</i>	Að tryggja áfram öflugar smitsjúkdómavarnir með markvissari hagnýtingu fjármuna.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun á reglugerð um búfjármörk, markaskrár, og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998 og auglýsingu um varnarlínur sauðfjárvarnarsvæða nr. 155/1987 að uppfyllri þeirri málsmeðferð sem greinir í 12. og 23. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Til lengri tíma litið má ætla að öflugri smitsjúkdómavarnir og bætt heilbrigðisástand skili bændum betri afurðum og auknu starfsöryggi. Sjúkdómavarnir verða hertar í formi markvissari hagnýtingar fjármuna sem að vonum mun fækka línubróttum.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Með breytingum er ekki stefnt að því að skerða fjárframlög til málaflokksins sem hafa síðustu ár numið 20 - 35 milljónum á hverju ári.
<i>Tímaáætlun</i>	Óvíst.

Hagnýting rafrænnar stjórnsýslu.

13. Afgreiðslumál ráðuneytisins og umsóknaform.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í kjölfar tæknipróunar sem leitt hefur til aðgengis almennings að rafrænum miðlum hafa skapast tækifæri til einföldunar. Í stjórnsýslu ráðuneytisins og undirstofnana þess verður til mikill fjöldi mála sem alla jafna má telja til staðlaðra afgreiðslumála. Hér má nefna leyfi til innflutnings á dýrum, matvælum og ýmsum vörum. Prófanir hafa þegar verið hafnar með gagnvirkt eyðublað á vefsíðu ráðuneytisins og í framtíðinni er ljóst að kostir rafrænnar stjórnsýslu verða nýttir í auknum mæli við margskonar
----------------------	--

leyfisveitingar í stjórnsýslu landbúnaðar. Þetta helst í hendur við væntanlega innleiðingu og útgáfu rafræna skilríkja. Eins er ljóst að vefsíðu ráðuneytisins má nýta enn betur til að gefa leiðbeiningar og auka aðgengi að stjórnsýslunni.⁶

<i>Markmið</i>	Að hagnýta kosti rafrænnar stjórnsýslu. Með því má flýta og einfalda málsmeðferð og gera hana gagnsærri og skilvirkari.
<i>Aðgerð</i>	Hagnýta rafræna stjórnsýslu í auknum mæli.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum.</i>	Almenningur
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óviss
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

Landnýting í þágu landbúnaðar.

Ráðuneytið hefur forræði á jarða- og ábúðarlögum auk þess að fara með forræði á jörðum í eigu ríkisins, sbr. 33. gr. jarðalaga.

14. Lögbýli.

Úrlausnarefni Þegar ríkið hafði veruleg afskipti af fjárstuðningi og lánaþyrngreiðslum til bænda gegnum sérstakar lánastofnanir var skilyrði lántöku alla jafna að lánið væri til búrekstrar, húsbyggingar o.fl. á *lögbýlum*. Löggjöf um lögbýli fjallaði fyrst og fremst um lánastuðning og hefur staða býlis sem lögbýli mun minni merkingu eftir að breytingar urðu á lánamarkaði. Viðurkenning til stofnunar lögbýlis var þó látin hafa gildi í ýmsum öðrum tilvikum. Ekki er til samantekt um lögfylgjur lögbýla en nefna má að í búvöruframleiðslu er réttur til beingreiðslna, gripagreiðslna, jarðabótastyrkja, skógræktarstyrkja o.fl. háður því að framleiðsla fari fram á lögbýli. Ekki ber að greiða vörugjald af dráttarvélum til nota á lögbýlum auk þess að þjónusta sveitarfélaga virðist oft tengjast lögbýlisskráningu. Landbúnaðarráðherra er falið með heimild í jarðalögum að fengnum umsögnum sveitarstjórnar og héraðsráðunauts að veita leyfi til stofnunar nýrra lögbýla. Í nýju jarðalögum er réttur til stofnunar lögbýlis ekki

⁶ Hér má vísa til stefnu ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2004 sem ber yfirskriftina: Auðlindir í allra þágu - Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007. Þar er m.a. kveðið svo að orði: „Hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög [skulu leggja] áherslu á rafræn viðskipti og rafræna stjórnsýslu. Í því felst m.a. að opinberar stofnanir veiti rafræna þjónustu hvarvetna þar sem hún leiðir til hagræðingar og bættrar þjónustu við almenning og atvinnulíf. Áhersla verði lögð á að hægt verði að nýta tiltölulega einfaldan tæknibúnað í samskiptum við stjórnvöld og að nýir samskiptamiðlar verði nýttir. Ávallt þarf þó að vera fyrir hendi val þannig að þeir sem ekki geta notað tæknina geti notið hefðbundinnar þjónustu áfram. Á vegum forsætisráðuneytis verði sett upp sérstök verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu sem hafi það verkefni árin 2004-2007 að aðstoða og hvetja opinberar stofnanir til að vinna að þessu meginmarkmiði.“ Sjá nánar <http://ut.is/>

sérlega vel afmarkaður og marka þyrfti betri stefnu við afgreiðslu umsókna um stofnun lögbýla.

<i>Markmið</i>	Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar. Með því verður réttaröryggi treyst, skriffinnska minnkuð og stjórnsýslan gerð einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Yfirfara skilyrði til skráningar lögbýla og lögfylgjur þeirra. Í kjölfarið verði stjórnsýsluframkvæmd endurskoðuð og tekið til skoðunar að setja reglugerð með heimild í jarðalögum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óvíst.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

15. Landskipti og lausn úr landbúnaðarnotum skv. jarðalögum.

Úrlausnarefni Í 13. gr. jarðalaga er ráðuneytinu ætlað að taka ákvörðun um að staðfesta eða synja um skipti á landi sem fellur undir gildissvið jarðalaga nr. 81/2004. Samkvæmt athugasemdum við lögin skal ráðuneytið leggja mat á hvort landskipti geti haft í för með sér „að land sem vel er fallið til landbúnaðarnota” verði það ekki eftir landskipti. Sjónarmið við beitingu þessara heimilda má einnig leiða af 1. gr. jarðalaga þar sem segir að markmið laganna sé m.a. að „stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota”. Afla ber umsagnar sveitarfélags um landskiptin en oft er sú umsögn ekki byggð á þeim forsendum sem henni er ætlað. Nauðsynlegt er að skýra á hvaða *málefna* grundvelli umsagnar er óskað svo að minni hættu sé á að ómálefnaleg sjónarmið séu dregin inn í mál og nauðsynleg lagasjónarmið komi ekki fram. Í dag verða landeigendur að sækja um landskipti sérstaklega til ráðuneytisins þar á meðal vegna skipta á stökum frístundalóðum. Vel má hugsa sér aðkomu ráðuneytisins með öðrum hætti t.d. á stjórnsýslustigi í samráði við sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana. Í 6. gr. jarðalaga er ráðherra falið að taka ákvörðun um lausn úr landbúnaðarnotum að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Nokkur misbrestur er á því að þessa leyfis sé aflað og eru dæmi um heil frístundasvæði sem ekki hafa verið leyst úr landbúnaðarnotum. Sömu sjónarmið eiga að meginstefnu við um þessa ákvarðanatöku og um landskipti. Framkvæmd þessara mála er umdeild og tímafrek. Víða hafa farið fram landskipti og breytingar á skipulagi án þess að áskilinnar heimildar

ráðuneytisins hafi verið aflað. Þeir aðilar sem koma að skipulagsmálum hafa kallað eftir einföldun og samræmingu þessara mála, þ.á.m. starfsmenn sýslumannsembætta, fasteignamats og sveitarfélaga.

<i>Markmið</i>	Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar. Með því verður réttaröryggi treyst, skriffinnska minnkuð og stjórnýsflan gerð einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Greina verður þá hagsmuni sem um er að ræða, hvort og þá hvernig endurskoða skuli löggjöfina og/eða framkvæmdina. Ljóst er að samráð verður að hafa við sveitarfélög og aðra sem gerst þekkja til s.s.. Fasteignamat ríkisins og Skipulagsstofnun.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur, sveitarfélög, eigendur jarða.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óviss.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2010.

16. Upplýsingaöflun skv. 10. gr. jarðalaga.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í 10. gr. jarðalaga nr. 81/2004 er kaupanda eða öðrum „viðtakanda réttar” gert skylt að tilkynna sveitarstjórn stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem jarðalögin gilda um. Í frumvarpi til jarðalaga var sveitarfélögum ætlað að halda skrá um aðilaskipti og eignarhald á jörðum og öðrum fasteignum. Það ákvæði var fellt úr frumvarpinu í meðförum þingsins. Í eldri jarðalögum nr. 65/1976 var samþykki sveitarstjórnar og jarðanefnda áskilið til aðilaskipta að landi. Nú hafa sveitarstjórnir ekki slíkt hlutverk á hendi og er tilgangur þessarar upplýsingaskyldu óljós en mikill misbrestur hefur verið á því að henni hafi verið sinnt.
<i>Markmið</i>	Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar og draga úr skriffinnsku.
<i>Aðgerð</i>	Lagabreyting sem fæli í sér að þessi skylda verði felld niður.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Sveitarfélög og eigendur lands sem lýtur jarðalögum.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óviss.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

Eignaumsýsla ráðuneytisins.

Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði jarðeigna ríkisins.⁷

17. Sala ríkisjarða með heimild í jarðalögum og lögum um jarðasjóð.

<i>Úrlausnarefni</i>	Ábúendur ríkisjarða eiga skilyrtan kauprétt ábúðarjarða sinna. Einnig eiga sveitarfélög kauprétt og ábúendur jarða sem selt hafa ríkinu jarðir sínar á grundvelli laga um jarðasjóð. Að mati ráðuneytisins er þörf á því að endurskoða og skýra framangreindan kauprétt, einkum kauprétt ábúenda skv. 37. gr. jarðalaga til þess að tryggja jafnræði og samræmi í lagaframkvæmd auk þess að með því geta kaupréttarbeiðendur betur gert sér grein fyrir réttarstöðu sinni og væntanlegri meðferð máls þeirra.
<i>Markmið</i>	Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar. Með því verður réttaröryggi treyst, skriffinnska minnkuð og stjórnarsýslan gerð einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun á stjórnarsýslu málaflokksins sem kann að leiða til setningar reglugerðar með stoð í 55. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og/eða frumvarps til breytinga á jarðalögum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Kaupréttarhafar og sveitarfélög hafa ábata af auknum málshraða og skýrari reglum.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óviss.
<i>Tímaáætlun</i>	2008-2009.

Fjármál bænda.

Áður fyrr voru fjármál bænda mjög umfangsmikill þáttur í verkefnum ráðuneytisins. Á undanförunum árum hefur dregið úr vægi málaflokksins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins er meðal undirstofnana ráðuneytisins.

18. Reglugerð um útgáfu Stofnlánadeildar landbúnaðarins á innlausnarbréfum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í gildi er framangreind reglugerð nr. 197/1995 sem veitti Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að gefa út verðtryggð skuldabréf (innlausnarbréf) til að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Reglugerðin er með öllu úrelt. Til upplýsingar skal greint frá því að Stofnlánadeild landbúnaðarins var sett á fót árið 1962 sem deild innan Búnaðarbankans sem ætlað var að standa undir eðlilegri fjárfestingarþörf vegna framkvæmda í landbúnaði með hagstæðari kjörum en giltu á almennum lánamarkaði. Þann 1. janúar
----------------------	---

⁷ Samkvæmt skriflegu svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi, 132 löggjþ. -þskj. 256, þann 3. nóvember 2005 voru 437 lögbýli þá á forræði landbúnaðarráðuneytisins.

1998 var Stofnlánadeild landbúnaðarins felld inn í Lánasjóð landbúnaðarins sem loks var seldur árið 2004.

<i>Markmið</i>	Stjórnsýsla gerð einfaldari og gagnsærri. Lagahreinsun.
<i>Aðgerð</i>	Reglugerðin verði felld úr gildi.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur
<i>Kostnaðarleg áhrif.</i>	Engin
<i>Tímaáætlun</i>	2007.

19. Reglugerðir um fjármál loðdýrabænda.

Úrlausnarefni Í gildi er reglugerð um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar nr. 084/1990 sem hafði lagastoð í lögum um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar nr. 112/1989 og hafði að markmiði að greiða úr rekstrarerfiðleikum bænda sem stunduðu loðdýrabúskap á árunum 1986 -1989. Í reglugerðinni er kveðið á um heimild til handa Framleiðnisjóði til að skuldbreyta lánnum bænda og veita lán með ríkisábyrgð til fimmtán ára. Útilokað má telja að enn sé starfað eftir reglugerðinni. Árið 1992 var Stofnlánadeild landbúnaðarins (síðar Lánasjóði landbúnaðarins) heimilað með lögum um breytingu á lögum um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar nr. 108/1992 að fella niður, afskrifa, allt að helmingi útistandandi skulda loðdýrabænda. Á grundvelli þeirra laga var síðan sett reglugerð um niðurfærslu loðdýralána nr. 201/1993.

<i>Markmið</i>	Stjórnsýsla gerð einfaldari og gagnsærri. Lagahreinsun.
<i>Aðgerð</i>	Fella brott reglugerðir sem ekki verður séð að hafi nokkra merkingu lengur. Leitað verður umsagnar Framleiðnisjóðs um breytinguna en sjóðurinn hafði umsjón með skuldbreytingum samkvæmt eldri reglugerðinni. Taka ber fram að séu enn í gildi skuldabréf á grundvelli þessara heimilda verður ekki séð að skert séu réttindi skuldara eða lánadrottna þótt reglugerðirnar verði felldar brott.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Engin
<i>Tímaáætlun</i>	2007.

Framleiðslu- og markaðsmál í landbúnaði.

Undir landbúnaðarráðuneytið falla framleiðslu- og markaðsmál í landbúnaði. Til þeirra mála telst m.a. framkvæmd laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulög) nr. 99/1993 og samninga um starfsskilyrði einstakra framleiðslugreina landbúnaðarins.

20. Verðskerðingargjald af kindakjöti.

Úrlausnarefni Með stoð í 1. mgr. 20. gr. búvörulaga og reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti nr 552/1997 er innheimt verðskerðingargjald af kindakjöti. Reglugerðin er að hluta til úrelt. Gjaldið er innheimt á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði og nemur 2 kr. á kg. Árið 2006 námu tekjur af innheimtu gjaldsins um 14,3 millj. kr. og annaðist Markaðsráð kindakjöts úthlutun þess, en ráðið er samstarfsvettvangur bænda og sláturleyfishafa. Gjaldið er dregið af verði til framleiðenda og lagt á afurðastöðvar í sláturiðnaði sem ber að standa skil á upplýsingum svo unnt sé að leggja gjaldið á.

Verðskerðingargjaldinu er haldið sérgreindu og er því varið til markaðsaðgerða fyrir kindakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Einnig má verja því til „að leiðréttu birgðastöðu kjöts“ sbr. 2. mgr. 20. gr. búvörulaga. Samkvæmt nýjum sauðfjársamningi er greitt árlegt framlag úr ríkissjóði til markaðsstarfs og birgðahalds sauðfjárbænda. Fjárhæðin er frá 311 milljónum króna (2008) til 160 milljóna króna (2013). Einnig er varið fjármunum með heimild í búnaðarlagasamningi til markaðsstarfs.

Markmið Minnka skriffinnsku og gera stjórnýslu einfaldari og gagnsærri.

Aðgerð Í samráði við hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um hvort áfram skuli innheimta verðskerðingargjald af kindakjöti. Meta verður árangur af markaðsstarfi og nauðsyn þess. Skoða verður hvort hagsmunum sé þegar þjónað með öðrum hætti, t.d. með framlögum innan nefndra samninga og hvort núgildandi skattheimtu sé þörf. Eins má spyrja hvort sláturleyfishafar og bændur séu sjálfir ekki best í stakk búnir til að annast markaðsstarfið án atbeina hins opinbera.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Sláturleyfishafar og bændur kunna að hafa hag af aðgerðum verði álitid rétt að ráðast í þær.

Kostnaðarleg áhrif Óviss.

Tímaáætlun 2008-2009.

21. Verðskerðingargjald af hrossakjöti.

Úrlausnarefni Með stoð í 1. mgr. 20. gr. búvörulaga og reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af hrossakjöti nr. 478/1996 er innheimt

2% verðskerðingargjald af hrossakjöti. Reglugerðin er að hluta til úrelt. Árið 2006 námu tekjur af innheimtu gjaldsins 1.856 þús kr. Gjaldið er dregið af verði til framleiðenda og er lagt á afurðastöðvar í sláturiðnaði sem ber að standa skil á upplýsingum um alla slátrun hrossa og ráðstöfun kjöts, hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Verðskerðingargjaldinu er varið til markaðsaðgerða fyrir hrossakjöt, bæði hér á landi og erlendis, en einnig er heimilt að verja því til „að leiðrétta birgðastöðu kjöts” sbr. 2. mgr. 20. gr. búvörulaga.

<i>Markmið</i>	Minnka skriffinnsku og gera stjórnýslu einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Í samráði við hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um hvort áfram skuli innheimta verðskerðingargjald af hrossakjöti. Meta verður árangur af markaðsstarfi og nauðsyn þess. Skoða verður hvort hagsmunum verði þjónað með öðrum hætti, t.d. með framlögum innan búnaðarlagasamnings í stað núgildandi skattheimtu sem er nokkuð flókin með hliðsjón af því að ekki er um háar fjárhæðir að ræða. Eins má spyrja hvort sláturleyfishafar og bændur séu sjálfir ekki best í stakk búnir til að annast markaðsstarfið án atbeina hins opinbera. Ekki er þörf lagabreytingar.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Sláturleyfishafar og bændur kunna að hafa hag af aðgerðum verði álitid rétt að ráðast í þær.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óvíst á þessu stigi.
<i>Tímaáætlun</i>	2007-2008.

22. Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af nautgripakjöti

<i>Úrlausnarefni</i>	Fyrir gildistöku laga nr. 119, 19. desember 2005 var innheimt verðskerðingargjald af nautakjöti með stoð í 1. mgr. 20. gr. búvörulaga. Framangreind reglugerð nr. 523/1997 hefur ekki enn verið felld úr gildi þrátt fyrir að njóta ekki lagastoðar og vera með öllu úrelt.
<i>Markmið</i>	Stjórnýsla gerð einfaldari og gagnsærri. Lagahreinsun.
<i>Aðgerð</i>	Reglugerðin verði felld úr gildi.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Engin.
<i>Tímaáætlun</i>	2007.

23. Reglugerð um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði.

<i>Úrlausnarefni</i>	Framangreind reglugerð nr. 313/1991, með síðari breytingum, hefur ekki verið felld úr gildi þrátt fyrir að vera með öllu úrelt vegna breytinga á starfsumhverfi búvöruframleiðslu með nýrri löggjöf.
<i>Markmið</i>	Stjórnsýsla gerð einfaldari og gagnsærri. Lagahreinsun.
<i>Aðgerð</i>	Reglugerðin verði felld úr gildi.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Engin.
<i>Tímaáætlun</i>	2007.

24. Verðmiðlunargjald af mjólk

<i>Úrlausnarefni</i>	<p>Með heimild í V. kafla laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993 er innheimt verðmiðlunargjald að fjárhæð 0,65 kr. af hverjum lítra mjólkur sem lagður er inn í afurðastöð innan greiðslumarks. Skv. 19. gr. laganna skal tekjum af verðmiðlunargjaldi varið til „verðmiðlunar milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum” Einnig skal tekjum varið til hentugrar verkaskiptingar milli afurðastöðva og til að jafna aðstöðu þeirra til að koma framleiðsluvörum á markað. Loks er heimilt að ráðstafa tekjum af verðmiðlunargjaldi til þess að styrkja rekstur afurðastöðva sem búa við landfræðilega einangrun. Í gildi er reglugerð um verðmiðlunargjald af mjólk nr. 123/1994 með síðari breytingu til fyllingar framangreindum ákvæðum.</p> <p>Með sameiningu afurðastöðva í mjólkuriðnaði um áramótin 2006-2007 brustu allar forsendur fyrir álagningu og greiðslu verðmiðlunargjalds.</p>
<i>Markmið</i>	Að koma á eðlilegu jafnvægi á milli löggjafar og framkvæmdar. Með því verður réttaröryggi treyst, skriffinnska minnkuð og stjórnsýslan gerð einfaldari og gagnsærri.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun V. kafla laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og brottfall reglugerðar nr. 123/1994.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði.

Kostnaðarleg áhrif Ekki verður séð að lagabreyting hefði bein áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Tímaáætlun 2007-2008.

Einföldunaráætlun menntamálaráðuneytisins

Menntamálaráðuneytið tekur undir mikilvægi þess, að stuðlað verði að því með markvissum hætti að koma á einfaldara og skilvirkara laga- og regluverki. Við undirbúning einföldunaráætlunar ráðuneytisins var einkum horft til þess að um allnökkurt skeið hefur ráðuneytið unnið markvisst að því að koma á gæðastjórnun, innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu auk annarra viðfangsefna er miða að því að gera stjórnsýslu ráðuneytisins markvissari og áreiðanlegri.

1. Gæðastjórnun

Úrlausnarefni Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum misserum unnið að leiðum til að einfalda stjórnsýsluna og gera hana skilvirkari. Innleidd hefur verið gæðastjórnun samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli. Kjarni gæðastjórnunar er að vinna út frá þjónustu sem byggir á ferlum. Í janúar 2006 hófst innleiðing gæðastjórnunar í ráðuneytinu. Unnið er að því að skilgreina gæðastefnu og gæðamarkmið ráðuneytisins.

Markmið Helsti ávinningur gæðastjórnunar er að auka gæði þjónustu, samræma þjónustu og auka skilvirkni.

Aðgerð Upplýsinga- og þjónustusvið ráðuneytisins hefur haft umsjón með verkefninu.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennigur, opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Kostnaður Útgjöld eru samkvæmt kostnaðaráætlun.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að innleiðingu ferla, sem ganga þvert á ráðuneytið, ljúki haustið 2008 og þá taki við innleiðing ferla sem snúa að hverri skrifstofu/sviði fyrir sig.

2. Rafræn stjórnsýsla

Úrlausnarefni Á vefsíðu ráðuneytisins er að finna margvísleg eyðublöð sem leitast hefur verið við að samræma eins og kostur er og gera aðgengileg á vef, og gera þau þannig úr garði gerð að hægt sé að fylla þau út og skila rafrænt.

Markmið Að auðvelda viðskiptavinum ráðuneytisins að sækja þjónustu rafrænt og fá viðbrögð á rafrænu formi.

Aðgerð Í janúar 2007 tók ráðuneytið í notkun sérstakan umsóknavef fyrir rafræn/gagnvirk eyðublöð <http://umsoknir.menntamalaraduneyti.is/> til

að hækka enn frekar þjónustustig ráðuneytisins. Er menntamálaráðuneytið fyrst ráðuneyta til að taka í notkun gagnvirkan umsóknavef. Umsækjendur sækja um aðgang að umsóknavef ráðuneytisins og fylgjast þar með framvindu umsókna sinna á einkasvæði á vefnum, þ.e. „Mín síða“. Öll samskipti ráðuneytisins við umsækjendur eru rafræn og fara í gegnum umsóknavefinn. Unnið er að undirbúningi fleiri gagnvirkra eyðublaða. Í tengslum við umsóknavefinn er nú unnið að mótun verklags í ráðuneytinu við móttöku og vinnslu rafrænna umsókna, þ.e. rafræna málsmeðferð. Einnig hefur verið opnað hópvinnusvæði fyrir utanaðkomandi aðila og starfsfólk ráðuneytisins til að meta og afgreiða þær umsóknir sem berast rafrænt. Unnið er að mótun verklags við notkun hópvinnusvæðisins.

Hverjir hafa hag af aðgerðum

Almenningur, fyrirtæki og önnur stjórnvöld.

Kostnaður

Útgjöld eru samkvæmt kostnaðaráætlun.

Tímaáætlun

Viðfangsefnið er hluti af innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu. Stefnt er að því að 90% eyðublaða verði gagnvirk í árslok 2008.

3.

Yfirferð yfir reglur og reglugerðir

Úrlausnarefni

Í tengslum við undirbúning lagafrumvarpa um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hefur komið í ljós fjöldi reglugerða sem rétt er að yfirfara og samræma. Farið verður yfir allar reglur og reglugerðir og lagt mat á þörf þeirra með tilliti til þess hvort þeim megi fækka.

Markmið

Gera stjórnvaldsfyrirmæli á sviði skólamála aðgengilegri og skýrari fyrir borgana og þá sem vinna að skólamállum.

Aðgerð

Við endurskoðun leikskólalaga, grunnskólalaga, framhaldsskólalaga verði reglur og reglugerðir endurskoðaðar í ljósi reynslunnar og hvernig megi sem best ganga úr skugga um að fyrirmæli samkvæmt þeim séu ekki of íþyngjandi fyrir borgarana.

Hverjir hafa hag af aðgerðum

Börn og forráðamenn þeirra. Sveitarfélög og starfslið skóla

Kostnaðarleg áhrif fyrir ríkissjóð

Óveruleg.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að yfirferðinni verði lokið fyrir 1. júlí 2008.

4. Aðgangur almennings að úrskurðum, álitum og öðru efni.

<i>Úrlausnarefni</i>	Árlega koma til umfjöllunar mál sem varða túlkun og framkvæmd laga á málefna sviði ráðuneytisins. Úrlausnir í einstökum málum, hvort sem um er að ræða úrskurði eða álit geta haft verulega þýðingu og gert stjórnsýslu ráðuneytisins markvissari.
<i>Markmið</i>	Fara yfir alla úrskurði og álit og greina einstakar úrlausnir með tilliti til efnis og að hvaða marki þær geti enn átt við.
<i>Aðgerð</i>	Á vefsvæði ráðuneytisins verði unnt að nálgast með aðgengilegum hætti úrskurði og álit og unnar leiðbeiningar þar sem það á við. Komið verði á fót sérstökum upplýsingavef um höfundarétt þar sem finna má á notendavænu máli algengar spurningar og svör um höfundarétt.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur.
<i>Kostnaðarleg áhrif fyrir ríkissjóð</i>	Ekki liggur fyrir mat á kostnaði.
<i>Tímaáætlun</i>	Stöðumat liggja fyrir 1. júní 2008 og áætlun um framkvæmd.

5. Tímafrestir í afgreiðslum ráðuneytisins – Verklag við meðferð erinda

<i>Úrlausnarefni</i>	Tímafrestir í afgreiðslum ráðuneytisins hafa verið skilgreindir í tengslum við innleiðingu gæðastjórnunar.
<i>Markmið</i>	Stytta afgreiðslutíma erinda.
<i>Aðgerð</i>	Ráðuneytið hefur skilgreint afgreiðslutíma erinda eftir eðli erindanna. Upplýsingar um málshraða eru aðgengilegar á vef ráðuneytisins. Í undirbúningi er breyting og aðlögun á Málaskrá ráðuneytisins til að nýta hana til eftirfylgni.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur, opinberar stofnanir og fyrirtæki
<i>Kostnaður</i>	Óverulegur.
<i>Tímaáætlun</i>	Verklagsreglur um meðferð erinda og málshraða voru gefnar út 12. júní 2007.

6. Aðgengi almennings að upplýsingum um lög og reglur

<i>Úrlausnarefni</i>	Ráðuneytið hefur í átta ár haldið gagnagrunn með gildandi réttarheimildum í málaflokkum ráðuneytisins. Eru réttarheimildir lyklaðar ítarlega til að auðvelda almenningi aðgang en gagnagrunnurinn er aðgengilegur á ytri vef ráðuneytisins. Bæta má enn frekar aðgengi almennings að upplýsingum um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins.
<i>Markmið</i>	Stuðla að aukinni vitund almennings um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins.
<i>Aðgerð</i>	Farið verði yfir upplýsingar á vef menntamálaráðuneytisins um gildandi lög og reglur með það fyrir augum að þær séu sem réttastar, aukið verði við þýðingar á lögum og reglum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur og fyrirtæki.
<i>Kostnaður</i>	Óverulegur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka yfirferð yfir vef ráðuneytisins fyrir 1. júní 2008.

Einföldunaráætlun umhverfisráðuneytisins

1. Einföldun í stjórnarsýslu byggingarmála.

Úrlausnarefni Stjórnarsýsla mannvirkjamála, t.d. varðandi öryggi, hollustuhætti, aðgengismál ofl., hefur verið í höndum nokkurra ríkisstofnanna. Jafnframt hefur framkvæmd byggingareftirlits sveitarfélaganna verið með mismunandi hætti eftir sveitarfélögum. Afleiðingin hefur verið mismunandi framkvæmd byggingareftirlits á landinu. Einnig hefur skort á samvinnu milli mismunandi stofnana sem fara með mannvirkjamál.

Aðgerð Endurskoðun byggingarhluta skipulags- og byggingarlaga. Lagt fram nýtt frumvarp til laga um mannvirki. Gerð hefur verði úttekt á áhrifum löggjafarinnar, sbr. skýrsla Sigurðar Helgasonar um mat á áhrifum mannvirkjalaga frá 20. febrúar 2002.

Tímaáætlun Lagafrumvarp lagt fyrir Alþingi haustið 2007.

2. Einföldun í stjórnarsýslu skipulagsmála

Úrlausnarefni Reynsla af framkvæmd skipulagslaga hefur sýnt að vinna við gerð skipulagstillagna sé ekki nægjanlega skilvirk og sveigjanleg, svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þá hefur greinarmunur á mismunandi stigum skipulagsgerðar, eins og svæðis- og aðalskipulags ekki verið nægjanlega skýr. Jafnframt er talin þörf á að vinna við gerð skipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá því að skipulagstillögur eru í mótun.

Aðgerð Endurskoðun skipulagshluta skipulags- og byggingarlaga. Lagt fram nýtt frumvarp til skipulagslaga.

Tímaáætlun Lagafrumvarp lagt fyrir Alþingi haustið 2007.

3. Einföldun stjórnarsýslu á sviði hollustuháttamála

Úrlausnarefni Umhverfisráðuneytið ákvað að taka til skoðunar eftirlitsreglur í ákveðnum málaflokkum, sem undir ráðuneytið heyra, með hliðsjón af því markmiði að eftirlitsreglur séu einungis settar þegar þeirra er þörf, að við setningu og framkvæmd reglnanna sé gætt meðalhófs og samræmis og jafnframt að eftirlitsreglur sæti stöðugri endurskoðun í ljósi nýrra upplýsinga, tækni og vinnuáferða. Umhverfisráðuneytið ákvað í þessu augnamiði að taka til skoðunar reglur sem tengjast hollustuháttum, sbr. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Fenginn var aðili til að taka þetta verkefni að sér sem

skilaði skýrslu sinni til ráðherra þann 16. janúar 2006, sem ber heitið: *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti - Möguleikar á einföldun leyfisveitinga og eftirlits.*

Aðgerð Endurskoða auglýsingu um uppbyggingu gjaldskráa heilbrigðiseftirlitssvæða, (nr. 254/1999). Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga vinni sameiginlega að samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir þessa starfsemi. Endurskoðuð verði ýmis atriði í reglugerð um hollustuhætti um útgáfu og framfylgd starfsleyfa. Farið verði yfir hvort starfsemi sem fellur undir reglugerð um hollustuhætti eigi að vera tilkynningarskyld en ekki starfsleyfisskyld. Skoðað verði með hvaða hætti hægt sé að hvetja fyrirtæki til að koma á innra eftirliti.

Tímaáætlun Auglýsing nr. 254/1999 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 verða endurskoðaðar ekki síðar en 1. mars 2008

4. Einföldun eftirlits vegna efna og efnavara

Úrlausnarefni Stjórnsýsla vegna efna og efnavara er afar flókin og í höndum margra aðila. Sem dæmi um stjórnvöld sem koma að þeim málum eru umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun, Vinnueftirlit ríkisins, Lyfjastofnun, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og lögreglustjórar. Mikil þörf er á að einfalda þetta fyrirkomulag og gera það skilvirkara og einfaldara m.a. til að auka líkurnar á því að einstaklingar og fyrirtæki þekki, skilji og fari eftir þeim reglum sem um meðferð efna og efnavara gilda í landinu.

Aðgerð Gera úttekt á núverandi eftirlitskerfi og í kjölfarið gera tillögu að endurskoðaðri heildarlöggjöf um efni og efnavörur.

Tímaáætlun Fyrir lok árs 2009.

5. Verklag við meðferð erinda til ráðuneytisins

Úrlausnarefni Ekki hafa verið mótaðar sérstakir verkferlar við skráningu og meðferð erinda sem einstaklingar og lögaðilar senda ráðuneytinu. Umboðsmaður Alþingis hefur hvatt til að settar séu verklagsreglur um þetta efni til fyllingar ákvæðum stjórnsýslulaga.

Aðgerð Settar verði verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast og að þær verði birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Tímaáætlun Verklagsreglur verði settar fyrir 1. janúar 2008.

Einföldunaráætlun Utanríkisráðuneytisins

1. EES þýðingar

<i>Úrlausnarefni</i>	Tafir á þýðingum EES-gerða hafa verið til trafala við innleiðingu þeirra í íslensk lög og í kjölfarið hefur það haft slæm áhrif fyrir íslensk fyrirtæki sem keppa á evrópskum markaði.
<i>Markmið</i>	Að grynka á uppsöfnuðum halla á þýðingum EES-gerða.
<i>Aðgerð</i>	Þýðendum verði fjölgað og athuguð verði fjölgun fjarvinnslustarfsmanna.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Stjórnsýslan og fyrirtæki.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Nokkur.
<i>Tímaáætlun</i>	Fjölgað hefur verið um sex þýðendur. Samkvæmt ákvörðun ráðherra verður unnin áætlun um fjölgun starfa án skilgreindrar starfsstöðvar fyrir árslok 2007.

2. Leitanlegt samningasafn á vefnum

<i>Úrlausnarefni</i>	Utanríkisráðuneytinu berast reglulega fyrirspurnir um hvaða milliríkjasamningum Ísland er aðili að og hvaða milliríkjasamningar séu í gildi milli Íslands og annarra ríkja.
<i>Markmið</i>	Að auðvelda aðgengi að og upplýsingum um milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.
<i>Aðgerð</i>	Setja upp leitanlegan gagngrunn á netinu þar sem leita má að samningum eftir efnisflokkum, löndum og ártölum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Fyrirtæki, einstaklingar og háskólasamfélagið.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Óveruleg.s
<i>Tímaáætlun</i>	Gert er ráð fyrir því að vinnu verði lokið fyrir árslok 2007.

3. Samstarf við háskólasamfélagið og upplýsingagjöf gagnvart almenningi.

<i>Úrlausnarefni</i>	Bæta aðgengi háskólasamfélagsins að starfsfólki, gögnum og þjónustu
----------------------	---

<i>Markmið</i>	Utanríkisráðuneytisins. Efla samskipti með það að leiðarljósi að háskólasamfélagið fái betra aðgengi að ráðuneytinu.
<i>Aðgerð</i>	Reka starfsmaverkefni þar sem háskólanemum eru boðin störf við Utanríkisþjónustuna tímabundið. Skilgreina sérstakan tengilið innan ráðuneytisins við háskólasamfélagið. Starfsfólk Utanríkisráðuneytisins komi að kennslu í háskólum landsins. Ráðuneytið beiti sér fyrir upplýstri umræðu um utanríkismál í fræðasamfélaginu og að ráðuneytið kynni almenningi í landinu störf og þjónustu ráðuneytisins. Bæta aðgengi háskólasamfélagsins og almennings að gögnum og bókakosti ráðuneytisins.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Háskólasamfélagið og almenningur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Lítill.
<i>Tímaáætlun</i>	Starfsmaverkefni hefur verið rekið um nokkurra ára skeið og hefur verið eftt ár frá ári. Utanríkisráðherra hefur hleypt af stokkunum fundarröð um utanríkismál í háskólum landsins sem standa mun fram á næsta ár. Ráðinn verður sérstakur fjölmiðlafulltrúi í Utanríkisráðuneytinu og tengiliður við háskólasamfélagið skipaður fyrir árslok 2007. Nú þegar er nokkur reynsla komin á kennslu starfsmanna ráðuneytisins í háskólum en stefnt er að eflingu þeirrar starfsemi. Kannaður verður möguleiki á vistun bókasafns Utanríkisráðuneytisins á Landsbókasafni og komið verður á fót öryggismálaskjalasafni sem aðgengilegt verður almenningi á árinu 2008.

4. Árangursskráningarbrunnur á netið (starfsáætlanir)

<i>Úrlausnarefni</i>	Skilgreina og skýra verkefni Utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa.
<i>Markmið</i>	Að innleiða frekar árangursstjórnun í Utanríkisþjónustunni og kynna starfsemi þjónustunnar fyrir almenningi.
<i>Aðgerð</i>	Öllum starfseiningum ráðuneytisins er falið að vinna starfsáætlun sem birt verður á heimasíðu ráðuneytisins.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Stjórnsýslan og almenningur.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Lítill.
<i>Tímaáætlun</i>	Starfsáætlanir verða unnar fyrir árslok 2007 og birtar í byrjun árs 2008.

5. Vegabréf

<i>Úrlausnarefni</i>	Með tilkomu vegabréfa með lífkennum er nú einungis hægt að sækja um slík vegabréf þar sem sérstakur búnaður er til móttöku slíkra umsókna. (Erlendis einungis í sendiráðum Íslands í Osló, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Berlín, London og Washington). Því þurfa margir Íslendingar búsettir erlendis að ferðast um langan veg til að endurnýja íslensk ferðaskilríki. Hér er um að ræða sameiginlegt verkefni Utanríkisráðuneytis og Dóms- og kirkjumálaráðuneytis.
<i>Markmið</i>	Auðvelda aðgengi almennings vegna endurnýjunar ferðaskilríkja.
<i>Aðgerð</i>	Ferðavegabréfavél verður send út úr Utanríkisráðuneytinu og tímaáætlun verður unnin í Utanríkisráðuneytinu um hvar vélin verður og hvenær yfir árið. Þannig mun liggja ljóst fyrir hvert hægt sé að sækja þjónustuna á hverjum tíma.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Íslendingar búsettir erlendis og aðrir sem hafa hug á því að endurnýja íslensk ferðaskilríki sín.
<i>Kostnaðarleg áhrif af aðgerðum</i>	Lítill.
<i>Tímaáætlun</i>	Tímaáætlun verður unnin á árinu 2007 og verkefninu verður komið til framkvæmdar á árinu 2008.

6. Vegabréfsáritanir í Peking

<i>Úrlausnarefni</i>	Hingað til hefur ekki verið hægt að sækja vegabréfsáritanir í íslensk sendiráð. Hefur því hlutverki verið sinnt af norrænum sendiráðum víðsvegar um heiminn. Mikið álag er oft á slíkum sendiráðum og á tímum er þjónustan ekki í samræmi við það sem íslenskir aðilar gera kröfu um. Þetta á einkum við þegar um er að ræða áritanir fyrir erlenda ríkisborgara sem koma til Íslands í viðskiptaerindum. Hér er um að ræða sameiginlegt verkefni utanríkisráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis.
<i>Markmið</i>	Að bæta þjónustu við útgáfu vegabréfsáritana.
<i>Aðgerð</i>	Að hefja útgáfu vegabréfsáritana í íslenskum sendiráðum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Fyrirtæki og erlendir ríkisborgarar.
<i>Kostnaðarleg áhrif</i>	Nokkur.
<i>Tímaáætlun</i>	Útgáfa vegabréfsáritana er hafin til reynslu í sendiráði Íslands í Peking. Í

framhaldinu verða skoðaðir möguleikar á að hefja slíka starfsemi í Moskvu og í Nýju Delí.

7. Borgarþjónusta - Skráningarkerfi vegna ferðalaga erlendis og áætlun um viðbrögð við hættuástandi erlendis

Úrlausnarefni Mikilvægt er að fyrir liggi áætlun um viðbrögð íslenskra stjórnvalda við hamförum, hryðjuverkum o.s.frv. einkum þegar íslenskir ríkisborgarar eru á svæðinu. Einnig að fyrir liggi upplýsingar um hvort og þá hvenær Íslendingar séu á hættusvæðunum.

Markmið Að auka öryggi íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis og bæta viðbrögð þegar vá steðjar að.

Aðgerð Samin verður áætlun um viðbrögð Utanríkisráðuneytisins við hættuástandi erlendis og birt á vef ráðuneytisins. Einnig verði komið upp sjálfvirkri skráningargátt á vef Utanríkisráðuneytisins þar sem Íslendingar sem ferðast til hættusvæðisins geti skráð sig.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Einstaklingar og fyrirtæki.

Kostnaðarleg áhrif Engin.

Tímaáætlun Vefur hefur verið hannaður og áætlunargerð hafin, opnun vefs og niðurstaða áætlunargerðar liggur fyrir í byrjun árs 2008.

8. IP símkerfi

Úrlausnarefni Sendiskrifstofur Íslands eru staðsettar víðsvegar um heiminn og erfitt og dýrt getur verið fyrir almenning og fyrirtæki að ná sambandi við skrifstofurnar í gegnum þarlend símkerfi.

Markmið Bæta samskiptaleiðir almennings og fyrirtækja við sendiskrifstofur.

Aðgerð Uppsetning IP símkerfis á öllum sendiskrifstofum þannig að hægt sé að hringja innanbæjarsímtal til allra sendiskrifstofa erlendis.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Stjórnsýslan, fyrirtæki og einstaklingar.

Kostnaðarleg áhrif Lítil.

Tímaáætlun Unnið er að uppsetningu, gert er ráð fyrir að kerfið verði orðið að fullu virkt á árinu 2008.

Einföldunaráætlun viðskiptaráðuneytisins

1. Félagaréttur.

Löggjöf á sviði félagaréttar hér á landi byggir að mörgu leyti á Evrópurétti auk þess sem hún sækir fyrirmynd í norræna löggjöf. Löggjöfin er flókin í eðli sínu og gerðar eru margs konar kröfur um skráningu og gagnameðferð. Í ljósi eðlis laga og reglna á sviði félagaréttar verður ekki séð að unnt sé í miklum mæli að einfalda ákvæði laganna. Löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög er í stöðugri endurskoðun. Þannig voru á árinu 2006 gerðar breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög er vörðuðu m.a. rafræna hluthafafundi, rafræna stjórnarfundum, rafræn skjallasamskipti og samþykkt starfskjarastefnu á aðalfundi félaga. Þá hafa nýlega verið gerðar breytingar á lögnum sem fela í sér að lögfest var skylda hlutafélaga og einkahlutafélaga til birtingar vissra grundvallarupplýsinga á vef félaga og útibúa þeirra ef til eru. Þá var á árinu 2007 innleidd tilskipun frá EES, með lögum nr. 54/2007, er varðar millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð.

Með lögum nr. 50/2007 voru lögfest ákvæði um sameignarfélög sem munu taka gildi 1. janúar 2008, en engin heildarlöggjöf hefur gilt um sameignarfélög hér á landi.

Tillögur til einföldunar

1.1 Umsóknir um undanþágur frá lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

Úrlausnarefni

Í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög eru ákvæði sem kveða á um að ráðherra geti veitt undanþágur frá ýmsum ákvæðum laganna. Er m.a. um að ræða undanþágur frá innköllunarskyldu og undanþágur vegna stofnunar hlutafélaga og einkahlutafélaga, m.a. vegna búsetuskilyrða laganna. Þrátt fyrir að almenn undanþága frá búsetuskilyrðum laganna hafi verið veitt ríkisborgurum og ýmsum lögaðilum aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) með auglýsingu berast ráðuneytinu enn umsóknir um undanþágur á ári hverju. Eftir að undanþága er fengin þurfa umsækjendur að leita til hlutafélagaskrár um áframhaldandi vinnslu erindisins.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995.
Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Markmið

Að einfalda umsóknarferli um undanþágur frá lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og koma í veg fyrir að umsækjendur þurfi að senda sömu gögn til viðskiptaráðuneytisins og hlutafélagaskrár.

Aðgerð

Að færa heimild til að veita undanþágur frá lögum um hlutafélög og einkahlutafélög frá viðskiptaráðherra til hlutafélagaskrár, en til þess þarf

að breyta bæði lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.

1.2

Endurskoðun á viðurlagaákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög.

Úrlausnarefni

Athuga þarf með endurskoðun viðurlagaákvæða laga um hlutafélög og einkahlutafélög.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995.
Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Markmið

Að athuga með endurskoðun viðurlagaákvæða laga um hlutafélög og einkahlutafélög til þess að skýra ákvæði laganna.

Aðgerð

Viðurlagaákvæði laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög hafa staðið nær óbreytt frá setningu laganna á árinu 1994. Miklar breytingar hafa orðið á viðskiptalífi og umhverfi félaga á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna og kanna þarf hvort að nauðsynlegt sé að gera breytingar á viðurlagaákvæðum laganna til að bregðast við þróun sem orðið hefur. Þá er einnig rétt að líta til þeirra breytinga sem gerðar voru á fyrri hluta árs 2007 á viðurlagaákvæðum samkeppnislaga og laga á fjármáلامarkaði.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur og stjórnslá.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp ef þurfa þykir fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.

2. Samkeppnisréttur.

Samkeppnislög voru fyrst sett á Íslandi árið 1993. Að baki setningu þeirra lá m.a. sú ástæða að nauðsynlegt þótti að samræma samkeppnisreglur hér á landi, eftir því sem ástæða var talin til, þeim reglum sem giltu á Evrópuvettvangi, með hliðsjón af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þeirri stefnumótun hefur verið fylgt æ síðan, m.a. með breytingum á samkeppnislögum á árinu 2000. Að auki er íslenska ríkið skuldbundið til að innleiða tilteknar EB/EES réttarreglur á þessu sviði í íslenskan rétt. Sem dæmi má nefna að EB/EES reglugerðir sem mæla fyrir um hópundanþágur frá 53. gr. EES-samningsins eru innleiddar í íslenskan rétt. Frá árinu 1993 voru þær innleiddar með breytingum á tveimur innlendum reglugerðum, annarri sem varðaði form og hinn er varðaði efni. Á árinu 2006 var aðferðarfræðinni breytt, þannig að ein EB/EES reglugerð var innleidd með einni innlendra reglugerð. Var það gert til að auka gagnsæi. Á árinu 2005 voru gerðar viðurhlutamiklar breytingar á samkeppnislögum, þegar Samkeppnisstofnun var lögð niður og Samkeppniseftirlitið sett á laggirnar og verkefni er varða eftirlit með markaðsfærslu, óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins færð til Neytendastofu. Núgildandi samkeppnislög liggja fyrir í enskri þýðingu.

Tillögur til einföldunar

2.1 **Framkvæmd samkeppnisreglna o. fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.**

Úrlausnarefni Í VII. kafla samkeppnislaga er mælt fyrir um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Er þar að finna ýmis ákvæði er varða beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins hér á landi. Hingað til hefur ekki reynt mikið á téðar reglur. Ákvæði kaflans eru torskilin og eru ekki tengd öðrum ákvæðum laganna sterkum böndum.

Lög eða reglur sem málið varðar Samkeppnislög, nr. 44/2005.

Markmið Að einfalda samkeppnislögin þannig að ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði í sérstökum lagabálki.

Aðgerð Að færa ákvæði VII. kafla samkeppnislaga í sérstakan lagabálk.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og fyrirtæki sem lúta samkeppnislögum.

Tímaáætlun Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.

2.2

Tilkynningaskylda vegna samruna fyrirtækja.

Úrlausnarefni

Í 17. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um tilkynningaskyldu vegna samruna fyrirtækja sem hafa veltu yfir tilteknum mörkum, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Í reglum Samkeppniseftirlitsins kemur fram hvaða upplýsingar skulu koma fram í tilkynningu. Komið hefur fram sú gagnrýni að skylda til tilkynninga á samrunum sé of íþyngjandi fyrir fyrirtæki miðað við það markmið sem stefnt er að með ákvæðinu.

Lög eða reglur sem málið varðar

Samkeppnislög, nr. 44/2005.

Markmið

Að létta á byrði fyrirtækja til tilkynninga, án þess að varpa fyrir róða því markmiði sem ákvæðið miðar að.

Aðgerð

Mæla fyrir um takmarkaðri upplýsingaskyldu fyrirtækja vegna tiltekinna samruna.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Fyrirtæki sem lúta samkeppnislögum.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2007.

3. Lög um rafræn viðskipti og lög um rafrænar undirskriftir.

Með lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, var innleidd tilskipun 2000/31/EB um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti). Norræn samvinna var um innleiðingarstarfið og eru lög um þetta efni sambærileg á Norðurlöndum. Nokkuð er um ákvæði sem mæla fyrir um margs konar upplýsingaskyldu þeirra sem veita rafræna þjónustu. Styðjast þau við ákvæði ofangreindrar tilskipunar og er því ekki unnt að aflétta henni.

Tilskipun 99/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir var innleidd í íslenskan rétt með lögum um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Íslenska ríkið tók þátt í norrænni samvinnu í tengslum við innleiðingarstarfið. Því eru lög um rafrænar undirskriftir sambærileg á Norðurlöndunum. Ákvæði tilskipunarinnar eru nokkuð flókin og íslensku lögin því eðli málsins samkvæmt ekki einföld.

Ofangreind lög hafa verið þýdd á ensku og eru birt á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins.

Tillögur til einföldunar

3.1 Ónákvæmar refsheimildir.

Úrlausnarefni

Í 19. gr. laga um rafræn viðskipti er kveðið á um að sé brotið gegn tilteknum ákvæðum laganna gildi ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð. Þá er kveðið á um í 23. gr. laga um rafrænar undirskriftir að fyrir brot gegn lögum skuli refsað með sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Telja verður að unnt væri að kveða með skýrari hætti á um afleiðingar brota gegn lögum.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002.
Lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001.

Markmið

Að skýra refsheimildir laganna.

Aðgerð

Mæla fyrir um afleiðingar brota gegn lögum með skýrari hætti.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Veitendur rafrænnar þjónustu og vottunaraðilar samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.

3.2 Rafræn stjórnslá og samskipti.

Úrlausnarefni

Að fara yfir lög og reglur á verkswiði ráðuneytisins með það fyrir augum að breyta ákvæðum sem koma í veg fyrir rafræna stjórnslá og rafræn samskipti.

*Lög eða reglur
sem málið varðar*

Lög og reglur á verksviði ráðuneytisins.

Markmið

Að lög hindri ekki rafræna stjórnslu og samskipti.

Aðgerð

Að fara yfir lög og reglur á verksviði ráðuneytisins og gera nauðsynlegar breytingar til að ekki séu í lögum ákvæði er hamla notkun rafrænna miðla við samskipti og vinnslu verkefna í stjórnslu.

*Hverjir hafa hag
af aðgerðunum*

Almenningur og stjórnslu.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka verkinu fyrir árslok 2008.

4. Almenn viðskiptamál.

Samningalög.

Núgildandi samningalög eru að stofni til frá árinu 1936 og byggjast á norrænni samvinnu á þessu sviði. Þau bera þess merki að vera nokkuð komin til ára sinna, en meginreglurnar standa fyrir sínu. Á vettvangi Evrópusambandsins er umræða um hvort setja eigi samræmdar reglur á þessu sviði. Því verður að telja skynsamlegt að bíða útkomu þeirrar umræðu áður en miklar breytingar verði gerðar á íslensku samningalögum.

Lög þessi liggja ekki fyrir í enskri þýðingu. Stefnt er að því að láta þýða lög.

Tillögur til einföldunar

4.1 Ákvæði 37. gr. samningalaga.

Úrlausnarefni

Í 37. gr. samningalaga er mælt fyrir um að hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Í samningalögum eru að öðru leyti almenn ákvæði um gildi samninga. Telja verður að skynsamlegt væri að færa þetta ákvæði í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, til að hliðstæðar reglur séu í einum lagabálki.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.
Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

Markmið

Að hliðstæðar reglur séu í einum lagabálki.

Aðgerð

Færa 37. gr. samningalaga í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur og fyrirtæki.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.

Lög um verslunaratvinnu.

Lög um verslunaratvinnu eru frá árinu 1998. Þau kveða á um almenn skilyrði fyrir rétti til að stunda verslun, sölu notaðra lausafjármuna, sölu notaðra ökutækja og frjáls uppboð. Lögin eru því nokkuð víðtæk og má velta fyrir sér hvort heiti þeirra sé lýsandi fyrir efnið og hvort skynsamlegt væri að skipta þeim upp í samræmi við efni. Þá mætti skoða hvort bæta mætti framfylgni með lögnum.

Lög um verslunaratvinnu eru ekki til í enskri þýðingu.

Tillögur til einföldunar

4.2 Kærufrestir.

Úrlausnarefni Í 4. mgr. 1. gr. laga um verslunaratvinnu er mælt fyrir um að verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögnum skeri skráningaraðili samkvæmt lögnum úr honum innan þrjátíu daga. Kveðið er á um að þeim úrskurði megi áfrýja til viðskiptaráðuneytisins innan þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskráritara. Velta má upp hvort kærufrestur sé of stuttur í þessum tilvikum.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um verslunaratvinnu, nr. 28/1998.

Markmið Að samræma kærufrest við almennan kærufrest í stjórnarsýslulögum.

Aðgerð Kveða á um þriggja mánaða kærufrest, sbr. 27. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Þeir sem stunda verslunaratvinnu samkvæmt lögnum.

Tímaáætlun Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.

4.3 Framfylgni með lögum um verslunaratvinnu.

Úrlausnarefni Í lögum um verslunaratvinnu er mælt fyrir um ýmsar skyldur þeirra sem stunda starfsemi samkvæmt lögnum. Skilyrðin virðast flest eiga að stuðla að neytendavernd. Í 24. gr. laganna er kveðið á um að með brot á lögnum skuli fara að hætti opinberra mála. Þá er mælt fyrir um refsingar vegna tiltekinna brota gegn lögnum, m.a. er kveðið á um að brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar eru á grundvelli laganna varði sektum. Ekki er kunnugt um dæmi um að þessum ákvæðum hafi verið beitt. Í lögnum er ekki kveðið á um hver fari með eftirlit með lögnum.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um verslunaratvinnu, nr. 28/1998.

<i>Markmið</i>	Að unnt verði að framfylgja ákvæðum laganna.
<i>Aðgerð</i>	Að kveða á um eftirlit á vegum hins opinbera með lögnum. Að skýra afleiðingar brota gegn lögnum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.

4.4 Skráning og upplýsingaskylda þeirra sem stunda starfsemi samkvæmt lögum um verslunaratvinnu.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í 4. gr. laga um verslunaratvinnu er mælt fyrir um að skylt sé að skrásetja verslun sem stunduð er samkvæmt lögnum í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á. Þá er kveðið á um upplýsingaskyldu þeirra sem stunda starfsemi samkvæmt lögnum í 5. gr. laganna. Velta má upp hvort um sé að ræða of íþyngjandi ákvæði, miðað við það markmið sem að er stefnt og hver sjái um framfylgni með ákvæðunum.
----------------------	---

<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um verslunaratvinnu nr. 28/1998.
--	--------------------------------------

<i>Markmið</i>	Að skilyrði um skráningu og upplýsingaskylda sé ekki of íþyngjandi miðað við það markmið sem að er stefnt.
----------------	--

<i>Aðgerð</i>	Að fara yfir hvort unnt sé að létta á skilyrðum um skráningu og upplýsingaskyldu.
---------------	---

<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Þeir sem stunda verslunaratvinnu samkvæmt lögnum.
---------------------------------------	---

<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.
-------------------	--

4.5 Reglugerðir með stoð í lögum um verslunaratvinnu.

<i>Úrlausnarefni</i>	Reglugerðir nr. 44/2003 og 46/2003 voru settar með stoð í lögum um verslunaratvinnu. Mörg ákvæði reglugerðanna eru sambærileg ákvæðum þeim sem eru fyrir í lögum um verslunaratvinnu.
----------------------	---

<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Reglugerðir nr. 44/2003 og 46/2003.
--	-------------------------------------

<i>Markmið</i>	Að ákvæði reglugerðanna séu nánari reglur um framkvæmd laganna, en ekki endurtekning á efni þeirra.
<i>Aðgerð</i>	Yfirferð yfir ákvæði reglugerðanna, þar sem tekin er afstaða til hvort þörf sé á ákvæðum í reglugerð.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Þeir sem stunda starfsemi samkvæmt lögum um verslunaratvinnu.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að birta reglugerðabreytingar fyrir 1. nóvember 2008.

4.6 Próf og prófnefndir.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í ýmsum lögum og reglugerðum á sviði viðskiptaráðuneytisins er kveðið á um próf til að öðlast ákveðin starfsréttindi, fyrirkomulag þeirra, prófnefndir, gjöld o.fl. Ákvæði þessi eru nokkuð ólík.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	6. tölul. 13. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Reglugerð nr. 45/2003, um námskeið og próf til að öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja, sbr. sérstaklega 5. og 9. gr. hennar.
<i>Markmið</i>	Samræming ákvæða um próf til að öðlast ákveðin starfsréttindi, fyrirkomulag þeirra, prófnefndir, gjöld o.fl. og að ákvæði um gjaldtöku samræmist kröfum stjórnskipunarréttar um skatta og þjónustugjöld.
<i>Aðgerð</i>	Yfirferð yfir öll ákvæði laga og reglugerða um próf til að öðlast ákveðin starfsréttindi og samræming þeirra.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Þeir sem þreyta umrædd próf.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008 og vinna í kjölfarið í reglugerðabreytingum.

Kauparéttur.

Á undanförunum árum hefur farið fram mikil endurskoðun á lögum og reglum á sviði kauparéttar. Þannig tóku ný lög um lausafjárkaup gildi á árinu 2000. Sama ár voru einnig lögfest sérstök lög um þjónustukaup. Árið 2003 tóku síðan gildi lög um neytendakaup. Þrátt fyrir þetta er ekki fullt samræmi á milli hugtakanotkunar í lögum um þjónustukaup annars vegar og lögum um lausafjárkaup og neytendakaup hins vegar.

Tillögur til einföldunar

4.7 Breyting ákvæða laga um þjónustukaup.

Úrlausnarefni Endurskoða þarf gildissvið laga um þjónustukaup og skilgreiningar á hugtökum í lögnum til að samræmi sé á milli laga á sviði kauparéttar.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000.
Lög um neytendakaup, nr. 48/2003.
Lög um þjónustukaup, nr. 42/2000.

Markmið Samræming á hugtakanotkun og nánari skilgreining á gildissviði laganna um þjónustukaup, þannig að lög á sviði kauparéttar nái yfir sem flest tilvik kaupa.

Aðgerð Yfirferð yfir ákvæði laga um þjónustukaup og samanburður ákvæðanna við lög um lausafjárkaup og neytendakaup.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennitur.

Tímaáætlun Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.

Fyrningarlög.

Þau lagaákvæði sem gilda um fyrningu eru frá árinu 1905 og hafa þau sætt mjög litlum breytingum í árunna rás. Ákvæði laganna eru oft torskilin og taka ekki á mörgum þáttum sem nauðsynlegt er að skýr ákvæði séu um í lögum í nútíma samfélagi.

Tillögur til einföldunar

4.8 Heildarendurskoðun fyrningarlaga.

Úrlausnarefni Endurskoða þarf fyrningarlögin sem eru frá árinu 1905.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Markmið Heildarendurskoðun á ákvæðum laga um fyrningu.

Aðgerð

Samning frumvarps til nýrra fyrningarlaga, en endurskoðun laganna er löngu orðin tímabær. Orðalag í lögunum er á köflum torskilið og ýmsar reglur þeirra eru miðaðar við aðstæður sem ekki eru fyrir hendi í viðskiptum nú á tímum. Að sama skapi eru lögín þögul um ýmis mikilvæg atriði sem reynt getur á í framkvæmd. Þá er meginregla laganna sú að kröfur fyrnist á tíu árum þótt flestar algengustu kröfur falli undir ákvæði laganna um fjögurra ára fyrningu. Þykir óheppilegt að lögín hafi að geyma svo víðtækar undantekningar frá meginreglu laganna.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi á haustþingi 2007.

5. Fjármálamarkaður.

Lög og reglur á sviði fjármálamarkaðar byggja að meginstefnu á samevrópskum reglum, sem hafa á undanförnum árum sætt mikilli endurskoðun. Löggjöf á þessu sviði verður sífellt umsvifameiri. Við upptöku EES-reglna og þróun landsréttar á þessu sviði hafa sjónarmið um skýrleika og einföldun verið höfð í huga.

Þróun löggjafar og aukin umsvif eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði, hér á landi sem erlendis, hafa leitt af sér auknar kröfur til eftirlitsaðila og hefur umfang starfsemi Fjármálaeftirlitsins, sem hefur eftirlit með löggjöf á sviði fjármálamarkaðar, margfaldast á skömmum tíma.

Tillögur til einföldunar

5.1 Endurskoðun á lagaumhverfi sparisjóðanna.

Úrlausnarefni Að fara heildstætt yfir lagaumhverfi sparisjóðanna og gera tillögur til breytinga eftir atvikum, einkum á ákvæðum VIII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
Aðrar réttarheimildir, með stoð í lögum nr. 161/2002.

Markmið Að einfalda ákvæði laga og reglna um sparisjóði og auðvelda yfirsýn yfir reglurnar.

Aðgerð Að fara yfir og gera tillögur til breytinga á ákvæðum laga og reglna um sparisjóði.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennings og þeir sem lúta ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Tímaáætlun Viðskiptaráðherra skipaði nefnd í lok ágúst mánaðar 2007 til að endurskoða lagaumhverfi sparisjóðanna og er gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.

5.2 Ákvæðum laga er varða fjármálasamsteypur safnað saman á einn stað.

Úrlausnarefni Að safna saman í sérstakan kafla dreifðum ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er varða fjármálasamsteypur.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
Aðrar réttarheimildir, með stoð í lögum nr. 161/2002.

Markmið Að safna saman í sérstakan kafla dreifðum ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er varða fjármálasamsteypur.

Aðgerð Að semja frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki þar sem lagt er til að öll ákvæði laganna er varða fjármálasamsteypur verði sett í einn kafla.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og þeir sem lúta ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.

5.3 Einföldun á reglum um heimildir erlendra lánastofnana til að starfa á Íslandi.

Úrlausnarefni Sameining reglugerða um heimildir erlendra lánastofnana til að starfa hér á landi.

Lög eða reglur sem málið varðar Reglugerð nr. 307/1994, um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í ríki utan EES.
Reglugerð nr. 308/1994, um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan EES.
Reglugerð nr. 244/2004, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga lánastofnana með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi.

Markmið Endurskoðun reglugerða um heimildir erlendra lánastofnana til að starfa hér á landi.

Aðgerð Í gildi eru þrjár reglugerðir um heimildir erlendra lánastofnana til að starfa hér á landi. Tekið skal til athugunar hvort sameining þeirra í eina reglugerð yrði til einföldunar. Reglugerðir nr. 307/1994 og 308/1994 er í öllu falli tímabært að endurskoða, en þær hafa m.a. að geyma tilvísanir til brottfallinna laga. Jafnframt þarf að skoða reglur um starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.

5.4 Aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Úrlausnarefni Endurskoðun laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka með tilliti til athugasemda í skýrslu vegna úttekta FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi frá 2006.

<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Reglugerð nr. 550/2006, um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
<i>Markmið</i>	Endurskoðun laga og reglugerðar um aðgerðir gegn peningaþvætti o.fl.
<i>Aðgerð</i>	Endurskoðun laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka m.a. að því er varðar ákvæði laganna um könnun á áreiðanleika viðskiptavina með það að markmiði að skýra og einfalda ákvæði laganna. Í tengslum við þetta verkefni hafa vinnuhópar á vegum ráðuneytisins m.a. til umfjöllunar fyrirkomulag eftirlits með framkvæmd laganna að því er varðar aðra tilkynningarskylda aðila en fjármálafyrirtæki í samræmi við tilmæli FATF um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustu.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnsýsla.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka endurskoðun laganna og reglugerðarinnar á vorþingi 2008.

Vátryggingar.

Löggjöf um vátryggingar og vátryggingastarfsemi er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar eru reglur um vátryggingarsamninga, þ.e. um réttarsambandið milli vátryggingartaka/vátryggðs og vátryggjandans/félagsins, sbr. nýleg lög um vátryggingasamninga, nr. 30/2004. Hins vegar eru reglur, opinbers réttar eðlis, um vátryggingafélög, stofnun þeirra og skilyrði fyrir því að þau hafi starfsleyfi og um eftirlitskerfi með þeirri starfsemi. Nú gilda lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, um þennan þátt.

Tillögur til einföldunar

5.5 Ákvæði laga um vátryggingastarfsemi er snúa að veitingu starfsleyfis.

<i>Úrlausnarefni</i>	Að samræma ákvæði laga um vátryggingastarfsemi er snúa að veitingu starfsleyfis ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.
<i>Markmið</i>	Að samræma ákvæði laga um vátryggingastarfsemi er snúa að veitingu starfsleyfis ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Aðgerð Samkvæmt II. kafla laga nr. 60/1994 er veiting starfsleyfa á grundvelli laganna í höndum viðskiptaráðuneytisins. Æskilegt er að samræma veitingu starfsleyfa váttryggingafélaga ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og laga nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga, en Fjármálaeftirlitið veitir fjármálafyrirtækjum og váttryggingamiðlunum starfsleyfi. Slík breyting er jafnframt í samræmi við væntanlega Evrópulöggjöf, sem fellur undir gildissvið EES-samningsins (e. Solvency II), en þar er gert ráð fyrir að umræddar starfsleyfisveitingar séu í höndum eftirlitsaðila.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.

5.6 Ákvæði laga um váttryggingastarfsemi um eftirlit með váttryggingasamstæðum.

Úrlausnarefni Að lögfest verði heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðum.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi. Reglugerð nr. 954/2001, um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga.

Markmið Að lögfesta ákvæði sem nú er að finna í reglugerð og snúa að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðum, líkt og við á um eftirlit með fjármálasamsteypum.

Aðgerð Að semja frumvarp til breytinga á lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi og gera breytingar á reglugerð nr. 954/2001, um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga með það að markmiði að lögfesta heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðum, en núverandi reglur um viðbótareftirlit með váttryggingarfélögum í váttryggingarsamstæðu, sem byggja á reglugerð nr. 954/2001 um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga, eru að mörgu leyti úreltar.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.

5.7. Endurútgáfa reglugerðar um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélags.

<i>Úrlausnarefni</i>	Endurútgáfa á reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélags.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Reglugerð nr. 646/1995, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélags
<i>Markmið</i>	Endurútgáfa á reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld.
<i>Aðgerð</i>	Reglugerð nr. 646/1995, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélags hefur verið breytt þrisvar sinnum frá setningu hennar, þ.e. með reglugerðum nr. 581/1997, 699/2003 og 484/2006. Til einföldunar og hagræðis væri æskilegt að endurútgefa reglugerðina.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnarsýsla.
<i>Tímaáætlun</i>	Gert ráð fyrir að reglugerðin verði endurútgefin fyrir mitt ár 2008.

5.8 Endurskoðun reglna um viðlagatryggingu.

<i>Úrlausnarefni</i>	Endurskoðun á ákvæðum laga og reglna um viðlagatryggingu.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992. Reglugerð um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 83/1993.
<i>Markmið</i>	
<i>Aðgerð</i>	Í árslok 2005 var settur á fót vinnuhópur í viðskiptaráðuneytinu sem ætlað var að endurskoða ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Nauðsyn til endurskoðunar laganna ræðst annars vegar af því að setning laga um váttryggingasamninga á árinu 2004 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um váttryggingastarfsemi kalla á að breytingar verði gerðar á lögnum. Hins vegar eru ýmis atriði sem nauðsynlegt er að taka afstöðu til vegna breyttra aðstæðna frá því að lögin voru sett fyrir 15 árum. Loks þykir ástæða til að kanna hvort að eðlilegt sé að lög um viðlagatryggingu nái til tjóns vegna hryðjuverka.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnarsýsla.
<i>Tímaáætlun</i>	Gert ráð fyrir að frumvarp verði tilbúið fyrir haustþing 2008.

5.9 Brottfelling laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl.

Úrlausnarefni Brottfelling laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o.fl.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu, nr. 43/1947. skipshafna o.fl.

Markmið Brottfelling úreltra laga.

Aðgerð Samning á frumvarpi þar sem lagt er til brottfall laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o.fl.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir mitt ár 2008.

5.10 Endurútgáfa reglugerðar um notkun erlendra ökutækja.

Úrlausnarefni Endurútgáfa reglugerðar um notkun erlendra ökutækja.

Lög eða reglur sem málið varðar Reglugerð nr. 267/1993, um notkun erlendra ökutækja.

Markmið Endurútgáfa reglugerðarinnar.

Aðgerð Til einföldunar og hagræðis er æskilegt að endurútgefa reglugerð um notkun erlendra ökutækja. Reglugerðinni hefur verið breytt alls sjö sinnum, þ.e. með reglugerðum nr. 555/1993, 96/1996, 313/1999, 700/1999, 391/2003, 269/2005 og 488/2006.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Almennigur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að verkinu verði lokið fyrir árslok 2008.

Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins.

Á undanförunum árum hefur mikil vinna átt sér stað við að endurskoða og einfalda reglur og verkferla innan Fjármálaeftirlitsins og setti stofnunin sér metnaðarfulla upplýsingatæknistefnu til þriggja ára er miðar að einföldun, hagræðingu og rafrænni stjórnsýslu í ársbyrjun 2007. Kjarninn í þeirri stefnu er að öll samskipti Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsskylda aðila verði rafræn. Að tryggja öryggi upplýsinga er grundvallaratriði og mun stofnunin afla vottunar samkvæmt ISO 27001. Áhrif aukinnar vélrænnar úrvinnslu eru ekki einungis fólgin í vinnusparnaði. Rafræn samskipti og skýrsluskil eru enn fremur til þess fallin að einfalda og auðvelda framkvæmd eftirlits, vinnslu tölfraðilegra gagna og alla upplýsingagjöf af hálfu stofnunarinnar.

Tillögur til einföldunar

5.11 Rafræn gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.

Úrlausnarefni Að gera gagnaskil eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins rafræn í meira mæli en nú er.

Lög eða reglur sem málið varðar Verkefnið krefst ekki lagabreytinga.

Markmið Að gera gagnaskil eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins rafræn í sem mestum mæli.

Aðgerð Í upphafi ársins 2007 var komið á rafrænum skilum á innherjalistum yfir 100 útgefenda hluta- og skuldabréfa. Þá var enn fremur byrjað að taka á móti reglubundnum skýrsluskilum eftirlitsskyldra aðila, en áætlað er að yfir 3500 skýrslueyðublöðum hafi áður verið skilað á pappír. Nú er unnið að því að fyrrgreindar upplýsingar komi beint úr upplýsingakerfum eftirlitsskyldra aðila í gagnagrunn Fjármálaeftirlitsins, og þá jafnvel sjálfvirk. Heildar vinnusparnaður frá því að rafræn skil komust á mun vera um eitt og hálf mannár.

Fjármálaeftirlitið vinnur að endurskoðun á upplýsingagjöf til stofnunarinnar (reglubundnum skýrslum) í því augnamiði að bæta yfirsýn og einfalda upplýsingagjöf. Í ákveðnum tilvikum gerir Fjármálaeftirlitið nú þegar mismunandi kröfur um upplýsingagjöf til fyrirtækja eftir stærð. Breytt utanumhald um ýmsar grunnupplýsingar um eftirlitsskylda aðila mun koma í veg fyrir að sömu eða sambærilegar upplýsingar séu sendar stofnuninni. Þá vinnur Fjármálaeftirlitið að þróun kerfis til vélrænnar úrvinnslu á þeim upplýsingum sem berast stofnuninni í reglubundnum skýrsluskilum. Úrvinnslukerfið mun bæta yfirsýn Fjármálaeftirlitsins og gera stofnuninni auðveldara að bregðast við upprennandi vandamálum

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Eftirlitsskyldir aðilar og Fjármálaeftirlitið.

Tímaáætlun Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2007.

5.12 Rafrænar umsóknir og tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins.

<i>Úrlausnarefni</i>	Einföldun umsóknarferils vegna starfsleyfa fjármálafyrirtækja og váttryggingamiðlara og tilkynninga um veitingu á þjónustu yfir landamæri, stofnsetningu útibúa og kaupum á virkum eignarhlutum í erlendum fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum.
<i>Markmið</i>	Rafvæðing umsóknarferils vegna starfsleyfa fjármálafyrirtækja og váttryggingamiðlara og rafvæðing á tilkynningum um veitingu á þjónustu yfir landamæri, stofnsetningu útibúa og kaupum á virkum eignarhlutum í erlendum fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum.
<i>Aðgerð</i>	Unnið er að rafvæðingu umsókna um starfsleyfi fjármálafyrirtækja og váttryggingamiðlara, en umsóknirnar berast Fjármálaeftirlitinu nú þegar með tölvupósti. Þá er unnið að rafvæðingu tilkynninga um veitingu á þjónustu yfir landamæri, stofnsetningu útibúa og kaupum á virkum eignarhlutum í erlendum fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Fjármálaeftirlitið og eftirlitsskyldir aðilar.
<i>Tímaáætlun</i>	Gert ráð fyrir að rafvæðing verði komin á fyrir árslok 2008.

5.13 Rafrænn verðbréfamarkaður.

<i>Úrlausnarefni</i>	Innleiðing upplýsingatæknikerfis um verðbréfaviðskipti og rafræns miðlægs gagnagrunns þar sem fram fer opinber birting tilgreindra upplýsinga útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007. Reglur og reglugerðir settar á grundvelli laganna.
<i>Markmið</i>	Uppsetning upplýsingatæknikerfis um verðbréfaviðskipti til að gera Fjármálaeftirlitinu mögulegt að eiga samskipti við eftirlitsaðila í aðildarríkjum EES-samningsins.
<i>Aðgerð</i>	Samstarf við erlenda eftirlitsaðila kallar á rafræn upplýsingasamskipti. Stærsta verkefnið á því sviði byggir á MiFID-tilskipun ESB, sem innleidd var í íslenskan rétt m.a. með nýjum lögum um verðbréfaviðskipti sem lögfest voru sumarið 2007. Lögin gera ráð fyrir að eftirlitsaðilar í aðildarríkjum EES skiptist á upplýsingum um verðbréfaviðskipti (transaction reporting). Innleiðing upplýsingatæknikerfis vegna þessa þáttar MiFID tilskipunarinnar og ákvæða laga um verðbréfaviðskipti er á lokastigum. Um er að ræða alþjóðlegt samstarfsverkefni norrænna

eftirlitsaðila með fjármálastarfsemi, auk yfirvalda í Litháen. Kerfið safnar upplýsingum um viðskipti með fjármálagerninga hjá þeim aðilum sem framkvæma þau og kauphöll. Umræddar upplýsingar eru bornar saman til afstemningar. Kerfið leitar uppi þær færslur sem eru undir eftirliti erlendra eftirlitsaðila og sendir þær til viðeigandi eftirlits og tekur við færslum erlendis frá.

Fjármálaeftirlitið er jafnframt að ljúka greiningu á kerfi til að uppfylla þær skyldur er svokölluð Transparency-tilskipun ESB, sem einnig var innleidd í íslenskan rétt með lögum um verðbréfavíðskipti, mælir fyrir um. Tilskipunin hefur að geyma ákvæði um opinbera birtingu tilgreindra upplýsinga útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði með Ísland sem heimaríki, svo og tilkynningarskyldu vegna hluta (flöggunarskyldu). Hún gerir ráð fyrir því að umræddum upplýsingum, sem skylt er að birta opinberlega, sé safnað saman í a.m.k. einn rafrænan miðlægan gagnagrunn (OAM, Officially Appointed Mechanism). Þessi gagnagrunnur skal vera til staðar í hverju aðildarríki EES og opinn almenningi án endurgjalds, 24 tíma á sólarhring alla daga vikunnar. Þá er gert ráð fyrir því að hægt sé að tengja þennan gagnagrunn á Evrópuvísu, sbr. BRITE (Business Register Interoperability throughout Europe).

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun

Gert ráð fyrir að rafvæðing verði komin á fyrir árslok 2007.

Gjaldeyrismál og fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri.

Lög um gjaldeyrismál eru frá árinu 1992 og lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri frá árinu 1991, en íslenskt þjóðfélag hefur gjörbreyst á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna. Á þeim tíma voru t.d. í gildi viðamiklar takmarkanir í gjaldeyrismálum, virkt gjaldeyriseftirlit og fjármagnsflutningar til og frá landinu því ekki frjálsir, Ísland var enn ekki orðið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og innlendir hlutabréfamarkaður mjög vanþróaður. Því er ljóst að breytingar á efnahags- og viðskiptalífi kalla á endurskoðun laganna.

Tillögur til einföldunar

5.14

Endurskoðun laga um gjaldeyrismál.

Úrlausnarefni

Heildarendurskoðun laga og reglna um gjaldeyrismál.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

Reglugerð nr. 679/1994 um gjaldeyrismál.

Reglugerð nr. 56/2000 um yfirfærslur á milli viðskiptareikninga á milli landa.

<i>Markmið</i>	Endurskoðun laga og reglna um gjaldeyrismál.
<i>Aðgerð</i>	Heildarendurskoðun á gildandi lögum og reglum um gjaldeyrismál. Í þeim er t.d. nokkuð um óþarfa tvítekningar, svo og tilvísanir til brottfallinna laga og reglna. Til hagræðingar kann að vera æskilegt að sameina reglur á þessu sviði í einn lagabálk og eina reglugerð. Við endurskoðun laganna verður haft samráð við Seðlabanka Íslands.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnvísla.
<i>Tímaáætlun</i>	Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.
5.15	Endurskoðun laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
<i>Úrlausnarefni</i>	Heildarendurskoðun laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
<i>Markmið</i>	Endurskoðun löggjafar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri m.t.t. breytinga í ytra og innra umhverfi nútíma viðskiptahátta og viðskiptaumhverfis, svo og þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins.
<i>Aðgerð</i>	Heildarendurskoðun laganna, m.a. skal endurmetin þörf fyrir tilkynningarskyldu er lögin mæla fyrir um, æskilegt umfang og nánara fyrirkomulag hennar. Tilkynningaferli má einfalda með því að hafa rafræn eyðublöð aðgengileg á vefsíðu ráðuneytisins á íslensku og ensku. Upplýsingar og leiðbeiningar um efni laganna má ennfremur gera aðgengilegri á vefsíðu ráðuneytisins á íslensku og ensku.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Fjárfestar, ráðgjafar, almenningur og stjórnvísla.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að framlagningu lagafrumvarps fyrir árslok 2008.

6. Neytendamál.

Umfang neytendaverndar hefur vaxið ört á Íslandi undanfarin ár og má m.a. rekja það til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en eitt svið samningsins fjallar um neytendavernd. Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbundu stjórnvöld sig til þess að setja í innlandan rétt ýmsar tilskipanir Evrópusambandsins, þar á meðal á sviði neytendaréttar. Neytendaréttur hefur fengið mikla athygli innan Evrópusambandsins á síðustu árum og hafa verið settar nokkrar tilskipanir sem miða að því að vernda rétt neytenda. Hingað til hefur tilhneigingin innan Evrópuréttarins verið að setja reglur á þeim sviðum þar sem sérstök þörf hefur verið á lagasamræmingu og er neytendalöggjöf Evrópusambandsins nokkuð brotakennd. Hérlandis hafa ný lagafyrirmæli verið sett og gildandi lögum breytt til þess að fullnægja samningsskyldum Íslands til þess að innleiða ákvæði tilskipananna. Frá gildistöku samningsins hafa m.a. verið sett lög um vernd neytenda gegn villandi auglýsingum, lög um húsgöngu- og fjarsölu, lög um neytendakaup og lög um neytendalán. Þá hafa verið settar reglur um verðmerkingar og ótvírætt einingaverð á vöru, lög um alferðir og lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (e. time-share) svo dæmi séu nefnd af þessu réttarsviði. Nú hefur Evrópusambandið tekið fyrstu skrefin í ferli sem miðar að heildstæðri endurskoðun á stórum hluta þeirra gerða er teljast til neytendaréttar og er fyrirsjáanlegt að nauðsynlegt verði að breyta ákvæðum íslenskra laga á sviði neytendaréttar í kjölfarið. Þá hafa nýlega verið sett ný lög um mælingar og mælifræði.

Tillögur til einföldunar

6.1 Endurskoðun á reglum um verðmerkingar.

<i>Úrlausnarefni</i>	Endurskoða þarf reglur um verðmerkingar og verðupplýsingar.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005. Reglur um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna, nr. 446/2004. Reglur um mælieiningarverð, nr. 184/2000. Reglur um verðmerkingar, nr. 580/1998. Reglur um verðupplýsingar veitingahúsa, nr. 512/1996. Reglur um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa, nr. 580/1994.
<i>Markmið</i>	Að sameina ákvæði reglna um verðmerkingar og verðupplýsingar sem nú eru í fimm reglum í einar almennar reglur.
<i>Aðgerð</i>	Fella þarf úr gildi ofangreindar fimm reglur sem settar eru með stoð í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og semja nýjar almennar reglur um verðmerkingar og verðupplýsingar.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnsýsla.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka verkinu fyrir árslok 2007.

6.2 Endurskoðun reglugerðar um vörur unnar úr eðalmálmum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Endurskoða þarf reglugerð um vörur unnar úr eðalmálmum í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002. Reglugerð um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 938/2002.
<i>Markmið</i>	Að samræma ákvæði reglugerðar nr. 938/2002 áorðnum breytingum á lögum nr. 77/2002 um vörur unnar úr eðalmálmum.
<i>Aðgerð</i>	Breyta þarf tilvísunum til eftirlitsstofnunar í reglugerðinni, til samræmis við ákvæði laganna, en Neytendastofa tók við hlutverki Löggildingarstofu samkvæmt lögnum árið 2005.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnsýsla.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að breyta reglugerðinni fyrir árslok 2007.

6.3 Niðurfelling reglna á sviði mælifræði.

<i>Úrlausnarefni</i>	Niðurfelling reglna á sviði mælifræði.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Reglugerð um lengdarmælingar, nr. 135/1994. Reglugerð um raforkumæla, nr. 138/1994. Reglugerð um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn, nr. 140/1994. Reglugerð um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn, nr. 141/1994. Reglugerð um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn, nr. 142/1994. Reglugerð um heitavatnsmæla, nr. 615/2000. Reglugerð um sjálfvirkar vogir, nr. 964/2004.
<i>Markmið</i>	Að fella úr gildi eldri tæknilegar reglur.
<i>Aðgerð</i>	Nýlega var með reglugerð nr. 465/2007 innleidd tilskipun 2004/22/EB um mælitæki. Þar er að finna reglur sem eru sambærilegar þeim sem fram koma í ofangreindum reglugerðum og má því fella þær úr gildi.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Almenningur og stjórnsýsla.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að ljúka breytingum fyrir árslok 2007.

6.4 Einföldun á reglum á sviði mælifræði.

Úrlausnarefni

Að einfalda reglur á sviði mælifræði.

Lög eða reglur sem málið varðar

Reglugerð um löggildingu raforkumæla, nr. 329/2004.
Reglugerð um löggildingu sjálfvirkra voga, nr. 794/2002.
Reglugerð um löggildingu ósjálfvirkra voga, nr. 793/2002.
Reglugerð um löggildingu kaldavatnsmæla, nr. 792/2002.
Reglugerð um löggildingu heitavatnsmæla, nr. 604/2002.
Reglugerð um löggildingu rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn, nr. 355/1997.
Reglugerð um löggildingu sjálfvirkra voga, nr. 794/2002.

Markmið

Að fella úr gildi eldri tæknilegar reglur og setja nýjar og einfaldari og einsleitari reglur í þeirra stað.

Aðgerð

Með nýlegum lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn breyttust ákvæði um eftirlit og löggildingar og síðan breyttust einnig forsendur löggildinga með innleiðingu á tilskipun 2004/22/EB um mælitæki. Vegna þessa þarf að endurskrifa ofangreindar reglugerðir um löggildingar mælitækja. Við þá endurskoðun verður reynt að hafa uppsetningu reglugerðanna og notkun hugtaka með einsleitum hætti.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka breytingum fyrir árslok 2007.

6.5 Einföldun á reglum er varða rafmagnsöryggismál.

Úrlausnarefni

Að einfalda reglur á rafmagnsöryggissviði.

Lög eða reglur sem málið varðar

Reglugerð um raforkuvirki, nr. 264/1971.
Verklags- og skoðunarreglur fyrir aðila á rafmagnsöryggissviði.

Markmið

Að fella brott allar tæknilegar reglugerðir er varða rafmagnsöryggismál og í þess stað vísa um slíkar reglur að mestu leyti til evrópskra staðla á rafmagnsöryggissviði.

Aðgerð

Stefnt er að niðurfellingu allra tæknilegra reglugerða er varða rafmagnsöryggismál. Í stað tæknilegu reglugerðanna er ætlunin að vísa um slíkar reglur að mestu leyti til evrópskra staðla á rafmagnsöryggissviði. Þetta þýðir verulega einföldun á núgildandi reglugerð um raforkuvirki, en reglugerðin er frá árinu 1971 og hefur verið breytt oft á þeim 36 árum sem

liðin eru frá setningu hennar. Reglugerðin er mjög flókin og ætlað er að breytingin leiði það af sér að mörg hundruð blaðsíður af reglugerðum verði felldar úr gildi. Í kjölfar þessara breytinga verður að endurskoða verklags- og skoðunarreglur sem öryggissvið Neytendastofu hefur samið fyrir aðila á rafmagnsöryggissviði.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Almenningur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að breyta reglugerðinni fyrir árslok 2007.

6.6

Endurskoðun ákvæða um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Úrlausnarefni

Að uppfæra gjaldtökuákvæði laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996.

Markmið

Að uppfæra gjaldtökuákvæði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á umhverfi raforkumála eftir gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003. Einnig að færa til betri vegar ákvæði um löggildingu rafverktaka í samræmi við ábendingar umboðsmanns Alþingis.

Aðgerð

Á vegum viðskiptaráðuneytis og Neytendastofu er unnið að endurskoðun laganna.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Stjórnvöld, rafveitur og fagaðilar.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2007.

6.7.

Rafverktakagátt Neytendastofu.

Úrlausnarefni

Opnun rafverktakagáttar hjá Neytendastofu.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög og reglur á rafmagnsöryggissviði.

Markmið

Að einfalda vinnu aðila er vinna að rafmagnsöryggismálum, s.s. löggiltra rafverktaka, rafveitna og skoðunarstofa.

Aðgerð

Opnun rafverktakagáttar hjá Neytendastofu þar sem rafverktakar og fleiri sem fá aðgang að gáttinni geta á einfaldan hátt annast þær tilkynningar og

samskipti við Neytendastofu sem þeim ber skylda til lögum samkvæmt. Samtímis eru ætlunin að þeir samskiptaferlar verði tengdir við aðra aðila sem þurfa á slíkum tilkynningum að halda, s.s. einkarekin veitufyrirtæki og byggingafultrúa.

*Hverjir hafa hag
af aðgerðunum*

Almenningur og stjórnsýsla.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að taka gáttina í notkun fyrir árslok 2007.

7. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar

Tillögur til einföldunar

7.1 **Aðgerðir til að fyrirbyggja að skráð sé fyrirtækjaheiti sem er skráð vörumerki.**

Úrlausnarefni

Í mörgum tilvikum eru heiti fyrirtækja skráð í fyrirtækjaskrá gegn betri rétti vörumerkjaeigenda. Firmaheiti felur í sér auðkenni sem notað er til að tákna atvinnustarfsemi. Vörumerki er auðkenni sem notað er til að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annars aðila. Firmaheiti og vörumerki er þannig báðum ætlað að auðkenna tiltekna atvinnustarfsemi.

Ríkisskattstjóri skráir heiti fyrirtækja í fyrirtækjaskrá og sýslumaður í öllum umdæmum skráir heiti sameignarfélaga í firmaskrá. Loks skráir Einkaleyfastofan vörumerki.

Hvorki firmalög né hlutafélagalög gera ráð fyrir því að hafa beri hliðsjón af vörumerkjarétti þegar skráningarhæfi firmanafns er metið. Skráningaryfirvöld sem skrá firmaheiti kanna því ekki réttindi samkvæmt vörumerkjaskrá áður en þau eru skráð, sem leitt getur til ofangreinds vandamáls.

Þá getur verið erfitt fyrir eiganda vörumerkis að halda uppi rétti sínum þar sem ákvæði 5. mgr. 106. gr. hlutafélagalaga kveður á um að það sé einungis hægt að fara fram á ógildingu firmaskráningar með höfðun dómsmáls innan sex mánaða frá birtingu í Lögbirtingablaði. Eigandi vörumerkis getur því þurft að þola það að til sé firma með sama heiti og vörumerki hans.

Eins og löggjöfin er í dag er einungis gert ráð fyrir því í vörumerkjalögum að merki megi ekki skrá ef skráning fer í bága við betri rétt annars aðila samkvæmt firmaheiti. Vörumerkjalögin vernda því eigendur firmaheita en firmalögin vernda ekki að sama skapi réttindi vörumerkjaeigenda.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um vörumerki, nr. 46/2001.
Önnur lög er varða skráningu fyrirtækja og firma.

Markmið

Að vörumerkjaeigendur þurfi ekki að eiga það á hættu að annar aðili geti fengið skráð firmaheiti sem er sams konar og vörumerki annars aðila og að vörumerkjaeigendur tapi ekki réttindum vegna þeirra formkrafa að sex mánuðir séu liðnir frá birtingu tilkynningar um firmaheiti í Lögbirtingablaði.

Aðgerð

Að setja saman nefnd með fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti (Einkaleyfastofa), fjármálaráðuneyti (Ríkisskattstjóri), dómsmálaráðuneyti (sýslumenn) og viðskiptaráðuneyti. Nefndin hafi það hlutverk að yfirfara verkferla og viðkomandi lagaákvæði með það að

markmiði að finna leiðir til að samræma sjónarmið um skráningu félaga og skráningu auðkenna.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Rétthafar og neytendur. Rétthafar geti treyst því að réttar þeirra sé gætt við opinbera skráningu skyldra réttinda. Neytendur beri rétt kennsl á atvinnustarfsemi.

Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka verkefninu á árinu 2008.

7.2

Reglur um umsóknir einkaleyfa

Úrlausnarefni

Að sameina ákvæði auglýsingar og reglugerðar um umsóknir einkaleyfa í eina reglugerð.

Lög eða reglur sem málið varðar

Reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991.
Auglýsing um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991.

Markmið

Að setja þær reglur um umsóknir um einkaleyfi sem verða að vera í reglugerð í sérstaka reglugerð en aðrar nánari reglur í vinnureglur sem stofnunin getur breytt.

Aðgerð

Breyting á reglugerð nr. 574/1991 varðandi einkaleyfisumsóknir (sem margsinnis hefur verið breytt) og auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir. Aðgæta þarf heimild fyrir stofnunina til að gefa út vinnureglur.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Neytendur, þar sem einfaldara verður að skoða reglur sem gilda um umsóknir í einni reglugerð.

Tímaáætlun

Ný reglugerð gefin út vorið 2008.

7.3

Aðgengi upplýsinga um einkaleyfaumsóknir og einkaleyfi

Úrlausnarefni

Núverandi einkaleyfaskrá er í gömlu og úreltu tölvuforriti sem er ófáanlegt. Unnið er að innleiðingu tölvukerfis frá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO).

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um einkaleyfi, nr. 17/1991.

Markmið

Skanna inn öll skjöl er varða einkaleyfi og einkaleyfaumsóknir og tengja esp@cenet grunninum. Þannig verður hægt að leita í grunninum og kalla fram þau skjöl sem aðilar vilja skoða.

Aðgerð Í nóvember 2006 var esp@cenet grunnurinn opnaður með upplýsingum um öll einkaleyfi og umsóknir í aðildarríkjum EPO, og þá einnig hér á landi. Næsta skref er að skanna inn skjölin þannig að ekki verði aðeins hægt að sjá stöðu umsókna eða leyfa heldur einnig sjá skjölin sjálf. Skönnun hófst í júní 2007. Henni mun framhaldið og síðan þarf að vinna að tengingu inn í esp@cenet.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Notendur einkaleyfaupplýsinga hérlendis og erlendis, aðilar sem stunda rannsóknir og vísindastörf, fræðimenn, uppfinningamenn o.fl. auk Einkaleyfastofu.

Tímaáætlun Innskönnun allra gagna tekur a.m.k. eitt ár til viðbótar fyrir einn starfsmann í fullu starfi og tenging a.m.k. sex mánuði. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmaður verði í fullu starfi við skönnun, þannig að verkefnið mun taka lengri tíma en eitt ár og er áætlað að verkinu ljúki í september 2009.

7.4 Vörulistar í íslenskri þýðingu á vefsíðu Einkaleyfastofu.

Úrlausnarefni Í umsókn um skráningu vörumerkis þarf að tilgreina nákvæmlega fyrir hvaða vöru/þjónustu merki óskast skráð. Þetta er ein af þeim formkröfum sem gerðar eru til vörumerkjaumsókna. Umræddar vörur/þjónusta eru flokkaðar í samræmi við alþjóðlegt flokkunarkerfi, samkvæmt s.k. Nice samningi, sem Ísland er aðili að. Einkaleyfastofan veitir aðstoð við flokkun vöru/þjónustu í tiltekna vörulista. Einkaleyfastofan ver jafnframt miklum tíma í að skoða alla vörulista eftir að umsókn hefur verið lögð inn til þess að ganga úr skugga um að flokkunin sé rétt og í samræmi við Nice flokkunarkerfið. Það er mjög mikilvægt að sú flokkun sé rétt, bæði gagnvart öðrum skráningum hér á landi og einnig í þeim tilvikum sem umsækjandi vill byggja forgangsrétt á íslenskri umsókn og sækja um í öðrum ríkjum.

Í dag er til s.k. yfirskrift fyrir alla flokka vöru/þjónustu innan alþjóðlega flokkunarkerfisins þar sem megin tegundir vöru/þjónustu innan hvers flokks eru taldar upp. Þrátt fyrir það er algengt og tímafrekt vandamál fyrir Einkaleyfastofuna að vörur/þjónusta séu ranglega flokkaðar hjá umsækjendum og einnig að í vörulistum sé um að ræða ný hugtök/nýyrði í íslenskri tungu sem leiðir til þess að starfsmenn Einkaleyfastofunnar þurfa að eyða drjúgum tíma í að kanna hvort og hvar umrædd hugtök gætu rúmast innan vörulista. Umrætt vandamál getur því leitt til mikilla bréfaskrifta milli Einkaleyfastofu og umsækjanda í því skyni að leiðrétta vörulista. Það ferli á sér stað áður en eiginleg efnisleg rannsókn á umsókn fer fram.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög um vörumerki, nr. 45/1997.

Markmið Þjóða umsækjendum uppá fjölbreyttari en jafnframt einfaldari kost við flokkun vöru/þjónustu þannig að umsækjendur eigi í flestum tilvikum að geta staðsett sína vöru/þjónustu í samræmi þá íslensku þýðingu á vörulistum sem Einkaleyfastofan gefur kost á.

Aðgerð Einkaleyfastofan þýðir á íslensku þá flokkun sem nú liggur fyrir samkvæmt alþjóðlega flokkunarkerfinu og gerir neytendum þannig kleift að staðsetja sína vöru/þjónustu í samræmi við það flokkunarkerfi.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Neytendur og Einkaleyfastofa.

Tímaáætlun Gert er ráð fyrir að þýðing á alþjóðlega vörulistanum taki sex mánuði og í kjölfarið þarf að setja upp leiðir á vefnum til auðvelda umsækjendum að notfæra sér þýðinguna við gerð umsókna.

7.5 Kröfur til umboða við innlagningu umsókna.

Úrlausnarefni Lagaákvæði kveða á um að umsækjendur sem ekki búa hérlendis skuli hafa umboðsmann búsettan á EES svæðinu. Milli 85-90% umsókna eru frá erlendum aðilum. Oft getur dregist að framvísa umboðum sem tefur meðferð mála.

Lög eða reglur sem málið varðar Lög um vörumerki, nr. 45/1997.
Lög um einkaleyfi, nr. 17/1991.
Lög um hönnun, nr. 46/2001.

Markmið Minnka skriffinnsku, léttu á formkröfum og flýta meðferð.

Aðgerð Taka gild „stöðuumboð“ frá umboðsmönnum sem starfað hafa sem slíkir í nokkurn tíma, að vissum skilyrðum uppfylltum, m.a. að viðkomandi umboðsmaður hafi starfsábyrgðartryggingu.
Athuga hvort að nauðsynlegt sé að gera lagabreytingar eða hvort styðjast megi við meginreglur um stöðuumboð.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum Umsækjendur, umboðsmenn og Einkaleyfastofa.

Tímaáætlun Áætlað er að ljúka aðgerðum fyrir árslok 2007.

7.6 Greiðslufyrirkomulag

Úrlausnarefni Stærsti hluti viðskiptavina stofnunarinnar eru umboðsmenn. Oft eru þeir að greiða háar upphæðir fyrir margar umsóknir, endurnýjanir o.fl. í einu.

Margir þeirra þurfa að fá sérstaka kvittun fyrir hverri greiðslu sem tefur afgreiðslu.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög á sviði Einkaleyfastofu.

Markmið

Einfalda og flýta afgreiðslu og meðferð og bæta þjónustu við viðskiptavinum.

Aðgerð

Heimila stofnun viðskiptamannareikninga þannig að við afgreiðslu hjá Einkaleyfastofu væri millifært af þeim reikningum og síðan væri nægur tími til að gefa út kvittanir fyrir greiðslunum.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Notendur þjónustunnar og Einkaleyfastofa.

Tímaáætlun

Stefnt er að breytingum á árinu 2008.

7.7

Rafrænar umsóknir.

Úrlausnarefni

Í dag eru eyðublöð á vefsíðu stofnunarinnar sem hægt er að fylla út og prenta. Ekki er hægt að senda umsóknir með rafrænum hætti, en stefnt er að því að það verði mögulegt.

Lög eða reglur sem málið varðar

Lög á sviði Einkaleyfastofu.

Markmið

Þegar viðeigandi hugbúnaður er tilbúinn til að taka á móti alþjóðlegum og landsbundnum umsóknum og samlesa þær í eitt kerfi sem gefur þeim hlaupandi númer mun stofnunin taka upp rafrænar umsóknir.

Aðgerð

Unnið er að hugbúnaði fyrir alþjóðlegar vörumerkja- og einkaleyfaumsóknir hjá WIPO og einnig er unnið að hugbúnaði fyrir móttöku einkaleyfaumsókna hjá EPO. Þegar þetta er tilbúið þarf að aðlaga þau kerfi íslensku skránum. Þá þarf að huga að rafrænum undirskriftum og breytingum á lögum varðandi framlagningu gagna í pappírformi.

Hverjir hafa hag af aðgerðunum

Notendur þjónustunnar og Einkaleyfastofa.

Tímaáætlun

Ræðst af gangi mála hjá alþjóðastofnunum þeim sem flestar umsóknir koma frá.

7.8

Greiðsla gjalda með greiðslukortum.

<i>Úrlausnarefni</i>	Til að viðhalda einkaleyfi eða umsókn um einkaleyfi þarf að greiða tiltekið árgjald. Endurnýja þarf skráð vörumerki á tíu ára fresti og hönnun á fimm ára fresti. Oftast er þetta gert af umboðsmanni búsettum hér á landi.
<i>Lög eða reglur sem málið varðar</i>	Lög um vörumerki, nr. 45/1997. Lög um einkaleyfi, nr. 17/1991. Lög um hönnun, nr. 46/2001.
<i>Markmið</i>	Einfalda og flýta afgreiðslu og meðferð og bæta þjónustu.
<i>Aðgerð</i>	Lagaákvæði kveða á um að umsækjendur sem ekki búa hérlendis skuli hafa umboðsmann búsettan á EES svæðinu. Milli 85-90% umsókna eru frá erlendum aðilum. Ekki þarf þó umboðsmann vegna endurnýjana alþjóðlegra vörumerkja Heimila að greiðsla árgjalda/endurnýjana verði gerð með greiðslukortum beint á heimasíðu stofnunarinnar. Hanna þyrfti hugbúnað sem gæfi einungis möguleika á að greiða nákvæmlega rétta upphæð. Aðlaga reglur er varða fjárreiður og reikningsskil ríkisins. Athuga skýrara orðalag í ákvæðum um umboðsmannaskyldu í vörumerkjalögum.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðunum</i>	Notendur þjónustunnar og Einkaleyfastofa.
<i>Tímaáætlun</i>	Stefnt er að því að laga- og reglugerðarbreytingar verði gerðar vorið 2008 og að vinnu við hugbúnað o.fl. verði lokið í janúar 2009.

Einföldunaráætlun samgönguráðuneytisins

1. Verkaskipting milli Umferðarstofu og Vegagerðarinnar

<i>Úrlausnarefni</i>	Af nágildandi lögum verður ekki skýrlega ráðið hvað ræður skiptingu verkefna á milli Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Skarast stjórnsýsluverkefni stofnananna að nokkru leyti.
<i>Markmið</i>	Að koma á skýrri verkaskiptingu á milli Umferðarstofu og Vegagerðarinnar.
<i>Aðgerð</i>	Fyrst þarf að fara yfir þau verkefni sem Umferðarstofa og Vegagerðin hafa með höndum lögum samkvæmt og leggja síðan í framhaldinu til viðeigandi lagabreytingar til að koma á skýrri verkaskiptingu á milli stofnananna. Við ákvörðun verkaskiptingar má telja eðlilegt að miða við að önnur stofnunin fari að meginefni til með stjórnsýslu en hin með framkvæmdir.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur

2. Niðurfelling takmarkana á fjölda leigubifreiða í þéttbýli.

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 397/2003 um leigubifreiðar, sbr. heimild í 8. gr. laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, eru í gildi takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri á þéttbýlisstöðum landsins. ⁸ Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar veitir Vegagerðin, að uppfylltum öllum skilyrðum, atvinnuleyfi á takmörkunarsvæðunum á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar. Framangreint fyrirkomulag hefur leitt af sér flókið regluverk um skráningu aksturstíma, undanþágur frá akstri eigin bifreiðar o.fl. Þá hefur það leitt af sér mikla skrifinnsku. Í því sambandi skal nefnt að Vegagerðin sér um starfsrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar.
----------------------	--

⁸ Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 397/2003, sbr. reglugerð nr. 259/2005, er svohljóðandi: „Takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum:

I. Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Bessastaðahreppi, Reykjanesbæ, Grindavík, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarkstala er 560 atvinnuleyfi.
II. Akureyri. Hámarkstala er 20 atvinnuleyfi.
III. Árborg. Hámarkstala er 7 atvinnuleyfi.“

Ennfremur skal bent á að aðgangur að starfsgreininni á takmörkunarsvæðunum byggist almennt á persónulegum samböndum. Skýrist það af því að atvinnuleyfi eru veitt á grundvelli starfsreynslu. Starfsreynsla afla menn sér með því að leysa leyfishafa af við akstur leigubifreiðar. Er leyfishafa í sjálfsvald sett að ákveða hver skuli leysa hann af, að uppfylltum almennum hæfisskilyrðum. Þannig geta aðeins afleysingabílstjórar, sem leyfishafar velja sjálfir, aflað sér starfsreynslu, sem aftur er grundvöllur atvinnuleyfis á takmörkunarsvæðunum. Verður að telja þetta fyrirkomulag óheppilegt með tilliti til jafnræðissjónarmiða.

Markmið Að einfalda stjórnábyrginguna, minnka skrifinnsku og tryggja jafnræði með því að opna aðgang að starfsgreininni.

Aðgerð Endurskoðun á lögum nr. 134/2001 um leigubifreiðar og reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.⁹ Meðal annars mætti skoða hvort tilefni sé til að gera breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og opna fyrir möguleika á útgáfu stöðvaleyfa¹⁰ til viðbótar við persónubundin leyfi, sem nú er eingöngu fyrir hendi.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennigur

3. Einföldun umferðarlaga

Úrlausnarefni Umferðarlög nr. 50/1987, með síðari breytingum, eru víðfeðm, ítarleg og ekki nægilega aðgengileg borgurunum og bera þess merki að þeim hafi verið breytt mjög oft.

Markmið Að gera lögin einfaldari og aðgengilegri.

Aðgerð Heildarendurskoðun á umferðarlögum nr. 50/1987. Lögin verði gerð skýrari og aðgengilegri. Í því skyni mætti e.t.v. skipta lögnum upp.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennigur og hagsmunaaðilar

4. Lægri stjórnvöld veiti starfsleyfi

⁹ Við lagabreytingar skal áfram lögð rík áhersla á að öryggi farþega sé tryggt. Það næst með ríkum kröfum til hæfni leigubifreiðastjóra, öryggis leigubifreiða og reglubundnu eftirliti með því að nefndum hæfnis- og öryggiskröfum sé fullnægt.

¹⁰ Með stöðvaleyfi er átt við að leigubifreiðastöðvar geti fengið úthlutað atvinnuleyfum og ráðið til sín bílstjóra.

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2000 um bílaleigur, sbr. einnig reglugerð nr. 398/2000 um bílaleigur, veitir samgönguráðuneytið starfsleyfi til reksturs bílaleigu að fenginni umsögn lögreglustjóra í því umdæmi sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð.
	Samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 572/1995 um prófun á ökuritum veitir „dómsmálaráðherra“ ¹¹ starfsleyfi til reksturs prófunarverkstæðis til að annast prófanir á ökuritum.
	Nefnd ákvæði gera ráð fyrir því að æðra stjórnvald veiti starfsleyfi. Slík skipan útilokar að aðili geti fengið ákvörðun, t.d. um synjun starfsleyfis, endurskoðaða hjá öðru stjórnvaldi en því sem ákvörðunina tók.
<i>Markmið</i>	Að auka réttaröryggi borgaranna.
<i>Aðgerð</i>	Breytingar á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2000 um bílaleigur og reglugerð nr. 398/2000 um bílaleigur og 22. gr. reglugerðar nr. 572/1995 um prófun á ökuritum. Gerðar verði breytingar í þá veru að færa veitingu starfsleyfis til lögreglustjóra annars vegar og Umferðarstofu hins vegar. Ákvarðanir þeirra væru svo kærnanlegar til samgönguráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Umsækjendur um starfsleyfi

5. Einföldun kæruleiða

<i>Úrlausnarefni</i>	Í 26. gr. reglugerðar nr. 572/1995 um prófun á ökuritum segir að sá sem ekki vilji una niðurstöðu prófunarverkstæðis geti, að undangenginni umfjöllun yfirstjórnar prófunarverkstæðisins og Vegagerðarinnar í samræmi við ákvæði í gæðakerfi prófunarstofunnar, skotið úrskurði þess til „dómsmálaráðuneytisins“. ¹²
	Í 32. gr. reglugerðar nr. 378/1998 um skoðun ökutækja segir að sá sem ekki vilji una niðurstöðu skoðunar ökutækis í skoðunarstofu geti, að undangenginni umfjöllun yfirstjórnar skoðunarstofunnar, skotið úrskurði hennar til „dómsmálaráðuneytisins“. ¹³ Á sama hátt geti sá sem ekki vilji una niðurstöðu endurskoðunar á endurskoðunarverkstæði, að lokinni

¹¹ Á að vera samgönguráðherra, sbr. athugasemdir í lið 4 hér að framan.

¹² Á að vera samgönguráðuneytið, sbr. athugasemdir í lið 4 hér að framan.

¹³ Á að vera samgönguráðuneytið, sbr. athugasemdir í lið 4 hér að framan.

umfjöllun yfirstjórnar verkstæðisins, skotið úrskurði þess til „dómsmálaráðuneytisins“.¹⁴

Telja verður framangreindar kæruleiðir óþarflega flóknar og óskilvirkar.

Markmið Að einfalda stjórnásluna og gera hana skilvirka.

Aðgerð Breytingar á 26. gr. reglugerðar nr. 572/1995 um prófun á ökuritum og 32. gr. reglugerðar nr. 378/1998 um skoðun ökutækja í þá veru að mæla fyrir um beina kærueimild til samgönguráðuneytisins, sbr. meginreglu 1. mgr. 26. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennungur

6. Uppfærsla reglugerða á sviði umferðarmála

Úrlausnarefni Frá 1. janúar 2004 hafa umferðarmálefni lotið yfirstjórn samgönguráðherra, en fram til þess tíma hafði málaflokkurinn heyrð undir dómsmálaráðherra. Þessar breytingar höfðu meðal annars í för með sér að ákvarðanir sem teknar eru á sviði umferðarmála sæta nú almennt kærueimild til samgönguráðherra í stað dómsmálaráðherra áður. Á hinn bóginn hafa ekki allar reglugerðar á sviði umferðarmála verið uppfærðar í samræmi við þetta og vísa enn um kærueimild til dómsmálaráðherra. Getur þetta leitt til misskilnings borgaranna og óþarfa skriffinnsku, þótt vart sé hætta á réttarspjöllum vegna ákvæðis 2. mgr. 7. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, sem kveður á um framsendingu erinda á réttan stað.

Markmið Að tryggja að stjórnáslan sé gagnsæ og skilvirk.

Aðgerð Uppfærsla á reglugerðum á sviði umferðarmála í þá veru að vísa til samgönguráðherra í stað dómsmálaráðherra, eftir því sem við á.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennungur

7. Vinnuvélar og ökutæki – skilgreiningar.

Úrlausnarefni Upplýst er að skilin á milli vinnuvéla og ökutækja séu ekki alltaf skýr. Skiptir sú aðgreining talsverðu máli að gildandi lögum. Í því sambandi má

¹⁴ Á að vera samgönguráðuneytið, sbr. athugasemdir í lið 4 hér að framan.

nefna að ökutæki er skylt að tryggja en vinnuvélar ekki, jafnvel þótt einhverjar vinnuvélar séu úti á vegum. Þá er skráning Vinnueftirlits ríkisins á farandvinnuvélum og vinnuvélum samkvæmt reglum nr. 388/1989 ekki rafræn og engar tengingar við réttindaskráningar sýslumanna. Af þeim sökum er skráning réttinda í vinnuvélum ótryggari en í ökutækjum.

Markmið Að gera skilin milli vinnuvéla og ökutækja skýrari

Aðgerð Að teknu tilliti til framangreindra atriða er lagt til að óskað verði eftir viðræðum við félagsmálaráðuneytið og Vinnueftirlit ríkisins um málið. Verði þá kannað hvort ástæða og vilji sé til að láta sambærilegar reglur gilda um vinnuvélar og ökutæki.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almennigur

8. Miðlæg útgáfa atvinnuskírteina

Úrlausnarefni Samkvæmt 13. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum gefa sýslumenn út atvinnuskírteini samkvæmt lögunum. Siglingastofnun gefur á hinn bóginn út atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum gefa tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn úti á landi út atvinnuskírteini samkvæmt lögunum. Siglingastofnun gefur á hinn bóginn út atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa gefa sýslumenn úti á landi og tollstjórinn í Reykjavík út íslensk atvinnuskírteini að fenginni staðfestingu frá Siglingastofnun um réttindi umsækjenda um atvinnuskírteini. Siglingastofnun gefur á hinn bóginn út alþjóðleg skírteini. Til einföldunar og aukins samræmis og til að tryggja sérfræðilekkingu við útgáfu skírteina er talið heppilegra að útgáfa þeirra sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun.

Markmið Að einfalda stjórnarsýslu og minnka skriffinnsku með því að færa útgáfu allra atvinnuskírteina á einn stað.¹⁵

Aðgerð Breytingar á 13. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, 9. gr. laga nr. 113/1984 um

¹⁵ Útgáfuna mætti t.d. færa til Siglingastofnunar eða eins sýslumannsembættis.

atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum og 4. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Þá er lagt til að settur verði upp gagnagrunnur samfara þessum breytingum, sjá nánar lið 3.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Skipverjar

9. Miðlægar og rafrænar lögskráningar

Úrlausnarefni Upplýst er að ekki sé fullt samræmi á milli einstakra lögskráningarstjóra (sýslumanna) við framkvæmd laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna. Skýrist það meðal annars af því að lögskráningarreglurnar eru tiltölulega flóknar. Þá hefur verið nefnt að mannbreytingar hjá sýslumönnum séu nokkuð tíðar og af þeim sökum haldist þekking á lögskráningarreglum ekki við.

Ennfremur gera lög nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna ráð fyrir því að lögskráningar fari fram með skriflegum hætti.

Markmið Að stuðla að samræmi í stjórnarsýsluframkvæmd, að gera rafræna lögskráningu mögulega og einfalda með því stjórnarsýslu og minnka skriffinnsku.

Aðgerð Heildarendurskoðun á lögum nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna og reglugerð nr. 880/2001 um lögskráningu sjómanna.¹⁶ Lagt er til að lögskráningar verði færðar á eina hendi.¹⁷ Þá verði skráningaraðilum gert kleift að lögskrá með rafrænum hætti.¹⁸ Loks er lagt til að samfara þessum breytingum verði settur upp gagnagrunnur, sjá nánar lið 3.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Skráningaraðilar og skipverjar

10. Gagnagrunnur um lögskráningar og atvinnuréttindi - „Sjónet.”

Úrlausnarefni Vísast til þess sem áður er rakið varðandi miðlæga útgáfu atvinnuskírteina og miðlægar og rafrænar lögskráningar. Þó má geta þess að þegar er í notkun Lögskráningarkerfi sjómanna sem að hluta gegnir þessu hlutverki.

¹⁶ Lögin eru gamaldags og taka ekki mið af breyttum aðstæðum, s.s. tækniframförum. Rétt væri að endurskoða lögin og nútímavæða þau, meðal annars í samræmi við þær tillögur sem hér eru nefndar.

¹⁷ Lögskráningar mætti t.d. færa til Siglingastofnunar eða eins sýslumannsembættis.

¹⁸ Skráningaraðilar gætu t.d. sent mánaðarlegt yfirlit til lögskráningarstjóra, sjá hér til hliðsjónar 3. gr. reglugerðar nr. 880/2001 um lögskráningar, með síðari breytingum, sem heimilar slíkt þegar útgerð rekur eitt eða fleiri farþegaskip til skoðunarferða, hafnsögubáta eða dráttarbáta.

<i>Markmið</i>	Að auka þjónustu, minnka skriffinnsku, einfalda stjórnarsýsluna og gera hana gagnsærri. Einnig að samhæfa löggjöf og framkvæmd.
<i>Aðgerð</i>	Að kanna hagkvæmni þess að setja upp gagnagrunn, „Sjónet“, þar sem haldið er utan um lögskráningar og atvinnuréttindi skipverja. ¹⁹
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Skráningaraðilar, skipverjar og stjórnvöld.

11. Niðurlagning málskotsnefnda.

<i>Úrlausnarefni</i>	<p>Í 13. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa er mælt fyrir um úrskurðarnefnd siglingamála, sem úrskurðar um ákvarðanir Siglingastofnunar samkvæmt lögunum.</p> <p>Í 24. og 25. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum er mælt fyrir um svonefnda farbannsnefnd, sem skal úrskurða um gildi farbanna sem lögð eru á samkvæmt lögunum.</p> <p>Upplýst er að umræddar nefndir hafa fengið fá ef nokkur mál til úrlausnar og þær eru því í reynd óþarfar.²⁰</p>
<i>Markmið</i>	Að einfalda stjórnarsýsluna og gera hana skilvirkari og gagnsærri með niðurlagningu málskotsnefnda.
<i>Aðgerð</i>	Breytingar á 13. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og 24. og 25. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. ²¹
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur

¹⁹ Uppsetning gagnagrunns gæti haft ýmsa kosti í för með sér. Úthluta mætti skráningaraðilum og skipverjum notandanafni og lykilorði. Skráningaraðili gæti þá skoðað fyrri skráningar og nýtt þær við síðari skráningar. Að sama skapi gæti skipverji skoðað sínar skráningar og þannig fylgst með því að atvinnuréttindi hans og siglingatímar séu rétt tilgreindir. Skipverjum væri með þessu einfölduð sönnun um siglingatíma þar sem þeir þyrftu ekki að afla staðfestingar lögskráningarstjóra eða leggja fram sjóferðabók í því skyni. Ennfremur myndu þær upplýsingar sem skráðar væru í gagnagrunninn nýtast við lögskráningar og könnun á því hvort skip væri rétt mannað, enda skipta atvinnuréttindi skipverja þar höfuðmáli. Raunar væri hægt að hafa sjálfvirkt eftirlit með því að rafrænar skráningar skráningaraðila væru í samræmi við lög um lögskráningar, s.s. um lágmarksmönnun manna á skipi með tiltekin réttindi. Loks gætu upplýsingar úr gagnagrunninum nýst við skattlagningu vegna sjómannaafsláttar.

²⁰ Reynslan hefur leitt í ljós að sjálfstæðar úrskurðarnefndir þykja heppilegastar á sviðum sem fá til úrlausnar mikinn fjölda mála, s.s. yfirskattanefnd og úrskurðarnefnd almennatrygginga. Þá skal bent á að sjálfstæðar úrskurðarnefndir hafa ekki með höndum hlutverk við almenna stefnumótun og hafa því ekki stöðu til að fylgja úrskurðum sínum eftir með þeim hætti. Meðal annars af þessum sökum er eðlilegast að úrskurðarvald sé almennt hjá ráðherra.

²¹ Breytingarnar feli í sér að málskotsnefndirnar verði felldar niður en í stað þess verði mælt fyrir um kærueimild til samgönguráðherra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnarsýslulaga.

12. Leyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Úrlausnarefni Í 5. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum segir að farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lögin gilda um séu háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skuli slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt sé ákvæðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gildi um skip í farþegaflutningum. Sé ráðherra heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt málsgreininni, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

Af orðalagi ákvæðisins verður ekki ráðið að þörf sé á sérstöku leyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni, enda áskilur ákvæðið einfaldlega að öllum lagakröfum sé fullnægt, svo sem gildir um önnur skip.

Markmið Að einfalda stjórnslu og minnka skrifinnsku.

Aðgerð Niðurfelling á 5. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, nema talin sé þörf á að gera ríkari kröfur til farþegaflutninga í atvinnuskyni.²² Þarf þá að endurskoða ákvæðið og finna því betri stað í lögum í samræmi við efni þess, en það er nú í I. kafla laganna, sem fjallar um gildissvið og orðskýringar.

Hverjir hafa hag af aðgerðum Eigendur skipa.

13. Heildarendurskoðun á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa, með síðari breytingum.

Úrlausnarefni Við skoðun á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa, með síðari breytingum, kom í ljós að lögin voru um margt óskýr auk þess að vera óþarflega flókin, ruglingsleg og gamaldags.

Markmið Að gera reglur um skráningu skipa einfaldar, skýrar og gagnsæjar.

Aðgerð Heildarendurskoðun á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa, með síðari breytingum.²³

²² Sjá í því sambandi ábendingu um breytingu á V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 hér á eftir.

²³ Við endurskoðun laganna mætti meðal annars taka eftirfarandi atriði til skoðunar:

Hverjir hafa hag af aðgerðum Almenninur

14. Samræmi á milli skipaskrár og þinglýsingarbókar.

<i>Úrlausnarefni</i>	Miðað við núgildandi lög er hættu á ósamræmi á milli skipaskrár, sem Siglingastofnun heldur um, og þinglýsingarbókar, sem sýslumenn halda um. Getur slíkt valdið réttaróvissu og jafnvel leitt til tjóns fyrir aðila.
<i>Markmið</i>	Að girða fyrir hættu á ósamræmi á milli skipaskrár og þinglýsingarbókar.
<i>Aðgerð</i>	Breytingar á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa og þinglýsingalögum nr. 39/1978. Lagt er til að lagabreytingarnar heimili gagnvirkt upplýsingastreymi á milli þessara tveggja skráa. Mætti þá e.t.v. koma upp sameiginlegum gagnagrunni, sem hefði að geyma þær upplýsingar sem nú er að finna í skipaskrá og þinglýsingarbók. Hvor skráningaraðili hefði síðan aðgang að þeim upplýsingum sem hann hefði þörf fyrir. ²⁴
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Rétthafar yfir skipum

-
- 1) Af 1. gr. laganna verður ráðið að íslenskir lögaðilar og ríkisborgarar með lögheimili erlendis njóti ekki réttar til að skrá skip hér á landi, ólíkt því sem gildir um lögaðila og ríkisborgara ESB- og EFTA-ríkjanna, sem er heimilt að skrá skip sín hér á landi óháð búsetu.
 - 2) Ekki er fullt samræmi á milli 2. mgr. 1. gr. laganna og 4. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
 - 3) Eru ákvæði 3. mgr. 1. gr. og 1. gr. a laganna í samræmi við IMO-reglur?
 - 4) Getur þurrleiga aðeins átt við um kaupskip og fiskiskip en ekki önnur skip?
 - 5) Taka mætti upp sérstakan kafla um þurrleigu skipa og e.t.v. steypa 3. mgr. 1. gr. og 1. gr. a laganna saman. Núgildandi ákvæði eru ruglingsleg.
 - 6) E.t.v. ætti að afmarka nánar en gert er í 1. mgr. 3. gr. laganna hvaða för eða tæki skuli tekin á skipaskrá. 7) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um bráðabirgðaskráningu á ekki heima á þessum stað í lögnum.
 - 8) Mælt verði fyrir um heimild í 4. gr. til að gera aðalskipaskrá rafræna og fella niður skyldu að lögum til að gefa út árlega skipaskrá yfir íslensk þilskip.
 - 9) Hugsanlega má einfalda reglur um einkarétt í 5. gr.
 - 10) Kanna möguleika á því að heimila tilkynningu um skráningu skipa með rafrænum hætti í 6. gr.
 - 11) Af 7. gr. verður ekki ráðið að raunverulegur munur sé á þjóðernis- og skráningarskírteinum. Ef það er rétt væri eðlilegt að gefa einfaldlega út þjóðernis- og skráningarskírteini til allra skipa.
 - 12) Ákvæði 5. mgr. 9. gr., um skyldu til að láta skírteini ávallt fylgja skipi, á ekki heima í 9. gr. sem fjallar um bráðabirgðaskírteini. Ákvæðið ætti frekar heima í 7. gr. þar sem fjallað er um útgáfu skírteinis.
 - 13) Kanna möguleika á að taka upp rafræn eyðublöð í 17. gr.
 - 14) Ákvæði 18. gr. er illskiljanlegt. Við þær aðstæður sem ákvæðið lýsir væri eðlilegast að siglingamálastjóri einfaldlega rannsakaði málið í samræmi við 10. gr. stjórnarsýslulaga og tæki svo ákvörðun. Sú ákvörðun væri síðan kærnanleg til samgönguráðherra samkvæmt 15. gr. laga nr. 47/2003.
- ²⁴ Vakin skal athygli á því að sambærileg tillaga er sett fram á sviði Flugmálastjórnar, þ.e. að tryggja samræmi á milli loftfaraskrár, sem Flugmálastjórn heldur um, og réttindaskrár, sem sýslumaðurinn í Reykjavík heldur um. Jafnframt skal bent á að til er gagnagrunnur um bifreiðaskráningar sem styðjast má við.

15. Siglingalög nr. 34/1985

<i>Úrlausnarefni</i>	í V.kafla laganna, sem fjallar um flutninga á farþegum og farangri, er ekki að finna ákvæði sem skyldar farsala til að halda lista yfir farþega á skipi, ólíkt því sem t.d. gildir um farþegaflug.
<i>Markmið</i>	Auka öryggi farþega.
<i>Aðgerð</i>	Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé rétt að leggja slíkar skyldur á farsala, einkum m.t.t. öruggis farþega.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Almenningur

16. Sjómannalög nr. 35/1985

<i>Úrlausnarefni</i>	<p>Í 5.-7. mgr. 6. gr. laganna er að finna ákvæði um sjóferðabók. Eðlilegt er að kanna möguleika á því að gera sjóferðabók rafræna í samræmi við tillögu í lið 3 hér að framan um gagnagrunn um lögskráningar og atvinnuréttindi – „Sjónet“.</p> <p>Í 7. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu samgönguráðuneytisins að útbúa og kosta hentuga útgáfu af sjómannalögum. Lagt er til að ákvæðið verði fellt niður þar sem sérprentanir á lögum er úreltar, meðal annars vegna greiðs aðgangs almennings að Netinu.</p> <p>Í 72. gr. laganna er mælt fyrir um heimild samgönguráðherra til að koma á föstum gerðardómi sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining sem rís af starfi skipverja ef báðir málsaðilar óska þess. Lagt er til að þessi heimild samgönguráðherra verði felld úr gildi en aðilum verði sjálfum heimilt að semja um gerðardóm sín á milli.</p>
<i>Markmið</i>	Að fella úr gildi úrelt ákvæði og létta reglubyrðni.
<i>Aðgerð</i>	Breytingar á 5-7mgr. 6.gr, 7 gr. og 72. gr.
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Sjófarendur

17. Samræmi á milli loftfaraskrár og réttindaskrár.

<i>Úrlausnarefni</i>	Miðað við núgildandi lög er hætta á ósamræmi á milli loftfaraskrár, sem Flugmálastjórn heldur um, og réttindaskrár, sem sýslumaðurinn í Reykjavík heldur um. Getur slíkt valdið réttaróvissu og jafnvel leitt til tjóns fyrir aðila.
<i>Markmið</i>	Að girða fyrir hættu á ósamræmi á milli loftfaraskrár og réttindaskrár.
<i>Aðgerð</i>	Breytingar á lögum nr. 60/1998 um loftför og lögum nr. 21/1966 um skrásetningu réttinda í loftförum. Lagt er til að lagabreytingarnar heimili gagnvirkt upplýsingastreymi á milli þessara tveggja skráa. Mætti þá e.t.v. koma upp sameiginlegum gagnagrunni, sem hefði að geyma þær upplýsingar sem nú er að finna í loftfaraskrá og réttindaskrá. Hvor skráningaraðili hefði síðan aðgang að þeim upplýsingum sem hann hefði þörf fyrir. ²⁵
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Réttihafar yfir loftförum.

18. Málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi flugvallar, flugvallarskírteini og skráningu.

<i>Úrlausnarefni</i>	Í 11. gr. reglugerðar nr. 347/2004 um flugvelli segir að ef Flugmálastjórn telji að ófullnægjandi upplýsingar séu í umsókn um rekstrarleyfi flugvallar, flugvallarskírteini eða umsókn um skráningu skuli vísa henni frá skriflega og gera grein fyrir þeim þáttum sem vanreifaðir eru. Er þessi málsmeðferð ekki í fullu samræmi við stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og vandaða stjórnarsýsluhætti..
<i>Markmið</i>	Að tryggja að málsmeðferð við afgreiðslu umsókna sé í samræmi við stjórnarsýslulög og vandaða stjórnarsýsluhætti. ²⁶
<i>Aðgerð</i>	Breyting á 11. gr. reglugerðar nr. 347/2004 um flugvelli.
<i>Hverjir hafa hag</i>	Umsækjendur

²⁵ Vakin skal athygli á því að sambærileg tillaga er sett fram á sviði Siglingastofnunar, þ.e. að tryggja samræmi á milli skipaskrár, sem Siglingastofnun heldur um, og þinglýsingarbókar, sem sýslumenn halda um. Jafnframt skal bent á að til er gagnagrunnur um bifreiðaskráningar sem styðjast má við.

²⁶ Í stað þess að vísa máli frá, ef upplýsingar með umsókn þykja ófullnægjandi, skal umsækjanda gerð grein fyrir því að hvaða leyti umsókninni er áfát og gefa honum kost á því að gera úrbætur, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga. Þannig leitist Flugmálastjórn við að upplýsa málið áður en ákvörðun er tekin, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga.

af aðgerðum.

19. Umsóknir um leyfi til að halda flugsýningar.

<i>Úrlausnarefni</i>	Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 442/1976 um flugsýningar og flugkeppni skal skipuleggjandi flugsýningar senda Flugmálastjórn umsókn um afnot af flugvöllum sem hún ræður. Samtímis skal skipuleggjandi senda lögreglustjóra umsókn, sem síðan leitar umsagnar Flugmálastjórnar. Sækja þarf því um leyfi á tveimur stöðum til að fá að halda flugsýningar.
<i>Markmið</i>	Að gera skipuleggjanda kleift að sækja um leyfi á einum stað, sem leiðir aftur af sér minni skriffinnsku og einfaldari stjórnsýslu.
<i>Aðgerð</i>	Breyting á 2. gr. reglugerðar nr. 442/1976 um flugsýningar og flugkeppni. ²⁷
<i>Hverjir hafa hag af aðgerðum</i>	Skipuleggjendur flugsýninga

20. Reglugerð nr. 692/1999 um flugskóla.

<i>Úrlausnarefni</i>	Reglugerðin er sett með stoð í 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, sbr. 31. gr. og IX. kafla laganna. Umrædd ákvæði eru e.t.v. ekki nægilega skýr heimild til reglugerðarsetningar um flugskóla. Varlegast væri því að taka upp ákvæði í loftferðalögin sem sérstaklega heimilar slíkt.
<i>Aðgerð</i>	Tekið verður tillit til þessara ábendinga við endurskoðun loftferðalaga sem stendur yfir haustið 2007. Stefnt er að framlagningu frumvarps á vörþingi 2008.

²⁷ Til að tryggja fyllsta öryggi þarf að gæta þess við breytingar á reglugerðinni að skýr verkaskipting liggi fyrir á milli Flugmálastjórnar annars vegar og lögreglustjóra hins vegar.

VIÐAUKI IV

Framkvæmd áætlana

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Mat á áhrifum nýrra laga og reglna. Endurskoða þarf lög nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. Komið hafa fram atriði sem vert er að endurskoða, t.d. að í lögnum er ekki kveðið á um birtingu þess mats sem á sér stað á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Þá er vert að endurskoða gildissvið laganna, en þau taka nú einungis til opinberra eftirlitsreglna. Sérstakt lagafrumvarp hefur ekki verið lagt fram en áformað er að fela sérfræðingi að gera tillögur um lagabreytingar að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur og fleiri aðila.</p>	Í vinnslu
<p>2. Lög um fána og ríkisskjalдарmerki. Uppfæra lagareglur um þjóðfánann og notkun hans með það fyrir augum að heimiluð séu afmörkuð not hans í viðskiptalegum tilgangi án þess að fánanum sé þó óvirðing gerð. Gefin verði út reglugerð um skilyrði fyrir vísun til þjóðfánans í viðskiptalegum tilgangi. Reglugerð er í undirbúningi. Einnig er verið að meta hvort ástæða sé til að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 34/1944 í því skyni að kveða með skýrari hætti á um heimiluð not fánans í viðskiptalegum tilgangi.</p>	Í vinnslu
<p>3. Gagnsæi og ábyrgð í störfum stofnana og embætta sem heyra undir ráðuneytið. Settar verði skýrari reglur um reglulega upplýsingagjöf stofnana og embætta sem heyra undir ráðuneytið gagnvart stjórnvöldum, Alþingi og almenningi. Þannig má stuðla að betri vitneskju um og skilningi á störfum viðkomandi. Sett hefur verið reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans. Farið var yfir þær reglur sem gilda um stofnanir og embætti sem heyra undir ráðuneytið og mælt fyrir um að ríkislögmaður skili árlega skýrslu um starfsemina.</p>	Lokið
<p>4. Verklag við meðferð erinda frá almenningi. Settar verði verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast. Búið er að endurskoða verkferla innan húss og taka upp virkt eftirlit með því að innkomnum erindum sé svarað í tíma.</p>	Lokið
<p>5. Aðgengi almennings að upplýsingum um lög og reglur. Verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast ráðuneytinu. Farið verið yfir upplýsingar á vef forsætisráðuneytisins um gildandi lög og reglur með það fyrir augum að þær séu sem réttastar, aukið verði við þýðingar á lögum og reglum. Gefin verði út handbók um upplýsingalögin fyrir almenning. Í handbók sem gefin var út í árslok 2007 er að finna útlistun á helstu reglum um upplýsingarétt almennings og helstu takmarkanir sem um hann gilda. Er ætlunin að handbókin sé aðgengileg almenningi hjá</p>	Lokið

<p>stofnunum ríkis og sveitarfélaga.</p>	
<p>6. Rafræn stjórnslá – notkun eyðublaða. Eyðublöð á vegum forsætisráðuneytisins, stofnana og embætta eða nefnda sem undir það heyrast verði gerð aðgengileg á netinu. Um þessar mundir er verið að skoða mögulegar lausnir varðandi eyðublöðin og einnig í tengslum við Ísland.is. Er stefnt að því að koma upp gagnvirkum eyðublöðum fyrir ráðuneytið síðar í vetur.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>7. Gagnsæi í störfum úrskurðarnefnda. Úrskurðir úrskurðarnefnda í stjórnsláunni gerðir aðgengilegir á netinu og birtir reglulega að taknu tilliti til sjónarmiða um persónuvernd. Tafir hafa orðið á framkvæmd þessarar aðgerðar, en stefnt er að skoðun málsins í samræmi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið innan tíðar.</p>	<p>Í vinnslu</p>

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Einföldun eyðublaða og rafvæðing móttöku. Farið verður í gegnum öll eyðublöð DKM og þau einfölduð eftir því sem unnt er. Gefinn verður kostur á að fylla þau út rafrænt. Bætt verður inn leiðbeiningum við reiti sem birtast þegar reitur er valinn.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>2. Tímáfrestir í afgreiðslum ráðuneytisins. Skilgreina verkferla með afgreiðslutímum fyrir 1. desember 2007. Breyta og nýta málaskrá til eftirfylgni.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>3. Krafa um framlagningu sakavottorða frá ríkissaksóknara hjá opinberum stofnunum. Samþykki fyrir öflun sakavottorðs sé almennt gefið við umsókn. Viðkomandi stofnun sendi rafræna beiðni um sakavottorð og fái rafrænt vottorð til baka. Gjaldtaka færast þá frá saksóknara og bætist við gjald fyrir viðkomandi afgreiðslu en tekjur færast til baka í gegnum fjárlög.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>4. Krafa um framlagningu vottorða frá Þjóðskrá hjá opinberum stofnunum. Farið verði í gegn um verklag hjá stofnunum. Miðað við að uppflettingar komi að mestu í stað vottorða en samþykki sé gefið við umsókn. Þegar vottorða er þörf sendi viðkomandi stofnun rafræna beiðni um vottorð og fái rafrænt vottorð til baka. Gjaldtaka færast þá frá Þjóðskrá og bætist við gjald fyrir viðkomandi afgreiðslu en tekjur færast til baka í gegn um fjárlög.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>5. Rafræn móttaka á tilkynningum til Þjóðskrár. Óþarft umstang við að tilkynna Þjóðskrá um flutninga o.fl. atriði. Stefnt að því að breytingar verði slegnar inn í gegn um netið. Þjóðskrá "sigtar" breytingar inn á skrána. Stefnt að uppstokkun vorið 2008.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>6. Sameining afgreiðslna á nafnbreytingum hjá Þjóðskrá. Flókin og óljós verkaskipting DKM og Þjóðskrár í mannanafnalögum nr. 45/1996 veldur því að oft verður vafi á því hvar á að afgreiða mál auk þess sem sumar breytingar verður að afgreiða á báðum stöðum. Nú þegar Þjóðskrá er orðin sjálfstæð eining innan DKM standa lagaheimildir ekki í vegi fyrir því að þetta verði sameinað á einum stað. Þjóðskrá hefur nú tekið við öllum verkefnum á grundvelli mannanafnalaga.</p>	<p>Lokið</p>

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Einföldun á stofnanakerfi ráðuneytisins. Farið verði markvisst yfir málaflokka ráðuneytisins með það að markmiði að kanna leiðir til að einfalda stofnanakerfið. Tekið hefur gildi nýtt skipurit félags- og tryggingamálaráðuneytisins með hliðsjón af breyttri verkaskiptingu ráðuneyta. Með nýju skipuriti er lögð áhersla á að samræma og samþætta vinnu í skyldum málaflokkum og einfalda samskipti milli ráðuneytisins og stofnana þess sem og við hagsmunasamtök og almenning. Stærsta verkefnið sem nú er unnið að í ráðuneytinu og mun einfalda stofnanakerfi þess snýst um fyrirhugaða sameiningu Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins í eina velferðarstofnun. Með sameiningunni verður unnt að tengja saman lífeyrismál og atvinnumál, þ.m.t. starfsendurhæfingu. Með þessu verður viðamikil þjónusta við einstaklinga á einum stað, unnt verður að tryggja samspil kerfa sem hingað til hafa ekki unnið nógu vel saman, bæta þjónustu og tryggja betur hagsmuni þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda. Málið er á undirbúningsstigi. Auk þessa er verið að endurskoða skipulag úrskurða- og kæruneftnda á málefnaviðum ráðuneytisins með það að markmiði að skýra betur kæruleiðir innan stjórnarsýslunnar og bæta þannig stjórnarsýslu gagnvart almenningi. Stefnt er að því að flytja verkefni í auknum mæli frá ríki til sveitarfélaga og að því er unnið á sviði málefna aldraðra og fatlaðra.</p>	<p>Lokið</p>
<p>2. Verklag við meðferð erinda frá almenningi. Settar verði verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast. Breytt tímaáætlun – 1. nóvember 2008. Stjórnarsýslu- og stefnumótunarsvið hefur tekið saman almennar reglur um skráningu erinda og gagna í málaskrá, kynnt þær fyrir öllum starfsmönnum og fylgist með því að eftir þeim sé farið. Verið er að setja reglur um meðferð mála þ.m.t. málshraða og skilgreina hvernig málaskrá og önnur stjórnþæki verði best nýtt til þess að tryggja að málsmeðferðar- og málshraðareglum sé ávallt fylgt. Samhliða þessu er unnið að gerð nýs bréfarlykils fyrir málaskrá ráðuneytisins í samræmi við breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta sem tók gildi um áramótin. Drög að nýjum bréfalykli eru tilbúin og verður hann tekinn í notkun fljótlega.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>3. Öll eyðublöð á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, stofnana og nefnda sem undir það heyra verði gerð aðgengileg á netinu þar sem það á við. Gert verði kleift að fylla þau út á netinu og skila þeim rafrænt. Ráðuneytið og stofnanir þess vinna stöðugt að því að fjölga eyðublöðum á netinu og auka sjálfvirkni þannig að notendur geti fyllt út og sent eyðublöð á netinu. Mikið verk er óunnið á þessu sviði en í tengslum við nýja upplýsingastefnu ríkisstjórnarinnar, Netríkið Ísland, er stefnt að átaki í ráðuneytinu og hjá stofnunum þess til að stórauka rafræna stjórnarsýslu. Stærsta verkefnið á</p>	<p>Í vinnslu</p>

<p>Þessu sviði er TRYGGUR en það er heiti á rafrænum þjónustuvef Tryggingastofnunar ríkisins sem verið er að koma á fót og verður að hluta til tekinn í notkun fyrir lok þessa árs. Þjónustuvefurinn verður uppbyggður með nokkuð líku sniði og landsmenn þekkja best í gegnum rafræn skil á skattskýrslum. Hér eru upplýsingar um þjónustu sem verður í boði í gegnum TRYGG: http://www.ut.is/media/utvefur/2008/Tryggur_kynning3.pdf</p>	
<p>4. Einfaldari reglugerðir og reglur. Farið verði yfir reglugerðir á málefnasviði ráðuneytisins með það fyrir augum að í þeim verði eftirleiðis eingöngu efni sem er til fyllingar lagaákvæðum en sem allra minnst efnislegar endurtekningar. Jafnframt verði birtar handbækur þar sem sett verði saman í eitt skjal reglur í viðkomandi málaflokki byggðar á birtum laga- og reglugerðartexta. Breyting: Ákveðið hefur verið að endurskoða áform einföldunaráætlunarinnar um útgáfu handbóka, meta kosti þeirra og galla og athuga hvort aðrar leiðir kunni að vera betri til að ná markmiðinu. Í tengslum við gildistöku á nýju skipuriti ráðuneytisins er unnið að setningu verklagsreglna vegna undirbúnings við gerð lagafrumvarpa og setningu reglugerða. Stjórnsýslu- og stefnumótunarsvið ber ábyrgð á lokafrágangi allra stjórnvaldsfyrirmæla og hefur það að markmiði að þau séu sem best úr garði gerð, texti sé eins skýr og einfaldur og mögulegt er. Þá er markvisst unnið að endurskoðun reglugerða á málefnasviðum ráðuneytisins.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>5. Aðgengi almennings að upplýsingum um lög og reglur. Farið verði yfir upplýsingar á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins um gildandi lög og reglur með það fyrir augum að þær séu sem réttastar. Þar sem þörf er á verði lög og reglugerðir birtar með áorðnum breytingum og skýringum í formi handbókar. Lög og reglugerðir eru birt á heimasíðu ráðuneytisins eftir málaflokkum. Fastar verklagsreglur gilda um birtingu þeirra á heimasíðunni og um reglulega uppfærslu. Nýlega var farið nákvæmlega yfir birtingu laga og reglugerða á heimasíðunni til að tryggja réttar upplýsingar en slík yfirferð fer fram reglulega. Sem fyrr segir (sjá 4) hefur verið að endurskoða áform einföldunaráætlunarinnar um útgáfu handbóka, meta kosti þeirra og galla og athuga hvort aðrar leiðir kunni að vera betri til að ná markmiðinu.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>6. Endurskoðun á löggjöf um almannatryggingar. Vinna skal heildstæðar tillögur um eðlilegar fyrstu aðgerðir, langtímastefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi. Heildarendurskoðun löggjafar um almannatryggingar stendur yfir. Verkefnisstjórn var skipuð síðast liðið vor vegna þessa verkefnis og hefur unnið að verkefninu í áföngum en stefnt er að því að frumvarp sem felur í sér breytingar á löggjöf um almannatryggingar verði lagt fram á haustþingi 2008.</p>	<p>Í vinnslu</p>

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Samræmd upplýsingagjöf og þjónusta við skattborgara (Borgaraþjónusta). Komið verði á sameiginlegri upplýsingagjöf og þjónustu um álagningu og innheimtu skatta og gjalda þar sem borgarinn geti fengið allar upplýsingar sem tengjast álagningu og innheimtu skatta. Á vormánuðum 2008 var opnað þjónustuver hjá ríkisskattstjóra, sem ætlað er að samræma upplýsingagjöf innanhúss hjá embættinu og bæta þjónustuna. Má líta á það sem fyrsta skref í átt að að samræmdri upplýsingagjöf til borgaranna um stöðu þeirra gagnvart skattyfirvöldum en takmarkað hefur verið unnið í málinu að öðru leyti. Viðræður hafa einnig verið við Tryggingarstofnun ríkisins, Útlendingastofnun og Dóms- og kirkjumálaráðuneyti um hvort unnt sá að auka þjónustu við útlendinga og bótaþega TR. Sameiginleg afgreiðsla er einn af þeim möguleikum sem til umræðu eru.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>2. Skattaleg umsýsla og þjónusta við stórfyrirtæki. Gert er ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök skrifstofa sem fer með málefni stærstu og flóknustu fyrirtækjanna þ.e. álagningu og eftirlit, þjónustu og upplýsingagjöf. Markmiðið er að auka þjónustu við stærstu fyrirtækin og gera þeim auðveldara að leita til skattyfirvalda með fyrirspurnir um álitamál sín, upplýsingar um túlkun laga og reglna. Frumvarp fjármálaráðherra um skattumsýslu stórfyrirtækja var nýlega samþykkt sem lög frá Alþingi. Í lögnum felst að skattaumsýsla og þjónusta við fyrirtæki sem falla undir þá skilgreiningu að teljast stórfyrirtæki fer einungis fram í einu skattumdæmi í stað níu, nánar tiltekið í Reykjarvíkurumdæmi, í sérhæfðri stjórnsýslueiningu og mun hún taka til starfa um næstu áramót. Með þessu fyrirkomulagi skapast möguleikar á að tryggja að skattlagning sambærilegra eða tengdra fyrirtækja sem hafa mikli umsvif verði samhæfðari og skilvirkari, auk þess sem þjónusta við þau batnar. Samhliða undirbúningi að þessari starfsemi verður skoðað sérstaklega hvernig styrkja megi starfsemi einstakra skattstofa á landsbyggðinni, t.d. með verkefnatilflutningi.</p>	<p>Lokið</p>
<p>3. Almenn útbreiðsla rafrænna skilríkja á Íslandi. Hefja almenna útbreiðslu rafrænna skilríkja fyrir almenning og fyrirtæki þannig að aðilar geti auðkennt sig með auðveldum og öruggum hætti ásamt því að skrifa rafrænt undir skjöl og skuldbindingar. Hægt er að skipta samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins og Auðkennis f.h. banka og fjármálafyrirtækja í þrjá áfanga. Í fyrsta lagi stofnun svokallaðrar Íslandsrótar, í öðru lagi útgáfu milliskilríkja og í þriðja lagi almenna útbreiðslu rafrænna skilríkja á debetkortum. Þann 20. maí sl. var Íslandsrót stofnuð. Íslandsrót er sérstök vottunarrót og efst í stigveldi trausts í skipulagi um rafræn skilríki. Stofnun og starfræksla Íslandsrótar er tvímælalaust einn stærsti áfangi í samstarfsverkefni um almenna dreifingu rafrænna skilríkja á Íslandi. Á grunni Íslandsrótar verða gefin út milliskilríki til aðila eins og Auðkennis. Á grunni milliskilríkja verða gefin út endaskilríki til almennings og lögaðila á debetkortum. Stefnt</p>	<p>Í vinnslu</p>

<p>er að útgáfu milliskilríkis í júní og almennri dreifingu rafrænna skilríkja á debetkortum í haust.</p>	
<p>4. Einföldun framtalsskila einstaklinga. Einföldun framtalsskila einstaklinga utan atvinnurekstrar með þeim hætti að framteljendur þurfa annað hvort aðeins að staðfesta framtal sitt eða ekkert að aðhafast. Í október 2007 skipaði ríkisskattstjóri starfshóp um einföldun framtalsskila einstaklinga. Vinna starfshópsins er í fullum gangi og er breytinga að vænta í framtalsmálum einstaklinga utan rekstrar strax á næsta ári. Það er þó háð því að samkomulag takist við fjármálastofnanir um flutning bankaupplýsinga inn á framtal skv. umboði sem skattyfirvöldu fengju frá framteljendum.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>5. Samræmt verklag ríkis og sveitarfélaga í útboðum. Rafvæðing útboðsferilsins. Komið verði á fót sameiginlegu rafrænu útboðskerfi fyrir öll opinber útboð. Verkefnið gengur út á að koma á fót sameiginlegu útboðskerfi fyrir öll opinber útboð. Til þess að þau áform gangi eftir var ákveðið að óska eftir fullbúnu kerfi og rekstur á því. Undirbúningur að útboði er langt komin. Verið er að leggja lokahönd á útboðsgögn. Í framhaldi af því verður efnt til útboðs.</p>	<p>Í vinnslu</p>

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1.1 Einfalda reglur um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra, niðurgreiðslu ríkisins á heilbrigðisþjónustu og afsláttarkort. Endurskoða þarf lög, reglugerðir, gjaldskrár o.fl. með það að markmiði að einfalda framkvæmdina og taka upp rafræna þjónustu. Sjúkratryggingar – til umfjöllunar í nefnd sem Pétur Blöndal alþingismaður stýrir. Ekki ljóst hvenær nefndin lýkur störfum.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>1.2. Tryggingar útsendra starfsmanna. Flytja umsýslu ráðuneytisins vegna svokallaðra 17. gr. samninga til Tryggingastofnunar ríkisins. Breyting með reglugerð nr. 1158/2007 um breytingu á reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.</p>	<p>Lokið</p>
<p>2. Stefnt er að því að leyfisveitingar vegna lyfsöluleyfa, heildsöluleyfa, framleiðsluleyfa og leyfa vegna ávana- og fíkniefna verði færð frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar. Frumvarp fór í gegnum vorþingið og samþykkt sem lög frá Alþingi 30.maí 2008 og þessar breytingar taka gildi 1. okt. 2008. Vinna ekki hafin við flutning leyfa vegna ávana- og fíknilyfja og því ekki ljóst hvenær það kemur til framkvæmda.</p>	<p>Lokið að mestu</p>
<p>3. Lög um heilbrigðisstéttir. Fella öll lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttir sem nú eru í gildi í einn heildarlagabálk um heilbrigðisstéttir. Stefnt er að því að útgáfa starfsleyfa og vottorða þeim tengd verði færð frá ráðuneytinu til landlæknisembættisins. Heildarlagabálkur um heilbrigðisstéttir liggur ekki fyrir. Starfsleyfi heilbrigðisstétta voru flutt til frá ráðuneytinu til landlæknis með lögum nr. 12/2008 sem tóku gildi 1. apríl sl.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>4.1. Niðurfelling óþarfa/úreltra reglna. Endurskoðun laga nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra með tilliti til hugsanlega óþarfra ákvæða eða ákvæða sem eiga betur heima annars staðar. Endurskoðun laga nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra og drykkjusjúkra felld brott með lögum nr. 148/2007.</p>	<p>Lokið</p>
<p>4.2. Endurskoðun laga nr. 14/1942 um lækna ráð með tilliti til hugsanlega óþarfra ákvæða eða ákvæða sem eiga betur heima annars staðar. Endurskoðun laga nr. 14/1942 um lækna ráð - frumvarp um brottfellingu laganna samþykkt sem lög frá Alþingi 22. maí sl.</p>	<p>Lokið</p>
<p>5.0. Erlendar þýðingar laga- og reglugerða þannig að þau séu aðgengileg á ensku á heimasíðu ráðuneytisins. Vinna ávallt í gangi í þessum málaflokki.</p>	<p>Í vinnslu</p>

ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Verkferlar við lánveitingu Byggðastofnunar. Verkferlar og leiðbeiningar yfirfarin með einföldun í huga, m.a. með því að nýta betur möguleika rafrænnar stjórnsýslu. Farið var yfir verkferla við lánveitingar stofnunarinnar, samskipti við viðskiptavini og leiðbeiningar stofnunarinnar með einföldun í huga, og það að markmiði að einfalda umsóknarferli og leiðbeiningar um lánveitingar. Tekið var í notkun nýtt vefsetur stofnunarinnar sem ásamt nýju skjalastjórnumarkerfi býður upp á að samskipti við viðskiptavini, hvort sem varðar umsóknir um nýjar lánveitingar, eða þjónustu vegna eldri lána, fari fram með rafrænum hætti á vefsetri hennar.</p>	<p>Lokið</p>
<p>2. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Allar aðgerðir innan þessa málaflokks eiga ekki við þar sem að málaflokkurinn fluttist í heild sinni til viðskiptaráðuneytisins um síðustu áramót.</p>	<p>Fært til viðskiptaráðuneytisins</p>
<p>3. Iðnaðarmál og starfsréttindi - Einföldun við skráningu starfsheita. Að meta hvort ástæða sé til að fjölga þeim sérfræðingum í tækni- og hönnunargreinum sem ekki þurfa sérstakt leyfi ráðherra til að nota starfsheiti, sbr. lög nr. 8/1996. Ekki búið að framkvæma einföldunartillögu. Það verður gert samhliða vinnu við innleiðingu þjónustutillskipunar Evrópusambandsins.</p>	<p>Ólokið</p>
<p>4. Kvikmyndaiðnaður. Reglugerð um endurgreiðslur einfölduð. Samning nýrrar reglugerðar og birting. Búið að framkvæma einföldunartillögu. Reglugerðin er nr. 1011/2007.</p>	<p>Lokið</p>
<p>5. Nýsköpun. Brottfall úreltra laga. Að fella úr gildi lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973.</p>	<p>Ólokið</p>
<p>6. Orkufrekur iðnaður. Á þessu sviði gilda lög nr. 76/1996, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu í Straumsvík, lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, lög nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og lög nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Öll eru þessi lög sértæk að því leyti að þau gilda um starfsemi eins fyrirtækis. Ekki er því ástæða til einföldunar í þessum tilvikum.</p>	<p>Hætt við.</p>
<p>7.1. Auðlindir á hafsbotni. Setning reglugerðar um rannsóknir og vinnslu kolvetnis og gerð staðlaðs rannsóknar- og nýtingarleyfis.</p>	<p>Ólokið</p>
<p>7.2. Auðlindir á hafsbotni. Endurskoðun reglna nr. 553/2001, um veitingu leyfa til leitar að kolvetni.</p>	<p>Ólokið</p>
<p>7.3. Auðlindir á hafsbotni. Setning reglugerðar á grundvelli laga um eignarrétt</p>	<p>Í vinnslu</p>

Íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Drög að reglugerð liggja fyrir.	
8.1 Jarðrænar auðlindir. Einföldun leyfisveitinga á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Lagt var fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, þar sem kveðið er á um að iðnaðarráðherra sé heimilt að framselja Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt lögnum. Frumvarpið hefur orðið að lögum.	Lokið
8.2. Breyting á reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs nr. 514/1005. Reglugerðin var sett á grundvelli námulaga nr. 24/1973, en námulög voru felld brott með lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Er því nauðsynlegt að heimfæra tilvísun reglugerðarinnar um lagastoð til þeirra laga.	Ólokið
9.1. Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um Orkustofnun. Ekki búið að framkvæma einföldunartillögu. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun á 136. löggjafarþingi. Í frumvarpinu verður lagt til að bráðabirgðaákvæðið falli brott.	Í vinnslu
10.1 Endurútgáfa reglugerða um raforkumál, nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi og nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar. Að sameina þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðinni í eina gerð og gefa hana út að nýju.	Ólokið
10.2. Einföldun á ákvörðun viðmiðunarmarka sem vísað er til í lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku nr. 98/2004. Ekki búið að framkvæma einföldunaráætlun. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á komandi þingi. Í kjölfar þessa verða ákvæði reglugerðar nr. 773/2005 endurskoðuð.	Í vinnslu
10.3. Einföldun á útreikningi viðmiðunarmarka vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli. Fara yfir hvort einfalda megi útreikning viðmiðunarmarka skv 1. gr. reglugerðar nr. 773/2005. Einnig þarf að laga ósamræmi sem fram kom eftir birtingu reglugerðar nr. 88/2007, sem breytti reglugerð nr. 773/2005. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á komandi þingi. Í kjölfar þessa verða ákvæði reglugerðar nr. 773/2005 endurskoðuð.	Í vinnslu
10.4. Niðurfelling reglugerðar fyrir Landsvirkjun nr. 585/1993. Með lögum nr. 154/2006 var heimild til setningar reglugerða á grundvelli laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, felld brott. Þess í stað er vísað til starfsreglna stjórnar Landsvirkjunar. Ekki búið að framkvæma einföldunaráætlun. Í frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki, þar sem m.a. verði tekið til skoðunar hvort hægt sé að fella þau brott að hluta eða öllu leyti.	Í vinnslu

<p>10.5. Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um stofnun sameignarfélags um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001. Ekki búið að framkvæma einföldunaráætlun. Í frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki, þar sem m.a. verði tekið til skoðunar hvort hægt sé að fella þau brott að hluta eða öllu leyti.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>10.6. Niðurfelling bráðabirgðaákvæðis laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins nr. 25/2006. Ekki búið að framkvæma einföldunaráætlun. Í frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki, þar sem m.a. verði tekið til skoðunar hvort hægt sé að fella þau brott að hluta eða öllu leyti.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>10.7. Taka þarf ákvörðun um endurskoðaðan birtingarhátt laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Í frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki, þar sem m.a. verði tekið til skoðunar hvort hægt sé að fella þau brott að hluta eða öllu leyti. Ákvörðun um birtingu laganna verður tekin í kjölfar endurskoðunar.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>10.8. Endurskoðun laga um raforkuver nr. 60/1981. Búið að framkvæma einföldunaráætlun.</p>	<p>Lokið</p>
<p>10.9. Hugsanleg niðurfelling lagabálka sem heimila virkjunarframkvæmdir. Í ljósi breytts umhverfis raforkumála og á grundvelli þess að samkvæmt raforkulögum er iðnaðarráðherra heimilt að gefa út virkjunarleyfi þarf að skoða hvort fella megi út sérlög er heimila virkjanaframkvæmdir. Búið að framkvæma einföldunaráætlun. Í frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er lagt til að þessi lög verði felld brott.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>11.2. Endurútgáfa reglugerðar um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafknúinna kælikápa til heimilisnota og um upplýsingaskyldu seljanda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.</p>	<p>Ólokið</p>
<p>11.2. Endurútgáfa reglugerðar um upplýsingaskyldu seljanda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs. Að fella inn í reglugerðina breytingar sem gerðar hafa verið frá birtingu hennar frá 2003.</p>	<p>Ólokið</p>
<p>12.1. Endurskoðun ákvæða orkulaga um hitaveitur nr. 58/1967. Stefnt er að því</p>	<p>Í vinnslu</p>

<p>að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2007. Ekki búið að framkvæma einföldunaráætlun. Drög að frumvarpi hafa verið kynnt hitaveitufagráði Samorku og frumvarp til laga um hitaveitur verður lagt fram á komandi þingi.</p>	
<p>12.2. Endurskoða þarf einstakar reglugerðir fyrir hitaveitur í ljósi breytts eignarhalds, breytinga á þjónustusvæðum og aðskilnaði rekstarþátta. Ljúka þarf vinnu við frumvarpsdrög að sérlögum um hitaveitur. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fram á Alþingi fyrir árslok 2007. Í kjölfarið verður unnið að heildarendurskoðun á reglugerðum einstakra hitaveitna.</p>	<p>Ólokið</p>

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Rafrænar afladagbækur. Að draga úr fyrirhöfn og kostnaði við að safna þeim upplýsingum sem færðar eru í afladagbækur og draga úr hættu á röngum skráningum. Endurskoðun á reglum um afladagbækur til að kveða á um skyldu skipstjóra og útgerða til að færa og senda rafrænar afladagbækur. Dreifa afladagbókarforriti til útgerða og kynna notkun þess fyrir þeim og skipstjórum.</p>	Lokið
<p>2. Rafrænn flutningur aflaheimilda milli fiskiskipa. Endurskoðun á laga- og reglugerðarákvæðum sem gilda um flutning aflaheimilda milli fiskiskipa. Nauðsynlegar breytingar á tölvukerfi Fiskistofu. Hugsanlega nauðsynlegt að gera samninga við hlutaðeigandi útgerðir.</p>	Lokið

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Endurskoða lög um búfjárhald og lög um dýravernd til að skýra valdmörk og mögulega fela eftirlit með dýravernd einni stofnun sem heyrir undir eitt ráðuneyti. Málið er til skoðunar innan ráðuneytisins.</p>	<p>Til skoðunar</p>
<p>2. Fella úr gildi eldri fyrirmæli með stoð í löggjöf um dýrasjúkdóma sem álitin eru byggð á hæpnum lagagrundvelli. Fella brott reglur, auglýsingar og reglugerðir þar sem þörf er á í þessu sambandi. Tekin hefur verið ákvörðun um að fella reglugerðirnar úr gildi.</p>	<p>Lokið</p>
<p>3. Endurskipulagning búfjárefirlits og búfjárefirlitssvæða í samráði við hagsmunaaðila og sveitarfélög. Treysta réttaröryggi og gera stjórnslu einfaldari og gagnsærri.</p>	<p>Til skoðunar</p>
<p>4. Flutningur og slátrun búfjár. Landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti taki til sameiginlegrar endurskoðunar lög um dýravernd, búfjárhald og um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Að skýra valdmörk til að treysta eftirlit og endurnýja reglugerðir um málefnið. Nauðsynlegar lagabreytingar hafa verið gerðar og reglugerðir eru í umsagnarferli.</p>	<p>Lokið</p>
<p>5. Leyfi til mjólkur- og kjötframleiðslu. Gera eftirlit með mjólkur- og kjötframleiðslu markvissara. Minnka skriffinnsku og gera stjórnslu einfaldari og gagnsærri. Breyta reglugerð nr. 438/2002 með þeim hætti að framleiðsluleyfi verði gefin út til lengri tíma en eins árs.</p>	<p>Til skoðunar</p>
<p>6. Sóttþreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar. Minnka opinbert eftirlit skv. lögum um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 69/2006 og kostnað af því. Stjórnslu verði gerð einfaldari og gagnsærri.</p>	<p>Til skoðunar.</p>
<p>7. Varnir gegn búfjársjúkdómum – Innflutningur dýra. Endurskoðun á lögum um innflutning dýra og reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis. Einfalda málsmeðferð, skýra valdmörk, stofna kæruleið til ráðherra með því að fela Landbúnaðarstofnun fullnaðarvald til að veita innflutningsleyfi og stytta málsmeðferðartíma án þess að raska réttaröryggi.</p>	<p>Lokið</p>
<p>8. Eftirlit og varnir gegn garnaveiki í búfé. Eftirlit um framkvæmd bólusetningar sauðfés, geitfés og nautgripa.</p>	<p>Lokið</p>
<p>9. Verkferlar í riðuveikimálum. Verkferlar í málum er lúta að niðurskurði og bótum vegna niðurskurðar sökum riðuveiki í samráði við Umhverfisstofnun, landbúnaðarráðuneytið og samtök bænda.</p>	<p>Lokið</p>
<p>10. Leyfi til innflutnings á vörutegundum sem kunna að bera smitefni er valda dýrasjúkdómum. Endurskoðun á 2. mgr. 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir</p>	<p>Til skoðunar</p>

gegn þeim nr. 25/1993 og reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins nr. 509/2004. Einfalda málsmeðferð, skýra valdmörk og stofna kæruleið til ráðherra með því að fela Landbúnaðarstofnun fullnaðarvald til að veita innflutningsleyfi.	
11. Gerð fjallskilasamþykktta og samþykktta um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra gefi út leiðbeiningar um gerð samþykktta um búfjárhald og fjallskilasamþykktta í samráði við Bændasamtök Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.	Til skoðunar
12. Lega sóttvarnarsvæða. Endurskoðun á reglugerð um búfjármörk, markaskrár, og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998 og auglýsingu um varnarlínur sauðfjárvarnarsvæða nr. 155/1987 að uppfyllri þeirri málsmeðferð sem greinir í 12. og 23. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.	Til skoðunar
13. Hagnýting rafrænnar stjórnýslu í auknum mæli þegar kemur að afgreiðslumálum ráðuneytisins og umsóknarformum.	Lokið að mestu
14. Landnýting í þágu landbúnaðar. Yfirfara skilyrði til skráningar lögbýla og lögfylgjur þeirra. Í kjölfarið verði stjórnýsluframkvæmd endurskoðuð og tekið til skoðunar að setja reglugerð með heimild í jarðalögum. Málið er til skoðunar í sérstakri nefnd.	Í vinnslu
15. Landskipti og lausn úr landbúnaðarnotum skv. jarðalögum. Greina verður þá hagsmuni sem um er að ræða, hvort og þá hvernig endurskoða skuli löggjöfina og/eða framkvæmdina. Ljóst er að samráð verður að hafa við sveitarfélög og aðra sem gerst þekkjja til s.s.. Fasteignamat ríkisins og Skipulagsstofnun.	Í vinnslu
16. Lagabreyting sem fæli í sér að skylda kaupanda eða annars „viðtakanda réttar” að tilkynna sveitarstjórn stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum skv. 10. gr. jarðalaga nr. 81/2004 sé felld niður.	Í vinnslu
17. Sala ríkisjarða með heimild í jarðalögum og lögum um jarðasjóð. Endurskoða og skýra skilyrtan kauprétt á ríkisjörðum, einkum kauprétt ábúenda skv. 37. gr. jarðalaga til þess að tryggja jafnræði og samræmi í lagaframkvæmd. Endurskoðun á stjórnýslu málaflokksins sem kann að leiða til setningar reglugerðar með stoð í 55. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og/eða frumvarps til breytinga á jarðalögum.	Til skoðunar
18. Reglugerð um útgáfu Stofnlánadeildar landbúnaðarins á innlausnarbréfum. Reglugerð nr. 197/1995, sem veitti Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að gefa út verðtryggð skuldabréf til að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, verði felld úr gildi. Tekin hefur verið ákvörðun um að fella reglugerðina úr gildi.	Lokið
19. Reglugerðir um fjármál loðdýrabænda - fella brott reglugerðir sem ekki verður séð að hafi nokkra merkingu lengur. Tekin hefur verið ákvörðun að fella reglugerðirnar niður.	Lokið
20. Verðskerðingargjald af kindakjöti. Í samráði við hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um hvort áfram skuli innheimta verðskerðingargjald af kindakjöti. Meta verður árangur af markaðsstarfi og nauðsyn þess. Skoða verður hvort hagsmunum sé þegar þjónað með öðrum hætti, t.d. með framlögum innan	Til skoðunar

nefndra samninga og hvort nógildandi skattheimtu sé þörf.	
21. Verðskerðingargjald af hrossakjöti. Í samráði við hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um hvort áfram skuli innheimta verðskerðingargjald af hrossakjöti. Meta verður árangur af markaðsstarfi og nauðsyn þess. Skoða verður hvort hagsmunum verði þjónað með öðrum hætti, t.d. með framlögum innan búnaðarlagasamnings í stað nógildandi skattheimtu sem er nokkuð flókin með hliðsjón af því að ekki er um háar fjárhæðir að ræða.	Til skoðunar
22. Reglugerð um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af nautgripakjöti. Fella úr gildi reglugerð nr. 523/1997, sem hafði stoð í búvörulögum en er úrelt í dag. Tekin hefur verið ákvörðun um að fella reglugerðina úr gildi.	Lokið
23. Reglugerð um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði. Reglugerð nr. 313/1991, með síðari breytingum, hefur ekki verið felld úr gildi þrátt fyrir að vera með öllu úrelt vegna breytinga á starfsumhverfi búvöruframleiðslu með nýrri löggjöf. Tekin hefur verið ákvörðun um að fella reglugerðina úr gildi.	Lokið
24. Verðmiðlunargjald af mjólk. Endurskoðun V. kafla laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og brottfall reglugerðar nr. 123/1994. Lagafrumvarp lagt fyrir Alþingi.	Lokið

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Gæðastjórnun. Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum misserum unnið að leiðum til að einfalda stjórnsýsluna og gera hana skilvirkari. Innleidd hefur verið gæðastjórnun samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli. Kjarni gæðastjórnunar er að vinna út frá þjónustu sem byggir á ferlum. Í janúar 2006 hófst innleiðing gæðastjórnunar í ráðuneytinu. Unnið er að því að skilgreina gæðastefnu og gæðamarkmið ráðuneytisins. Árið 2007 var gæðahandbók ráðuneytisins skipulögð og unnar fimm verklagsreglur sem ganga þvert á ráðuneytið. Voru þær, ásamt gæðastefnu og gæðamarkmiðum, gefnar út 12. júní 2007 þegar gæðahandbókin var formlega tekin í notkun. Auk þeirra hafa verið gefin út 7 stefnuskjöl, 8 vinnulýsingar og 20 leiðbeiningar. Gæðastefnan er aðgengileg á ytri vef ráðuneytisins. Unnið er að frekari ferlum sem ganga þvert á ráðuneytið og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki í árslok 2008 og þá tekur við innleiðing ferla sem snúa að hverri skrifstofu/sviði fyrir sig.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>2. Rafræn stjórnsýsla. Markmiðið að auðvelda viðskiptavinum ráðuneytisins að sækja þjónustu rafrænt og fá viðbrögð á rafrænu formi. Þróun umsóknavefs fyrir rafræn/gagnvirk eyðublöð heldur áfram í ráðuneytinu, svo og tilraunir með notkun hópvinnusvæðis fyrir sjóðsstjórnir og úthlutunarnefndir vegna mats á umsóknum. Eru nú þegar 8 eyðublöð fyrir sjóði og viðurkenningu fræðasviða háskóla orðin gagnvirk og hafa borist tæplega 600 rafrænar umsóknir. Stefnt að því að gera fleiri eyðublöð gagnvirk í árslok 2008.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>3. Yfirferð yfir reglur og reglugerðir. Gera stjórnvaldsfyrirmæli á sviði skólamála aðgengilegri og skýrari fyrir borgana og þá sem vinna að skólamálum. Við endurskoðun leikskólalaga, grunnskólalaga, framhaldsskólalaga verði reglur og reglugerðir endurskoðaðar í ljósi reynslunnar og hvernig megi sem best ganga úr skugga um að fyrirmæli samkvæmt þeim séu ekki of íþyngjandi fyrir borgarana. Vinnuhópar í ráðuneytinu hafa farið yfir allar reglugerðir sem fylgja frumvörpum um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun kennara og er gert ráð fyrir að tímaáætlun verði fylgt í þeirri vinnu þannig að tillögur um einföldun á regluverki liggi fyrir þann 1. júlí 2008.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>4. Aðgangur almennings að úrskurðum, álitum og öðru efni. Á vefsvæði ráðuneytisins verði unnt að nálgast með aðgengilegum hætti úrskurði og álit og unnar leiðbeiningar þar sem það á við. Komið verði á fót sérstökum upplýsingavef um höfundarétt þar sem finna má á notendavænu máli algengar spurningar og svör um höfundarétt. Stöðumat sem gert var ráð fyrir að lægi fyrir 1. júní 2008 hefur ekki farið fram. Innan ráðuneytisins hefur farið fram ákveðin vinna og undirbúningur og er stefnt að því að stöðumat verði tilbúið fyrir 1. október 2008.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>5. Tímafrestir í afgreiðslum ráðuneytisins – Verklag við meðferð erinda. Styttu afgreiðslutíma erinda. Menntamálaráðuneytið hefur sett sér málshraða eftir</p>	<p>Lokið</p>

<p>eðli erinda. Málshraðareglur voru gefnar út 12. júní 2007 og eru birtar í gæðahandbók ráðuneytisins og á ytri vef.</p>	
<p>6. Aðgengi almennings að upplýsingum um lög og reglur. Farið verði yfir upplýsingar á vef menntamálaráðuneytisins um gildandi lög og reglur með það fyrir augum að þær séu sem réttastar, aukið verði við þýðingar á lögum og reglum. Stuðla að aukinni vitund almennings um gildandi lög og reglur á málefnasviði ráðuneytisins. Gagnagrunnur um gildandi réttarheimildir í málaflokkum ráðuneytisins er aðgengilegur á vef ráðuneytisins. Stefnt er að því að bæta aðgengi að honum 2009.</p>	<p>Í vinnslu</p>

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. Einföldun í stjórnáslu byggingarmála. Endurskoðun byggingarhluta skipulags- og byggingarlaga. Lagt fram nýtt frumvarp til laga um mannvirki. Gerð hefur verið úttekt á áhrifum löggjafarinnar, sbr. skýrsla Sigurðar Helgasonar um mat á áhrifum mannvirkjalaga frá 20. febrúar 2002. Frumvarp til laga um mannvirki var lagt fram á Alþingi í febrúar 2008. Er nú til meðferðar í umhverfisnefnd Alþingis og verður tekið fyrir að nýju eftir þinghlé í september 2008.</p>	<p>Lokið</p>
<p>2. Einföldun í stjórnáslu skipulagsmála. Endurskoðun skipulagshluta skipulags- og byggingarlaga. Lagt fram nýtt frumvarp til skipulagslaga. Frumvarp til skipulagslaga var lagt fram á Alþingi í febrúar 2008. Er nú til meðferðar í umhverfisnefnd Alþingis og verður tekið fyrir að nýju eftir þinghlé í september 2008.</p>	<p>Lokið</p>
<p>3. Einföldun stjórnáslu á sviði hollustuháttamála. Endurskoða auglýsingu um uppbyggingu gjaldskráa heilbrigðiseftirlitssvæða, (nr. 254/1999). Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga vinni sameiginlega að samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir þessa starfsemi. Endurskoðuð verði ýmis atriði í reglugerð um hollustuhætti um útgáfu og framfylgd starfsleyfa. Farið verði yfir hvort starfsemi sem fellur undir reglugerð um hollustuhætti eigi að vera tilkynningarskyld en ekki starfsleyfisskyld. Skoðað verði með hvaða hætti hægt sé að hvetja fyrirtæki til að koma á innra eftirliti. Vinna við endurskoðun auglýsingar er á lokastigi. Þegar þeirri vinnu verður lokið verður hafist handa við að endurskoða reglugerð um hollustuhætti í starfshópi sem hefur verið skipaður og er unnið að undirbúningi þess máls. Áætlað er að endurskoðun reglugerðarinnar ljúki síðar á þessu ári.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>4. Einföldun eftirlits vegna efna og efnavara. Gera úttekt á núverandi eftirlitskerfi og í kjölfarið gera tillögu að endurskoðaðri heildarlöggjöf um efni og efnavörur. Ráðuneytið hefur fengið sérfræðing til að vinna að úttekt á fyrirkomulagi eftirlits með efnum og efnavörum hér á landi og til að gera tillögur um úrbætur í því skyni að einfalda það og efla. Gert er ráð fyrir að byggt verði á þeim tillögum við endurskoðun heildarlöggjafar um efni og efnavörur.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>5. Verklag við meðferð erinda til ráðuneytisins. Settar verði verklagsreglur innan ráðuneytisins um skráningu, meðferð og eftirfylgni erinda sem berast og að þær verði birtar á heimasíðu ráðuneytisins. Unnið er að framangreindum verklagsreglum og er gert er ráð fyrir að þær liggi fyrir í ágúst 2008.</p>	<p>Í vinnslu</p>

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1. EES þýðingar. Þýðendum verði fjölgað og athuguð verði fjölgun fjarvinnslustarfsmanna. Starfsstöð þýðingamiðstöðvar hefur opnað á Akureyri með 6 þýðendum. Fyrir ríkisstjórn liggur tillaga um opnun starfsstöðvar á Ísafirði og 3 fjarvinnslustörf. Grynnað hefur á uppsöfnuðum halla með tilkomu starfsstöðvar á Akureyri en uppgjör á stöðu verkefna liggur ekki fyrir að svo stöddu.</p>	<p>Lokið</p>
<p>2. Aðgengi að upplýsingum um milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Setja upp leitanlegan gagngrunn á netinu þar sem leita má að samningum eftir efnisflokkum, löndum og ártölum. Skrifstofa þjóðréttarfræðings vinnur nú í sumar að birtingu samninga í C-deild Stjórnartíðinda og uppfærslu samningaskrár. Í framhaldi af því er tímabært að skoða tengingu milli samningaskrár og C-deildarinnar. Tekið skal fram að ekki var haft samráð við skrifstofu þjóðréttarfræðings um umrætt verkefni fyrr en nú við stöðumat.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>3. Bæta aðgengi háskólasamfélagsins að starfsfólki, gögnum og þjónustu Utanríkisráðuneytisins. Bæta aðgengi háskólasamfélagsins að starfsfólki, gögnum og þjónustu Utanríkisráðuneytisins. Starfsnemaverkefni þar sem háskólanemum eru boðin störf við Utanríkisþjónustuna tímabundið - Á ári: 8 x almennir starfsmenn á sendiskrifstofum, 4 x HÍ starfsmenn í UTN, 2 x HR starfsmenn í UTN og 1 x á sendiskrifstofu, 3 x starfsmenn frá HA. Skilgreina sérstakan tengilið innan ráðuneytisins við háskólasamfélagið. Einn starfsmaður situr í stjórn alþjóðamálastofnunar HÍ. Starfsfólk Utanríkisráðuneytisins komi að kennslu í háskólum landsins. Ráðuneytið heimilar og hvert starfsmenn til að sinna kennslu með störfum í UTN, nú sinna nokkrir starfsmenn kennslu í háskólum landsins. Ráðuneytið beitir sér fyrir upplýstri umræðu um utanríkismál í fræðasamfélaginu og að ráðuneytið kynni almenningi í landinu störf og þjónustu ráðuneytisins. UTN hefur staðið fyrir fundarröð í háskólum landsins um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, unnið samhliða framboði til öryggisráðs Sp. Bæta aðgengi háskólasamfélagsins og almennings að gögnum og bókakosti ráðuneytisins. Samningar náðust ekki við Háskólabókafn um vistun bókakosts ráðuneytisins þar.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>4. Árangursskráningarbrunnur á netið (starfsáætlanir). Að innleiða frekar árangursstjórnun í Utanríkisþjónustunni og kynna starfsemi þjónustunnar fyrir almenningi. Árangursstjórnun í gangi, unnið að endurbótum samhliða gerð ítarlegrar stefnumótunar í utanríkismálum.</p>	<p>Í vinnslu</p>
<p>5. Vegabréf - auðvelda aðgengi almennings vegna endurnýjunar ferðaskilríkja.</p>	

<p>6. Vegabréfsáritanir í Peking - að hefja útgáfu vegabréfsáritana í íslenskum sendiráðum. Útgáfa áritana í Peking hófst 15. júní 2007 í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá því í mars s.á. Einn útsendur starfsmaður DKM var sendur til Peking og undirbjó hann og kom upp aðstöðunni ásamt því að hafa umsjón með útgáfu áritana. Litið er á útgáfu áritana í Peking sem tilraunaverkefni sem standa eigi í tvö og hálf ár, þ.e. til loka árs 2009. Að þeim tíma loknum verður mat lagt á það hvort og þá hvernig halda skuli verkefninu áfram. Verkefnið hefur hingað til gengið vel og er ráðuneytinu ekki kunnugt um að meiriháttar vandkvæði hafi komið upp frá því það hófst.</p>	<p>Lokið</p>
<p>7. Borgaraþjónusta - Skráningarkerfi vegna ferðalaga erlendis og áætlun um viðbrögð við hættuástandi erlendis. Að auka öryggi íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis og bæta viðbrögð þegar vá steðjar að. Skráningarkerfi vegna ferðalaga Íslendinga erlendis er tilbúið og hefur verið úthlutað vefslóðinni http://www.utanrikisraduneyti.is/ferdamenn/skraning. Tæknilega séð er kerfið tilbúið en verið er að útfæra það þannig að unnt sé að tryggja persónuvernd þeirra sem skrá sig. Notkunarskilmálar kerfisins ásamt innri verkferlum hafa verið sendir Persónuvernd sem aðstoðar ráðuneytið við útfærslu regluverks kerfisins. Drög að áætlun um viðbrögð við hættuástandi erlendis eru tilbúin. Borgaraþjónustan vinnur nú að yfirlestri hennar og nánari útfærslu.</p>	<p>Lokið</p>
<p>8. IP-símkerfi. Uppsetning IP símkerfis á öllum sendiskrifstofum þannig að hægt sé að hringja innanbæjarsímtal til allra sendiskrifstofa erlendis. Kanna þarf lagalegan grundvöll þess að almenningur geti hringt í gegnum ráðuneytið í sendiskrifstofur erlendis. Ekki er víst að við megum gefa almenningi upp bein íslensk símanúmer starfsmanna erlendis. Kanna þarf hvort ráðuneytið þurfi leyfi líkt og fjarskiptafyrirtæki hafa. Þrátt fyrir þessa lagalegu óvissu er unnið hörðum höndum að því að setja upp IP símkerfi á öllum sendiskrifstofum. Margar sendiskrifstofur eru eingöngu með IP símkerfi, en þó nokkrar eru með tvöfalt símkerfi, þ.e. hefðbundið símkerfi og IP símkerfi og þ.a.l. tvö símtæki á vinnustöð. Eftirtaldar sendiskrifstofur eru aðeins með IP símkerfi: Brussel, Genf, Kaupmannahöfn, London, Moskva, New York, Osló, París, Stokkhólmur, Washington, Sri Lanka, Róm, New Dehli, Pretoria, Nigaraqua og Færeyjar. Eftirtaldar sendiskrifstofur eru með tvöfalt símkerfi: Berlín, FN Brussel, Peking, Winnipeg, Ottawa, Tokyo, Maputo, Namibia, Uganda og Malaví. Ekkert IP símkerfi er í Helsinki, Strassbourg eða Vín. Mögulegt er að klára þær skrifstofur sem eftir eru á þessu ári ef ákvörðun verður tekin um það.</p>	<p>Í vinnslu</p>

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Verkefni

<p>1.1. Að einfalda umsóknarferli um undanþágur frá lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og koma í veg fyrir að umsækjendur þurfi að senda sömu gögn til viðskiptaráðuneytisins og hlutafélagaskrár. Árslok 2008.</p>	
<p>1.2. Endurskoðun á viðurlagaákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp ef þurfa þykir fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.</p>	
<p>2.1. Að einfalda samkeppnislögin þannig að ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði í sérstökum lagabálki. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.</p>	
<p>2.2. Tilkynningaskylda vegna samruna fyrirtækja skv 17. gr. samkeppnislaga. Létta á byrði fyrirtækja til tilkynninga, án þess að varpa fyrir róða því markmiði sem ákvæðið miðar að. Lög um breytingu á 17. gr. samkeppnislaga voru samþykkt á Alþingi í lok maí 2008.</p>	Lokið
<p>3.1. Skýra refsheimildir laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, sbr. L. nr. 30/2002 og lög um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.</p>	
<p>3.2. Að fara yfir lög og reglur á verksviði ráðuneytisins og gera nauðsynlegar breytingar til að ekki séu í lögum ákvæði er hamla notkun rafrænna miðla við samskipti og vinnslu verkefna í stjórnsýslu. Árslok 2008.</p>	
<p>4.1. Færa 37. gr. samningalaga í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.</p>	
<p>4.2. Samræma kærufrest í 4. mgr. 1. gr. laga um verslunaratvinnu við almennan kærufrest í stjórnsýslulögum. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.</p>	
<p>4.3. Kveða á um eftirlit hins opinbera með lögum um verslunaratvinnu. Að skýra afleiðingar brota gegn lögnum. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009.</p>	
<p>4.4. Fara yfir hvort unnt sé að létta á skilyrðum um skráningu og upplýsingaskyldu í 4. gr. laga um verslunaratvinnu. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2009</p>	
<p>4.5. Breytingar á reglugerðum nr. 44/2003 og 46/2003, settar eru með stoð í lögum um verslunaratvinnu, í þá átt að ákvæði reglugerðanna séu nánari reglur</p>	

um framkvæmd laganna, en ekki endurtekning á efni þeirra. Stefnt er að því að birta reglugerðabreytingar fyrir 1. nóvember 2008.	
4.6. Samræming ákvæða um próf til að öðlast ákveðin starfsréttindi, fyrirkomulag þeirra, prófnefndir, gjöld o.fl. og að ákvæði um gjaldtöku samræmist kröfum stjórnskipunarréttar um skatta og þjónustugjöld. Yfirferð yfir öll ákvæði laga og reglugerða um próf til að öðlast ákveðin starfsréttindi og samræming þeirra. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008 og vinna í kjölfarið í reglugerðabreytingum.	Ólokið
4.7. Samræming á hugtakanotkun og nánari skilgreining á gildissviði laganna um þjónustukaup, þannig að lög á sviði kauparéttar nái yfir sem flest tilvik kaupa. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2008.	
4.8. Heildarendurskoðun á ákvæðum laga um fyrningu. Heildarendurskoðun fyrningalaga hefur farið fram. Ný fyrningalög tóku gildi 1. janúar 2008.	Lokið
5.1. Að fara heildstætt yfir lagaumhverfi sparisjóðanna og gera tillögur til breytinga eftir atvikum, einkum á ákvæðum VIII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Að einfalda ákvæði laga og reglna um sparisjóði og auðvelda yfirsýn yfir reglurnar. Viðskiptaráðherra skipaði nefnd í lok ágústmánaðar 2007 til að endurskoða lagaumhverfi sparisjóðanna og er gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.	Í vinnslu
5.2. Að safna saman í sérstakan kafla dreifðum ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er varða fjármálasamsteypur. Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.	
5.3. Sameining reglugerða um heimildir erlendra lánastofnana til að starfa hér á landi. Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.	
5.4. Endurskoðun laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með tilliti til athugasemda í skýrslu vegna úttektar FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi frá 2006. Breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka voru samþykkt á Alþingi í lok maí 2008.	Lokið
5.5. Samræma ákvæði laga um váttryggingastarfsemi er snúa að veitingu starfsleyfis ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Gert ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið fyrir árslok 2008.	
5.6. Lögfesta ákvæði sem nú er að finna í reglugerð og snúa að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðum, líkt og við á um eftirlit með fjármálasamsteypum. Árslok 2008.	
5.7. Endurútgáfa á reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélags. Mitt ár 2008.	Ólokið

5.8. Heildarendurskoðun ákvæða laga og reglna um viðlagatryggingu. Frumvarp tilbúið fyrir haustþing 2008.	Í vinnslu
5.9. Brottfelling úreltra laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl. Endurskoðun lokið fyrir mitt ár 2008.	Ólokið
5.10. Endurútgáfa reglugerðar nr. 267/1993, um notkun erlendra ökutækja. Árslok 2008.	
5.11. Að gera gagnaskil eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins rafræn í sem mestum mæli. Rafræn gagnaskil hafa verið tekin í notkun.	Lokið
5.12. Einföldun umsóknarferils vegna starfsleyfa fjármálaafyrirtækja og váttryggingamiðlara og tilkynninga um veitingu á þjónustu yfir landamæri, stofnsetningu útibúa og kaupum á virkum eignarhlutum í erlendum fjármálaafyrirtækjum og váttryggingafélögum. Gert ráð fyrir að rafvæðing verði komin á fyrir árslok 2008.	
5.13. Uppsetning upplýsingatæknikerfis um verðbréfaviðskipti til að gera Fjármálaeftirlitinu mögulegt að eiga samskipti við eftirlitsaðila í aðildarríkjum EES-samningsins. Gert ráð fyrir að rafvæðing verði komin á fyrir árslok 2007.	Ólokið
5.14. Heildarendurskoðun á gildandi lögum og reglum um gjaldeyrismál. Í þeim er t.d. nokkuð um óþarfa tvítekningar, svo og tilvísanir til brottfallinna laga og reglna. Til hagræðingar kann að vera æskilegt að sameina reglur á þessu sviði í einn lagabálk og eina reglugerð. Við endurskoðun laganna verður haft samráð við Seðlabanka Íslands. Árslok 2008.	
5.15. Endurskoðun löggjafar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri m.t.t. breytinga í ytra og innra umhverfi nútíma viðskiptahátta og viðskiptaumhverfis, svo og þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins. Árslok 2008.	
6.1. Að sameina ákvæði reglna um verðmerkingar og verðupplýsingar sem nú eru í fimm reglum í einar almennar reglur. Endurskoðun á reglum um verðmerkingar. Verkefninu var lokið vorið 2008. Nýjar reglur Neytendastofu um verðmerkingar hafa tekið gildi.	Lokið
6.2. Endurskoða þarf reglugerð um vörur unnar úr eðalmálmum í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum. Stefnt er að því að breyta reglugerðinni fyrir árslok 2007.	Ólokið
6.3. Niðurfelling reglna á sviði mælifræði. Stefnt er að því að ljúka breytingum fyrir árslok 2007.	Ólokið
6.4. Að einfalda reglur á sviði mælifræði. Að fella úr gildi eldri tæknilegar reglur og setja nýjar og einfaldari og einsleitari reglur í þeirra stað. Stefnt er að því að ljúka breytingum fyrir árslok 2007.	Ólokið
6.5. Að fella brott allar tæknilegar reglugerðir er varða rafmagnsöryggismál og í þess stað vísa um slíkar reglur að mestu leyti til evrópskra staðla á rafmagnsöryggissviði.	Ólokið
6.6. Endurskoðun ákvæða um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Að uppfæra gjaldtökuákvæði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á umhverfi raforkumála eftir gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003. Einnig að færa til betri vegar ákvæði um löggildingu rafverktaka í samræmi við ábendingar umboðsmanns Alþingis. Stefnt er að því að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi fyrir árslok 2007.	Ólokið
6.7. Að einfalda vinnu aðila er vinna að rafmagnsöryggismálum, s.s. löggiltra	Ólokið

rafverktaka, rafveitna og skoðunarstofa. Stefnt er að því að taka gáttina í notkun fyrir árslok 2007.	
7.1. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Aðgerðir til að fyrirbyggja að skráð sé fyrirtækjaheiti sem er skráð vörumerki. Stefnt að því að setja saman nefnd með fulltrúm frá iðnaðarráðuneyti (Einkaleyfastofa), fjármálaráðuneyti (Ríkisskattstjóri), dómsmálaráðuneyti (sýslumenn) og viðskiptaráðuneyti til þess að fara yfir verkferla og ákvæði laga um vörumerki nr. 46/2001 og önnur lög er varða skráningu fyrirtækja og firma.	Í vinnslu
7.2. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Reglur um umsóknir leyfa. Að sameina ákvæði auglýsingar og reglugerðar um umsóknir einkaleyfa í eina reglugerð. Ný reglugerð gefin út vorið 2008.	Í vinnslu
7.3. Aðgengi upplýsinga um einkaleyfaumsóknir og einkaleyfi. Innleiða tölvukerfi frá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) þar sem að núverandi einkaleyfaskrá er í gömlu og úreltu tölvuforriti sem er ófáanlegt. Markmiðið er að skanna inn öll skjöl er varða einkaleyfi og einkaleyfaumsóknir og tengja esp@cenet grunninum. Áætlað er að verkefninu ljúki í september 2009.	Í vinnslu
7.4. Vörulistar í íslenskri þýðingu á vefsíðu Einkaleyfastofu. Í umsókn um skráningu vörumerkis þarf að tilgreina nákvæmlega fyrir hvaða vöru/þjónustu merki óskast skráð. Umræddar vörur/þjónusta eru flokkaðar í samræmi við alþjóðlegt flokkunarkerfi, samkvæmt s.k. Nice samningi, sem Ísland er aðili að. Áformað er að bjóða umsækjendum uppá fjölbreyttari en jafnframt einfaldari kost við flokkun vöru/þjónustu þannig að umsækjendur eigi í flestum tilvikum að geta staðsett sína vöru/þjónustu í samræmi þá íslensku þýðingu á vörulistum sem Einkaleyfastofan gefur kost á.	Í vinnslu
7.5. Kröfur til umboða við innlagningu umsókna. Lagaákvæði kveða á um að umsækjendur sem ekki búa héraðis skuli hafa umboðsmann búsettan á EES svæðinu. Milli 85-90% umsókna eru frá erlendum aðilum. Stefnt er að því að taka gild „stöðumboð“ frá umboðsmönnum sem starfað hafa sem slíkir í nokkurn tíma, að vissum skilyrðum uppfylltum, m.a. að viðkomandi umboðsmaður hafi starfsábyrgðartryggingu. Lokið fyrir árslok 2007.	Í vinnslu
7.6. Lög á sviði Einkaleyfastofu. Einfalda og flýta afgreiðslu og meðferð og bæta þjónustu við viðskiptavini. Stærsti hluti viðskiptavina stofnunarinnar eru umboðsmenn. Oft greiða þeir háar upphæðir fyrir margar umsóknir, endurnýjanir o.fl. Margir þurfa að fá sérstaka kvittun fyrir hverri greiðslu sem tefur afgreiðslu. Heimila stofnun viðskiptamannareikninga þannig að við afgreiðslu hjá Einkaleyfastofu væri millifært af þeim reikningum og síðan væri nægur tími til að gefa út kvittanir fyrir greiðslunum. Stefnt að breytingum árið 2008.	Í vinnslu
7.7. Rafrænar umsóknir. Í dag eru eyðublöð á vefsíðu Einkaleyfastofu sem hægt er að fylla út og prenta. Ekki er hægt að senda umsóknir með rafrænum hætti en stefnt er að því að það verði mögulegt.	Í vinnslu
7.8. Greiðsla gjalda með greiðslukortum. Heimila að greiðsla árgjalda/endurnýjana verði gerð með greiðslukortum beint á heimasíðu stofnunarinnar. Hanna þyrfti hugbúnað sem gæfi einungis möguleika á að greiða nákvæmlega rétta upphæð. Aðlaga reglur er varða fjárreiður og reikningsskil ríkisins. Athuga skýrara orðalag í ákvæðum um umboðsmannaskyldu í vörumerkjalögum	Í vinnslu

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Nr	Verkefni	Staða
1	Að koma á skýrri verkaskiptingu milli Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Af nágildandi lögum verður ekki skýrlega ráðið hvað ræður skiptingu verkefna á milli Umferðarstofu og Vegagerðinnar og skarast stjórnisýsluverkefni stofnananna að nokkru leyti. Sett hafa verið ný vegalög, nr. 80/2007. Þau kveða skýrar en áður um hlutverk Vegagerðarinnar, þ.á.m. um þátt stofnunarinnar við að stuðla að umferðaröryggi. Ekki var gerð sérstök breyting á verkaskiptingu Umferðarstofu og Vegagerðar. Ríkisendurskoðun hefur verið að vinna að stjórnisýsluúttekt á Vegagerðinni og Siglingastofnun Íslands. Þess er vænst að hún geri tillögur um fyrirkomulag verkaskiptingar þeirra stofnana með hliðsjón af öllum verkefnum stofnana á sviði samgöngumála. Skýrslan er væntanleg sumarið 2008.	Í vinnslu
2	Niðurfelling takmarkana á fjölda leigubifreiða í þéttbýli.	Hætt við
3	Heildarendurskoðun Umferðarlaga. Umferðarlög nr. 50/1987, með síðari breytingum, eru víðfeðm, ítarleg og ekki nægilega aðgengileg borgurunum og bera þess merki að þeim hafi verið breytt mjög oft. Skipaður hefur verið starfshópur til að semja frumvarp að nýjum umferðarlögum og hóf hann störf í ársbyrjun 2008. Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn ljúki störfum í ársbyrjun 2009 og að frumvarp verði lagt fram á vorþingi 2009.	Í vinnslu
4	Breytingar á lögum nr. 64/2000 og rg. nr. 398/2000 um bílaleigur auk rg. 572/1995 um prófun á ökuritum. Gerðar verði breytingar í þá veru að færa veitingu starfsleyfis til lögreglustjóra annars vegar og Umferðarstofu hins vegar. Ákvarðanir þeirra væru svo kærarlegar til samgönguráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Breytingar á lögum nr. 64/2000 tóku gildi í maí 2006 og reglugerð nr. 398/2000 var felld brott með reglugerð nr. 790/2006. Starfsleyfi er nú í höndum Vegagerðarinnar í stað samgönguráðuneytis. Verið er að endurskoða reglugerð nr. 572/1995 um prófun ökurita og áætlað að þeirri vinnu verði lokið í ársbyrjun 2009.	Lokið að hluta
5	Breytingar á 26. gr. reglugerðar nr. 572/1995 um prófun á ökuritum og 32. gr. reglugerðar nr. 378/1998 um skoðun ökutækja í þá veru að mæla fyrir um beina kærheimild til samgönguráðuneytisins, sbr. meginreglu 1. mgr. 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Er markmiðið að einfalda stjórnisýsluna og gera hana skilvirkari. Unnið er að endurskoðun á reglugerð nr. 572/1995 um prófun ökurita, m.a. til að einfalda kæruleiðina. Þá er unnið að heildarendurskoðun á reglugerð nr. 378/1998 um skoðun ökutækja. Tímaáætlun: Nýjar og endurskoðaðar reglugerðir taki gildi 1. janúar 2009.	Í vinnslu
6	Uppfærsla reglugerða á sviði umferðarmála í þá veru að vísa til samgönguráðherra í stað dómsmálaráðherra, eftir því sem við á. Þessar	Í vinnslu

	breytingar á reglugerðum hafa verið gerðar eftir því sem reglugerðum á þessu sviði hefur verið breytt vegna annarra atriða. Búið er að greina umfang þess sem eftir er og eru alls 12 reglugerðir sem á eftir að breyta og verður leitast við að hraða verkefninu.	
7	Að gera skilin milli vinnuvéla og ökutækja skýrari. Að teknu tilliti til framangreindra atriða er lagt til að óskað verði eftir viðræðum við félagsmálaráðuneytið og Vinnueftirlit ríkisins um málið. Verði þá kannað hvort ástæða og vilji sé til að láta sambærilegar reglur gilda um vinnuvélar og ökutæki. Þetta verkefni verður samstarfsverkefni samgönguráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis og tengist jafnframt verkefni er lýtur að skoðun á ökutækjum. Samgönguráðuneytið hefur lagt til að skipaður verði starfshópur til að útfæra þessar tillögur frekar.	Í bið
8	Miðlæg útgáfa atvinnuskírteina. Færa útgáfu allra atvinnuskírteina á einn stað og einfalda þannig stjórnýsluna ásamt því að minnka skriffinnsku. Siglingastofnun gefur nú alfarið út atvinnuskírteini sbr. lög nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa og nýsamþykkt lög frá 21. maí 2008 um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001.	Lokið
9	Miðlægar og rafrænar lögskráningar sjómanna. Heildarendurskoðun á lögum nr. 43/1987 og rg. 880/2001 um lögskráningu sjómanna. Að stuðla að samræmi í stjórnýslufráttum, að gera rafræna lögskráningu mögulega og einfalda með því stjórnýslu og minnka skriffinnsku. skráningaraðilum verði gert kleift að skrá með rafrænum hætti. Heildarendurskoðun laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna og reglugerð nr. 880/2001 um lögskráningu sjómanna fer fram veturinn 2007-2008. Gert er ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram á haustþingi 2008. Lögskráningar fara þegar fram með rafrænum hætti.	Í vinnslu
10	Kanna hagkvæmni þess að setja upp gagnagrunn, „Sjónet“, þar sem haldið er utan um lögskráningar og atvinnuréttindi skipverja. Tekið hefur verið í notkun rafrænt lögskráningarkerfi þar sem upplýsingar um atvinnuréttindi sjómanna og lögskráningar eru m.a. vistaðar auk sjóferðarbókar o.s.frv.	Lokið
11	Niðurlagning málskotsnefnda. Í 13. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa er mælt fyrir um úrskurðarnefnd siglingamála, sem úrskurðar um ákvarðanir Siglingastofnunar samkvæmt lögnum. Í 24. og 25. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum er mælt fyrir um svonefnda farþegaskipsnefnd, sem skal úrskurða um gildi farþegaskipa sem lögð eru á samkvæmt lögnum. Upplýst er að umræddar nefndir hafa fengið fá ef nokkur mál til úrlausnar og þær eru því í reynd óþarfar. Á haustþingi 2006 var lagt fram frumvarp til laga um niðurlagningu þessara tveggja úrskurðarnefnda á sviði siglingamála. Það náði ekki fram að ganga. Frumvarp þessa efnis verður lagt fram að nýju á haustþingi 2008.	Í vinnslu

12	<p>Leyfi farþegaflutninga í atvinnuskyni. Niðurfelling á 5. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Í ákvæðinu segir segir að farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lögin gilda um séu háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skuli slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt sé ákvæðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gildi um skip í farþegaflutningum. Sé ráðherra heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt málsgreininni, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins. Af orðalagi ákvæðisins verður ekki ráðið að þörf sé á sérstöku leyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni, enda áskilur ákvæðið einfaldlega að öllum lagakröfum sé fullnægt, svo sem gildir um önnur skip.</p> <p>Ákveðið hefur verið að útfæra tillögur starfshópsins nánar. Vinna hefst við það haustið 2008 þegar heildarendurskoðun laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum hefst.</p>	Í vinnslu
13	<p>Heildarendurskoðun á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa, með síðari breytingum. Í undirbúningi er samning lagafrumvarps m.t.t. þessara ábendinga og fleiri atriða. Í skoðun er að steypa saman lögum um skráningu skipa og um eftirlit með skipum. Heildarendurskoðun þessa tveggja lagabálka eru á frumstigi og stefnt að því að frumvörp verði lögð fyrir Alþingi vorið 2009.</p>	Í vinnslu
14	<p>Breytingar á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa og þinglýsingarlögum nr. 39/1987 til að heimila gagnvirt upplýsingastreymi milli skipaskrár og þinglýsingarbókar. Miðað við núgildandi lög er hætta á ósamræmi á milli skipaskrár, sem Siglingastofnun heldur um, og þinglýsingarbókar, sem sýslumenn halda um. Getur slíkt valdið réttaróvissu og jafnvel leitt til tjóns fyrir aðila. Er markmiðið að girða fyrir hættu á ósamræmi á milli skipaskrár og þinglýsingarbókar. Með nýsamþykktum lögum (29. maí 2008) um breytingu á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa hefur markmiði þessu verið náð.</p>	Lokið
15	<p>Við heildarendurskoðun siglingalaga nr. 34/1985 verði bætt við ákvæði sem skyldar farsala til að halda lista yfir farþega á skipi. Þetta atriði verður tekið til skoðunar við heildarendurskoðun siglingalaga sem er hafin. Stefnt er að framlagningu á vorþingi 2009.</p>	Í vinnslu
16	<p>Við heildarendurskoðun á sjómannalögum nr. 35/1985 verði fellt úr gildi úrelt ákvæði til að greiða fyrir rafrænni stjórnsýslu og léttu reglubyrði. Tekið verður tillit til þessara atriða við heildarendurskoðun á sjómannalögum sem mun hefjast haustið 2008. Stefnt er að framlagningu haustið 2009.</p>	Í vinnslu
17	<p>Samræmi á milli loftfaraskrár og réttindaskrár. Miðað við núgildandi lög er hætta á ósamræmi á milli loftfaraskrár, sem Flugmálastjórn heldur um, og réttindaskrár, sem sýslumaðurinn í Reykjavík heldur um. Getur slíkt valdið réttaróvissu og jafnvel leitt til tjóns fyrir aðila. Er áformað að koma upp</p>	Lokið

	<p>sameiginlegum gagnagrunni með upplýsingum úr loftfaraskrá og réttindaskrá. Flugmálastjórn Íslands hefur þegar opnað fyrir aðgang Sýslumannsins í Reykjavík að loftfararskránni. Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur réttindaskrá Sýslumanns verið gerð rafræn og tengd við þinglýsingarskrá. Ekki reyndist nauðsynlegt að breyta ofantöldum lögum.</p>	
18	<p>Breyting á 11. gr. reglugerðar nr. 347/2004 um flugvelli til að tryggja að málsmeðferð við afgreiðslu umsóna sé í samræmi við stjórnsýslulög og vandaða stjórnsýsluhætti.</p>	Hætt við
19	<p>Umsóknir um leyfi til að halda flugsýningar. Breyting á 2. gr. rg. nr. 442/1976 um flugsýningar og flugkeppni til að gera umsækjenda kleift að sækja um leyfi á einum stað. Reglugerðin verður endurskoðuð haustið 2008. Stefnt er að gildistöku fyrrihluta ársins 2009.</p>	Í vinnslu
20	<p>Taka upp ákvæði í loftferðalögum sem sérstaklega heimilar setningu reglugerðar um flugskóla. Tekið verður tillit til þessara ábendinga við endurskoðun loftferðalaga sem nú stendur yfir. Vinna við endurskoðunina hefur tafist vegna anna og er stefnt að framlagningu frumvarps á vorþingi 2010.</p>	Í vinnslu